

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

9. HEFTI

RITSTJÓRAR

KRISTJÁN EIRÍKSSON

RAGNAR INGI AÐALSTEINSSON

RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR

ÞÓRÐUR HELGASON

REYKJAVÍK

2011

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFENDUR OG RITSTJÓRAR

Kristján Eiríksson

Drafnarstíg 2 – 101 Reykjavík

Sími: 551 0545. Netfang: kriseir@hi.is

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Fannafold 103 – 112 Reykjavík

Sími: 567 1887. Netfang: ria@hi.is

Rósa Þorsteinsdóttir

Bárugötu 37 – 101 Reykjavík

Sími: 562 7067. Netfang: rosat@hi.is

Þórður Helgason

Gladheimum 20 – 104 Reykjavík

Sími: 891 6133. Netfang: thhelga@hi.is

RITNEFND

Kristján Árnason, Margrét Eggertsdóttir,

Sveinn Yngvi Egilsson og Þórunn Sigurðardóttir

YFIRLESTUR EINSTAKRA GREINA

auk ritstjórnar Baldur Ragnarsson, Bragi Halldórsson,

Eysteinn Sigurðsson, Gunnar Skarphéðinsson, Hallgrímur Sæmundsson,

Kristján Árnason, Sveinn Yngvi Egilsson og Þórunn Sigurðardóttir

PRENTLÖGN

Pétur Yngvi Gunlaugsson

PRENTUN OG BÓKBAND

Litlaþrent

© *Höfundar*

MYND Á KÁPU

Steinn Kristjánsson

ISSN 1670-3723

Efni

Sónarljóð	4
Til lesenda	5
Höfundar efnis	6
Helgi Skúli Kjartansson: <i>Þríkvæð lokaorð dróttkvæðra braglína</i>	9
Kristín Jónsdóttir í Hlíð: <i>Ljóð I</i>	24
Ragnar Ingi Aðalsteinsson: <i>Fáein orð um raddglufulokun og stuðlun með sérhljóðum</i>	27
Kristín Jónsdóttir í Hlíð: <i>Ljóð II</i>	47
Haukur Þorgeirsson: <i>Álfar í gömlum kveðskap</i>	49
Kristbjörg Freydís Steingrimsdóttir: <i>Ljóð III</i>	62
Þórgunnur Snædal: <i>Nokkrar vísur úr rímahandritum</i>	67
Sigríður Jónsdóttir: <i>Ljóð IV</i>	73
Þórður Helgason: <i>Rímnámál</i>	75
Kristbjörg Freydís Steingrimsdóttir: <i>Ljóð V</i>	114
Ragnar Ingi Aðalsteinsson: <i>Örfá orð um rím</i>	119
Giuseppe Ungaretti: <i>Ljóð VI</i>	125
Salvatore Quasimodo: <i>Ljóð VII</i>	126
Kristján Eiríksson: <i>Þýðingar íslenskra ljóða á Esperanto</i>	129
Helgi Skúli Kjartansson: <i>Fjórliðir</i>	155
Leiðréttingar við 7. og 8. hefti Sónar	167

Sónarljóð

Ellin

eftir Sapphó

Kristján Árnason þýddi

Meyjar, þið sem unnið gyðjanna gjöfum
og gleðjið ykkur við strengjanna tæru hljóma,

sjáið hve ellin mitt viðkvæma hold hefur hrjáð
og hárið er snjóhvítt sem áður var tinnusvart.

Það fellur mér þungt, og fæturnir bera mig vart,
þótt áður í dansi ég léki sem léttfætt hind.

Það veldur mér stöðugt stunum, en hvað er til bragðs?
Því enginn maður fær flúið ellinnar farg.

Sagt er að rósprýdd Dögun, af eldheitri ást,
til útjaðars heimsins Tíþonos brott hafi numið,

fagran og ungan þá, en þó var hann hremmdur
af ellinni gráu, gyðjunnar rekkjunautur.

Til lesenda

Níunda hefti Sónar lítur nú dagsins ljós, raunar rísandi dags því við erum nokkuð seint á ferð. Efni þessa heftis er fjölbreytt að vanda. Skáld, innlend og erlend, fá nú aukið rými frá síðasta hefti. Sónarskáld að þessu sinni er Kristján Árnason með þýðingu á nýlega fundnu ljóði eftir grísku skáldkonuna Sappó. Auk Kristjáns birta þær Kristín Jónsdóttir í Hlíð, Kristbjörg Freydís Steingrímsdóttir og Sigríður Jónsdóttir frumsamin ljóð í heftinu. Kristín Jónsdóttir sendi frá sér ljóðabókina *Bréf til næturinnar* fyrir tveimur árum og var henni sérlega vel tekið og seldist grimmt. Kristbjörg Steingrímsdóttir er annar höfundur bókarinnar *Systraríms* sem kom út á síðasta ári. Hér birtast og þýðingar Guðbjörns Sigurmundssonar á ljóðum ítölsku skáldanna Giuseppe Ungaretti og Nóbelskáldsins Salvatore Quasimodo.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson, sem fyrir skömmu varði doktorsritgerð sína um bragfræðileg efni fyrstur manna á Íslandi, á hér tvær greinar sem tengjast stuðlum og rími. Helgi Skúli Kjartansson birtir einnig í heftinu tvær greinar um bragfræðileg efni sem ekki hafa fyrir verið reifuð. Haukur Þorgeirsson fjallar í sinni grein um álfa í fornum kveðskap og Þórgunnur Snædal kannar vísur í rúnahandritum. Þórður Helgason fjallar um átök sem urðu um rímur á 19. öld og Kristján Eiríksson gerir grein fyrir þýðingum íslenskra ljóða á Esperanto.

Sú breyting hefur nú orðið á ritstjórn Sónar að Ragnar Ingi Aðalsteinsson, sem lengi hefur setið í ritnefnd, er kominn í ritstjórn. Bætist þar við góður liðsmaður. Í stað hans gengu til liðs við Kristján Árnason í ritnefnd þau Margrét Eggertsdóttir, Þórunn Sigurðardóttir og Sveinn Yngvi Egilsson.

Ritstjórnin þakkar öllum sem lagt hafa okkur lið. Það er von okkar, sem í henni erum, að sem flestir finni hér eitthvað við sitt hæfi og njóti vel.

Fyrir hönd Sónarsinna,

Þórður Helgason

Höfundar efnis

Sónarljóð

Saþfó var forngrísk skáldkona, talin fædd á eyjunni Lesbos einhvern tíma á milli 630 og 612 f. Kr. og dáin um 570 f. Kr. Ljóð hennar eru einkar þýð og fjalla gjarnan um ást ljóðmælandans til kvenna.

Kristján Árnason (f. 1934) er skáld og þýðandi. Hann tók B.A.-próf í grísku og latínu frá Háskóla Íslands og stundaði nám í heimspeki og bókmenntum í Þýskalandi og Sviss. Hann var dósent við Háskóla Íslands.

Höfundar greina

Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949) er cand. mag. í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (f. 1944) er doktor í bragfræði frá Háskóla Íslands. Hann er aðjunkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Haukur Þorgeirsson (f. 1980) er doktorsnemi í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands.

Þórgunnur Snædal (f. 1948) er doktor í norrænum fræðum frá Uppsala-háskóla. Hún starfar sem rúnafræðingur við Riksantikvarieämbetet í Stokkhólmi.

Þórður Helgason (f. 1947) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er dósent í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Kristján Eiríksson (f. 1945) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann starfar á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Höfundar og þýðendur ljóða

Kristín Jónsdóttir (f. 1963) er bóndi í Hlíð í Lóni. Hún hefur lengi fengist við ljóðagerð. Bók hennar, *Bréf til næturinnar*, kom út árið 2009 og hefur verið endurprentuð margsinnis síðan.

Kristbjörg Freydís Steingrimsdóttir (f. 1931) er fædd í Nesi í Aðaldal. Hún er bóndi á Hrauni í sömu sveit.

Sigríður Jónsdóttir (f. 1964) er menntaður búfræðikennari. Hún er bóndi í Arnarholti og kennir við grunnskólann í Biskupstungum. Eftir Sigríði hafa komið út bækurnar *Einmar báru vatn* (2005) og *Kanill* (2011).

Giuseppe Ungaretti fæddist í Egyptalandi árið 1888 og lést í Mílanó 1970. Ítalir telja hann eitt af sínum merkustu ljóðskáldum á 20. öld. Ungaretti barðist á Ítalíu í fyrri heimsstyrjöldinni og mörg ljóða hans vísa til reynslu hans þar.

Salvatore Quasimodo (1901–1968) var fæddur á Sikiley og er eitthvert þekktasta ljóðskáld Ítala á 20. öld. Hann hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1959.

Guðbjörn Sigurmundsson (f. 1956) kennir íslensku og ítölsku við Menntaskólann í Kópavogi. Hann hefur auk þess fengist við þýðingar og ljóðagerð.

Helgi Skúli Kjartansson

Þríkvæð lokaorð drótt- kvæðra braglína

Bragfræði fornskáldanna er auðvitað þaulrannsakað efni, og þá ekki síst bragfræði hins dróttkvæða háttar.¹ Smámuni vantar þó á að fræðimenn skýri þar allt einum rómi eða að skýringar þeirra nái vandræðalaust yfir öll dæmi sem trúverðug mega þykja. Því má gera sér vonir um að smákönnun á atríðum, sem ekki ber hátt í aðalrannsóknunum, geti velt upp nokkru nýju, hvort sem það er ný víska eða vaði. Hér verður þess freistað að gera slíka athugun á þríkvæðum orðum sem standa í lok dróttkvæðrar línu, og þá einkum hugað að atkvæðalengd slíkra orða og hvornig hún tengist öðrum bragreglum um þá hluti, einkum svonefndu lögmáli Craighies.

Dróttkvæðri línu hentar ekki að skipta í bragliði, eins og gert er við bundinn kveðskap síðari alda, heldur er henni skipt í sex „stöður“ (bragstöður) sem hver um sig er að jafnaði skipuð einu atkvæði, stundum þó tveimur eftir vissum reglum.² Gerð línunnar er býsna breytileg en fjölbreyntin er langmest í fyrri hluta hennar. Hér verður einungis hirt um seinni stöðurnar þrjár, en þar koma færri afbrigði til greina, sérstaklega í þeim síðustu tveimur.

¹ Í þessari grein verður einkum stuðst við tvö yfirlit: Hans Kuhn, *Das Dróttkvætt*, Heidelberg (Carl Winter) 1983, og Kari Ellen Gade, *The Structure of Old Norse Dróttkvætt Poetry*, Ithaca (Cornell Univ. Press) 1995. Auk þess er tekið mið af nýjustu greiningu háttarins: Klaus Johan Myrvoll, *Samstofur seinar eða skjótar. Ein etterrøknad av trykk- og kvantitetstilhøve i skaldeversemalet dróttkvætt* (meistararitgerð frá Oslóarháskóla), Osló (Institutt for lingvistiske og nordiske studier, Universitetet i Oslo) 2009 (rafræn útgáfa: <http://www.duo.uio.no/publ/ILN/2009/92372/samstofur.pdf>). Þessara rita verður vísað til hér á eftir sem „Kuhn“, „Gade“ og „Myrvoll“. Þau eru að því leyti hengt til samanburðar að þar er reynt að sundurgreina sem flest afbrigði dróttkvæðra braglína, hvort sem smáatriðin í greiningu eru endilega réttari hjá þessum höfundum en öðrum.

² Hve langt verður gengið í því efni hef ég fjallað um í greininni „No royal road. The extremes of dróttkvætt lines in Snorri’s *Háttatal*“, *Versatility in Versification. Multidisciplinary Approaches to Metrics* (ritstj. T. K. Dewey og Frog – Berkeley Insights in Linguistics and Semiotics 74), New York (Peter Lang) 2009, bls. 247–257, þetta bls. 252–256.

Aftasta eða sjötta bragstaðan er aldrei skipuð nema einu atkvæði og það er ævinlega *ending*. Einkvætt orð kemur ekki til greina, hversu áherslulétt sem það kynni að vera, ekki heldur síðari liður af samsettu orði (eins og „landnám“),³ ekki einu sinni viðskeyti (eins og „virðing“).⁴ Nei, ending skal það vera, og skiptir þá ekki máli þó hún sé efstastigs- eða miðmyndarending (**alls græðari fæðask**⁵) sem lítur kannski út eins og langt atkvæði (með sínum tveimur samhljóðum, *-sk* eða *-sð*) en er það greinilega ekki.

Í fimmtu stöðu, þeirri næstsíðustu, er heldur aldrei meira en eitt atkvæði, en það er án undantekningar langt og ber vafalaust áherslu, enda algengt að það stuðli eða rími. Langoftast er þetta fyrra atkvæðið í tvíkvæðu orði (**fæðask** í nýnefndu dæmi).

Út frá þessu má svosem segja að dróttkvæð lína endi á réttum tvílið. Lætur jafnvel nærri að þeim braglið sé skeytt aftan við línu úr mjög reglubundnu fornyrðislagi, og þekkest sú hugmynd að einmitt þannig hafi dróttkvæði hátturinn orðið til í upphafi.⁶

Í fjórðu bragstöðu, næst á undan tvíliðnum (ef við köllum hann

³ Undantekning er línan: **annat vas þás Áleifr**, eignuð Sighvati skáldi og það (skv. upplýsingum af vef *Skaldic Poetry Project* – <http://skaldic.arts.usyd.edu.au>) í elstu heimildum, Ágripi og Helgisöggunni, en handrit þeirra beggja eru frá fyrri hluta 13. aldar. Þaðan er vísan tekin upp í samsteypusögur – nema Heimskringlu. Best get ég trúað að Snorri hunsí vísuna af því hann meti Sighvat of mikils til að trúa á hann þvílíku braglyti.

⁴ Frávik finnast frá þessu, t.d. í ljóðlínu sem eignuð er Gretti: **Björn lét brátt ok Gunnarr**, en kann að vera ort seint í sögu dróttkvæðanna.

⁵ Úr *Geisla* Einars Skúlasonar. Línan er, eins og allar aðrar sem hér eru tilfærðar sem dæmi, afrituð af vef dróttkvæðaútgáfunnar nýju, *Skaldic Poetry Project* <<http://skaldic.arts.usyd.edu.au/db.php>>, oftast án þess að tilgreina nánar í hvaða kveðskap þær eru sóttar; þær upplýsingar þarf lesandi að nálgast á fyrnefndum vef. Greinarmarkjum er sleppt, einnig upphafsstöfum málsgreina, enda fer setningaskipan hvort eð er forgörðum þegar stakar línur eru slitnar úr samhengi. Tekið er upp stafrétt nema hljóðvarpshljóð táknuð með nútímastafrófi (eitt ö, eitt æ, eitt á – til að finna línur á vefnum er hentugast að leita eftir orðum sem ekki hafa þessa stafi). Textasafnið á vefnum var upphaflega tekið úr samræmdri útgáfu Finns Jónssonar, *Skjaldedigtingen B*, en hefur smám saman verið samræmt nýju útgáfunni. Dæmi mín eru sótt á vefinn á ýmsum tímum frá hausti 2009 og veit ég ekki hver þeirra eru með rithætti Finns óendurskoðuðum.

⁶ Sjá yfirlit um upprunakenningar hjá Gade, bls. 7–12. Þau Kuhn, Gade og Myrvoll nota öll flokkun dróttkvæðra braglína sem upphaflega á við fornyrðislag. Þó segir Gade (bls. 7) að „the principle of syllable counting“ aðgreini dróttkvætt frá fornyrðislagi, sbr. svipaða túlkun hjá Kristjáni Árnasyni („On Kuhn’s laws and Craigie’s law in Old Icelandic poetry“, *Versatility in Versification*, bls. 39–59, þetta bls. 56) sem ber „the syllabic character of dróttkvætt“ saman við ólíkt eðli eddukvæðahátta. Í fornyrðislagi og skyldum háttum er atkvæðafjöldi að jafnaði miklu sveigjanlegri eða óreglu-

það), byrjar fjölbreytnin, þó háð heldur sérkennilegum skorðum. Til einföldunar held ég mig við þær línur einar sem hafa einkvætt orð í þessari stöðu og það annaðhvort nafnorð eða sögn. En það er almenn regla í forn-germönskum brag að sagnir eru að jafnaði áhersluveikari en nafnorð, t.d. takmarkað hvenær þær geta borið stuðla í fornyrðislagi og skyldum bragarháttum.⁷

Þessi greinarmunur orðflokka, svo framandlegur sem hann er út frá bragfræði síðari alda, kemur hér skýrt fram. Einkvæð sögn getur skipað fjórðu stöðuna án sérstakra takmarkana,⁸ og breytir engu um gerð línunnar að öðru leyti hvort sögnin er langt atkvæði (**þreklundaðr fell Pundar – vasa fýst es rannk rastir**) eða stutt (**Nóregs ok gef stórum – hrynvengis má engum**). Sögn í þessari stöðu getur hæglega borið stuðul (**rannk rastir**) en örsjaldan rím (**syni Áleifs biök snúðar**). Einhvern veginn er þetta eins og atkvæði á milli vita í bragarhættinum, hvorki fyllilega „þungt“ (ris) né „létt“ (hnig).⁹

Um nafnorð gegnir í þessari bragstöðu öðru máli. Það má alls ekki

legri en í dróttkvæðu. Sú sveigja er þó mismikil, bæði eftir bragarháttum og einstökum kvæðum, og er það einungis formfastasti kveðskapurinn undir fornyrðislagi og kvíðuhætti sem virðist lúta svipuðum lögum og dróttkvætt um að „bragstöður“ séu stranglega taldar þó að vissar reglur leyfi tvö atkvæði í einni „stöðu“, sjá t.d. Kuhn bls. 52–58, 67–72, einnig samanburð hjá Gade, bls. 60–61, 71–72, 226–234. Svo formfast fornyrðislag þarf ekki að vera eldra en dróttkvæður háttur; áhrifin gætu eins verið í hina áttina.

⁷ Og málið reyndar mun flóknara en svo, ekki aðeins vegna annarra orðflokka (Kuhn, bls. 113–116, 120–123) heldur er staða sagnorða misjöfn (Kuhn, bls. 116–120), veikust þegar þau eru í persónuhætti (þ.e. umsagnir í setningum) – og getur jafnvel verið munur á aðal- og aukasetningum eða tengdum setningum og ótengdum! En þar sem ég athuga hér eingöngu einkvæðar orðmyndir geta sagnir aðeins komið fyrir í persónuháttum. Þetta kerfi orðflokkaþinginnar áherslu er ekki einskorðað við bragfræði og það á sér svo djúpar rætur í indóevrópsku að það birtist í rithætti á elsta stigi sanskrítar (vedísku), sjá t.d. Winfred P. Lehmann, *Theoretical Bases of Indo-European Linguistics*, London (Routledge) 1996, bls. 60. Myrvoll (bls. 117–125, 154–160) tekur sérstaklega fyrir línur með fornöfn og atviksorð í þessari stöðu.

⁸ Sjá dæmi og tilvísanir hjá Myrvoll, bls. 91, 110–113, 146–148.

⁹ Dróttkvæða línu má örugglega greina með þremur risatkvæðum en auk þess getur fjórða atkvæðið haft vissan bragfræðilegan þunga, nægan til þess að bera rím eða stuðul eða til að lengd þess skipti máli, og tákna bragfræðingar slíkt atkvæði gjarna sem aukaris. Er þá er álitamál hvort sögn í þessari stöðu telst aðal- eða aukaris. Myrvoll (bls. 108–110) reifar ýmis rök og ákveður að greina sögnina ævinlega sem aðalris – og ætti það þá að gilda enn frekar um nafnorð í sömu stöðu. Sú greining hæfir línu eins og „**alls engi þarf Inga**“ sem er ofstuðluð nema „alls“ teljist hnig. Hins vegar verður greining Myrvolls (bls. 112–113) býsna ólíkleg þegar hann kemur að línunum eins og **hird Áleifs vann harða – Haralds arfi lét haldask – föður Magnúss lét k fregna**.

vera langt atkvæði heldur stutt.¹⁰ Þetta er einmitt hið svonefnda Craigies-lögmál.¹¹ Í bragfræðinni er það einkum tengt línunum með löng atkvæði í tveim fyrstu bragstöðunum (**laut hrafn í ben Gauta – teitr vargr í ben margri – eirsams ór ben þeiri**) eða tvíkvæð jafngildi þeirra (**gláðir hyggjum svan seðja**), en um þær er aragrúi dæma í dróttkvæðum, eldri jafnt sem yngri. Auk þess gildir reglan greinilega líka um fátíðari línugerð sem hefur ris í annari og fjórðu bragstöðu (**at bæri mun meiri – es of myrkan staf villisk – búa hilmis sal hjálmum – á aldinn mar orpit**).¹² Í þeim meginþorra dæma þar sem braglínan hefst á tveimur löngum atkvæðum standa slík nafnorð miklu fremur í b-línu (höfuðstafslínunni). Þau eru þó alls ekki bönnuð í a-línunum,¹³ en þá er regla að orðið stuðlar við næsta atkvæði á eftir (**svan seðja** í fyrrnefndu dæmi – **svá skyldi goð gjalda**),¹⁴ hins vegar undantekning að það beri rím (**þá kreppi goð gyðju**) líkt og sagnirnar í sömu stöðu.

¹⁰ Eða stuttstofna öllu heldur því að samhljóðsendingarnar **-r** (nefnifall) og **-s** (eignarfall) breyta engu um bragfræðilega lengd atkvæðis í þessari stöðu. Frávik frá þessari reglu finnast vissulega (**í hattar stall miðjan**) en eru svo fá að þau hljóta að flokkast sem braglýti. Myrvoll (bls. 154) nefnir sex dæmi (reyndar aðeins úr línunum sem byrja á þungri bragstöðu en það er allur þorri þeirra), ekki nema eitt eignað hverju skáldi og sum illa varðveitt. Reglan virðist líka gilda um einkvæðan lið í samsettu nafnorði (**þjófs iljablað leyfa**) en slíkum dæmum verður haldið utan við þessa athugun.

¹¹ Nýleg umfjöllun í grein Kristjáns Árnasonar, „On Kuhn’s laws and Craigie’s law“, bls. 48–51. Sjá einnig Gade, bls. 29–30, 34, 36 (en á bls. xviii er framsetning reglunnar flókin og bundin þrengri skilyrðum en Gade beitir í raun). Myrvoll (bls. 30–36) gagnrýnir (með gildum rökum) bragfræði Craigies en dregur ekki í efa þessa reglu. Eg leiði hjá mér hvort Craigies-lögmál er heimfært á tvíkvæð orð líka (sbr. Myrvoll, bls. 51).

¹² Myrvoll (bls. 31) tekur skýrt fram að reglan gildi um þessa línugerð (það hafði Einar Ól. Sveinsson reyndar gert líka: *Íslenskar bókmenntir í fornöld I*, Reykjavík (Almenna bókafélagið) 1962, bls. 122), en það kemur t.d. ekki fram hjá Gade sem þó fjallar um þessar línur sérstaklega (bls. 102–104; nánar um þær hjá Kuhn, bls. 141–142, 168–169). Í línunum sem þessum (og einnig línunum eins og **á hreingöru hlýri** með ris í annari og þriðju stöðu) er greinilega nóg af tveir bragstöður séu skipaðar löngum atkvæðum. Hliðstæð línugerð er algeng í fornyrðislagi (**ok miðjan dag**). Í dróttkvæðum hætti er hún sjaldgæf, 3% af a-línunum í safni Myrvolls (bls. 166) en kemur þó fyrir hjá 17 af 18 skáldum, ekki síður á 11. öld en áður. Í b-línunum (Myrvoll bls. 168) er hún hins vegar hverfandi sjaldgæf, kemur helst fram hjá Kormáki og aldrei hjá yngri skáldum.

¹³ Í stóru dæmasafni Myrvolls, sem nær yfir kveðskap helstu nafngreindra skálda fyrir 1200, tilfærir hann (bls. 114–117) 75 dæmi úr alls 3526 a-línunum eða rúm 2%.

¹⁴ „Det er ingi dæme på at eit substantiv som stend for seg sjölv, ikkje hev stavrim,“ segir Myrvoll (bls. 113) um fjórðu stöðuna í slíkum línunum. Judith Jesch (*Ships and Men in the Late Viking Age. The Vocabulary of Runic Inscriptions and Skaldic Verse*, Woodbridge (Boydell & Brewer) 2001, bls. 122) hefur skoðað skipulega dæmin um orðmyndina „skip“ í kveðskap undir dróttkvæðum hætti. Þau eru 21, þar af 19 í

Hér virðist aftur mega álykta að atkvæðið sé hvorki fyllilega „létt“ (hvernig gæti það þá borið stuðul í a-línunni?) né „þungt“, og af því að nafnorðið er í eðli sínu áhersluþyngra en sögnin megi það ekki vera langt atkvæði; það myndi gefa því meiri þunga en leyfilegur er í þessari stöðu. Þessa takmörkun á fyllingu fjórðu stöðunnar er helst hægt að túlka þannig að þar megi ekki sitja atkvæði sem að þunga jafnist við eða skyggi á atkvæðið á eftir, langa atkvæðið í næstsíðustu stöðu. Eða „that the 4th position in *dróttkvætt* must not be weightier’ than the 5th position“ sem er „the most important one or the head of the line“.¹⁵

Reglan um stutt atkvæði er að vísu nokkrum vanda bundin. Almennt gildir í dróttkvæðum hætti (eins og öðrum fornum kveðskap) að stutt atkvæði geta við vissar aðstæður orðið löng eða jafngilt löngum atkvæðum. Venjuleg túlkun á þessu er sú að stutt atkvæði verði langt ef næsta atkvæði á eftir hefst á samhljóði (**þrek-lundaðr**), eins þótt það næsta atkvæði sé í öðru orði (**svá skyldi**); jafnvel setningaskil virðast ekki útiloka þessa „samloðun“ atkvæðanna eins og hún hefur verið kölluð. Auk þess er talið að stutt atkvæði lengist eða jafngildi löngu á undan þögn,¹⁶ kannski einkum í eddukvæðaháttum en það ætti þá að geta gilt í dróttkvæðum hætti líka. Í línupari eins og þessu: **Ránhegnir gefr Rínar / röf. Spyrir ætt at jöfrum** (úr Háttatali Snorra), sem skiptist í tvær alveg sjálfstæðar málsgreinar, virðist nærtækara að „röf“ fái sína nauðsynlegu lengd af eftirfarandi þögn en að það nái „samloðun“ við upphafshljóð næstu málsgreinar.

Ekki duga þessar tvær reglur til að lengja öll atkvæði sem þyrftu að vera löng samkvæmt reglulegum brag (aftur gætir þess meira í eddukvæðaháttum en bregður þó fyrir í dróttkvæðum líka). Ef þessi dæmi eru ekki einfaldlega óregluleg, þá er tvennt til: annaðhvort rýmri reglur um hvar risatkvæði máttu vera stutt eða víðtækari regla um hvar stutt atkvæði urðu löng eða jafngiltu löngum. Sé síðari leiðin valin virðist ekki aðeins þögn (milli braglína eða setninga) hafa lengt undanfarandi atkvæði heldur orðaskil líka og jafnvel orðhlutaskil í samsettum orðum

fjórðu stöðu, 17 þeirra í b-línu, en af tveim dæmum í a-línu ber „skip“ stuðul í báðum. Á líkan hátt fer Frog („Speech-acts in skaldic verse. Genre, compositional strategies and improvisation“, *Versatility in Versification*, bls. 223–246, þetta bls. 235–236) yfir dæmin um orðmyndirnar „dyn“ og „gný“, og reynist einkum hin fyrrnefnda nær einskorðuð við b-línur.

¹⁵ Kristján Árnason, „On Kuhn’s laws and Craigie’s law“, bls. 50–51. Sams konar túlkun hjá Myrvoll, bls. 33, út frá því „at det var eit mál at fjorde posisjon ikkje skulde dominera yver kadensen“.

¹⁶ Einari Ól. Sveinsson, *Íslenzkar bókmenntir í fornöld*, bls. 110–111, nefnir t.d. í sínu stutta bragfræðifyrliti þessar tvær lengingarstæður: eftirfarandi samhljóða eða þögn.

– sem hafa þó ómögulega verið borin fram með neins konar þögn eða rofi. Þar með verða flest einkvæð orð löng, eða a.m.k. öll nafnorð með nokkra áherslu, einnig í samsetningum, og skiptir þá ekki máli hvort samhljóð eða sérhljóð fer á eftir.¹⁷

Nú standa „stuttu“ nafnorðin, sem dæmi voru sýnd um hér að fram- an, öll á undan samhljóði í næsta atkvæði (**ben Gauta – ben margri – ben þeiri – svan seðja – goð gjalda – sal hjálmum**) og ættu því að teljast löng, hvort sem það er eftirfarandi samhljóð eða bara orðaskilin sem lengingu valda. Engu að síður gildir bersýnilega krafa um að þau séu ekki langstofna. Það má hugsa sér að einmitt þarna í línunni séu skil eða braghvöld sem hindri „samloðun“ við næsta orð, brageyrað tengi orðin ekki saman. En slík skil væru þá einhvers konar rof eða þögn og þá vandséð að hún ylli ekki lengingu líka. Í nýjustu rannsókn á þessu máli – meistararitgerð eftir Norðmanninn Klaus Johan Myrvoll – er reynt að höggva á hnútinn með þeirri kenningu að það séu orðaskil (eða orðhlutaskil) sem lengja einkvæð orð en geri þau þó aðeins *hálflöng* (þ.e. styttri en langstofna orð: samkvæmt því væri t.d. stofninn „sker-“ stuttur á undan sérhljóðsendingu (skeri), langur með samhljóðsendingu (skerja) en hálflangur sem einkvætt orð (sker) eða í samsetningu (sker-nár), stofninn „skerp-“ hins vegar langur hvernig sem á stendur). Þessi hálflöngu atkvæði ættu yfirleitt að jafngilda löngum í bragfræðinni – nema á þessum eina stað í dróttkvæðri línu þar sem einkvætt nafnorð mætti ekki vera meira en hálflangt.¹⁸

Hængur er þó á þeirri skýringu. Það er ekki einber tilviljun að næsta orð hefist á samhljóði í *öllum* dæmunum hér að ofan heldur virðist það vera langalgengast. Síðasta orðið í dróttkvæðri línu getur auðvitað byrjað á sérhljóði, og þá getur farið einkvætt orð á undan. Það einkvæða orð má gjarna vera sögn (**Ármóði liggr æðri**) og þá næstum alltaf langstofna. Nafnorð má að vísu finna í þessu samhengi, og þá stutt atkvæði (**kominn emk á jó Ívu – komi örn á hræ járnum – grams fall á sæ alla**), en það er svo sjaldgæft að skáldin hafa greinilega

¹⁷ Að þessu hallaðist Eduard Sievers (*Altgermanische Metrik* (Sammlung kurzer Grammatiken germanischer Dialekte, 2), Halle (Max Niemeyer) 1893, bls. 58–59), höfuðskörungur germanskra bragfræði á 19. öld. Og nú tekur Myrvoll undir það mjög eindregið (bls. 13–15).

¹⁸ „Eg kjem difor til å umtala den fyrste stavingi i ord som *búa* og *vita* som stutt, men den same stavingi fyre fonologisk grensa (*bú, vit, bú-fe, vit-orð*) som halvlang. Dette nemningsbruket kann forsvarast med at substantiv av denne bimoraiske typen kann standa i fjerde posisjon i *dróttkvætt*, men derimot ikkje lang staving som *búð* og *vitt* (Craigies lov, sjá nedanfor s. 30 f.)“ (Myrvoll, bls. 14).

forðast það sem braglýti – nema helst Egill Skallagrímsson.¹⁹ Þrátt fyrir orðaskilin á eftir fjórðu bragstöðunni er sem sagt ekki alveg sama á hvaða hljóði næsta orð byrjar – og þar með kannski hæpið að reikna með mjög afgerandi braghvöld.²⁰ Sé kenningunni um hálflangt atkvæði fylgt eftir, þá virðist helst þurfa einmitt eftirfarandi samhljóð²¹ til þess að gefa stuttu atkvæði þá réttu „háflengd“ sem hæfileg sé fyrir þessa tilteknu stöðu í braglínunni – *ef* hana skipar einkvætt nafnorð! Þetta stefnir sem sagt í býsna mikla flækju og skal ekki reynt að greiða frekar úr henni hér.

Enda er þetta ekki nema inngangur allt saman.



Kemur þá að rannsóknarefninu sjálfu, þ.e. þríkvæðum orðum í lok dróttkvæðrar braglínu, orðum sem fylla fjórðu, fimmtu og sjöttu „stöðu“ línunnar.

Nú mætti ætla: *ef*braghvöld er milli fjórðu og fimmtu stöðu; *ef*langa atkvæðið í fimmtu stöðu ber alveg sérstakan þunga í braglínunni; og *ef* strangar reglur hindra að atkvæðið í fjórðu stöðu jafnist á við það að lengd og áherslu – að þá sé bara *alls ekki hægt* að enda línuna á þríkvæðu orði. Braghvöld er erfitt að hugsa sér inni í orði og áhersla

¹⁹ Gade, sem vinnur úr elsta hluta dróttkvæðanna (kveðskap eignuðum nafngreindum skáldum á 9. og 10. öld), nefnir fjölda dæma um ólíkar gerðir braglína. Í dæmasyrpum 4. kafla (bls. 73–106) telst mér til að 76 braglínur hafi stuttstofna nafnorð í fjórðu bragstöðu. Af þeim eru *adeins fimm* (6,6%) þar sem sérhljóð fer á eftir, *allar* eignaðar Agli. Til samanburðar fór ég yfir hluta af sýrpunum og fann 38 dæmi um einkvæða sögn í fjórðu bragstöðu, þar af 11 (29%) þar sem sérhljóð fylgir á eftir. Þannig fer ekki á milli mála að flest elstu skáldin hafa forðast stuttstofna nafnorð í þessari stöðu nema samhljóð fylgdi á eftir. Sama á við, samkvæmt fljótlegri athugun, um skáld eins og Sighvat Þórðarson á 11. öld og Gamla kanoka á 12. öld.

²⁰ Sjá annars býsna ákveðnar hugmyndir um braghvöld hjá Kuhn (bls. 131–182) og efasemdir hjá Gade (bls. 52–55).

²¹ Myrvoll vísar áhrifum samhljóðsins á bug með því að athuga línur sem enda á þríkvæðum samsettum orðum eins og „ver-fótum“, en þar skiptir máli, a.m.k. hjá sumum skáldum, að fyrri liðurinn, t.d. „ver-“, sé stuttstofna. Af því ályktar hann (bls. 15): „At etterlekken i ei samansetjing ikkje hev noko å segja for kvantiteten i fyrelekken, ser me òg i samansetjingar som strekkjer seg frá fjerde til sette posisjon, der det som nemnt er eit krav til substantiv i fjerde posisjon at dei skal vera halvlange. Det vilde ikkje vera tilfellet i eit vers som ... *løg-sóta ver-fótum* um me ikkje såg *ver-* isolert.“ En þessi röksemd er ekki einhlít. Alveg eins og hann gefur sér að orðhlutaskilin geri atkvæðið „ver-“ bara hálflangt get ég hugsað mér að áhrif samhljóðs í öðru orði eða orðhluta valdi bara háflengd. Munurinn á fullri og hálfri lengd kemur einungis fram í þessari fjórðu bragstöðu, og hann kemur jafn vel heim við báðar tilgátarnar – *ef*háflengd er á annað borð bragfræðilegur veruleiki.

ætti að hafa fylgt fyrsta atkvæði orðs að fornu ekki síður en nýju; það sýnir stuðlasetningin. Veruleikinn er hins vegar sá að dróttkvæð lína endar iðulega á þríkvæðu orði. Dæmi um það eru auðfundin hvar sem borið er niður hjá fornskáldunum og hafa greinilega ekki brotið gegn neinum reglum bragarins.

Þessi dæmi eru um þríkvæð nafnorð. Og einstaka lýsingarorð, en þau jafngilda alltaf nafnorðum í orðflokkatengdum áherslureglum.²² Þó að Egils saga þekki t.d. sögnina „rábenda“ og þótt söguhetja hennar geti byrjað braglínu á atviksorði eins og „öllungis“, þá hef ég ekki rekist á þess háttar orðmyndir í lok braglínu.²³ En dæmin um nafnorð eru sem sagt fjölmörg og auðfundin. Þá skyldi maður ætla, úr því að einkvætt nafnorð í fjórðu stöðu má alls ekki vera langstofna, að þetta atkvæði þyrfti ekki síður að vera stutt ef það er hið fyrsta í þríkvæðu orði. Jafnvel enn frekar, ef það er næsta atkvæði á eftir, mið-atkvæði orðsins, sem á að fylla sérstaka ábyrgðarstöðu í braglínunni og má þess vegna ekki skyggja á. Það væru orðmyndir eins og „konungi“ eða „Haraldi“ sem hér mætti búast við.

En raunin er þveröfug. Það eru einmitt svona orðmyndir, þríkvæðar með stutt fyrsta atkvæði, sem *alls ekki er hægt* að nota í dróttkvæðum hætti.²⁴ Það kemur kannski heim við fyrri athugun þar sem einkvætt nafnorð á að vísu að vera stuttstofna en þó ógjarna svo stutt að ekki fylgi samhljóð á eftir.

Eru það þá orðmyndir eins og „Val-hallar“ sem búast mætti við í lok dróttkvæðrar línu, til samræmis við línulok eins og „ben blóði“? Þ.e. orð sem kalla má stuttstofna þar sem stofnatkvæðið (Val-) er í sjálfu

²² Mætti kalla í einu lagi „nafnyrði“, sbr. „Nomen“ á þýsku og „nomen“ eða „nominal“ á ensku.

²³ Þegar Gamli kanoki kveður svo:

at bæri mun meiri
malmrúnum várkunnir,
menn þótt misgört ynni,
margfríðr skörungur síðan –

þá ber að lesa „várkunnir“ sem nafnorð. Að Kristur (skörungur margfríður) *vorkenni* mönnum (malmrúnum) er umritað með því að hann „beri þeim vorkunnir“.

²⁴ Þetta er alþekkt í bragfræðinni og fer ekki á milli mála, svo algeng sem þessi orð eru í skáldskap. Um Haralds-nafnið fann ég t.d. á vef *Skaldic Poetry Project* 113 dæmi, langflest í dróttkvæðum hætti. En af þeim voru aðeins fjögur um þágufallsmyndina „Haraldi“, öll undir eddukvæðahættum. Um „konung“ í öllum beygingarmyndum eru dæmin yfir 450 (nokkur þeirra að vísu í lausamálsklausum sem fylgja textasafninu), en um orðmyndirnar „konungi“, „konungar“ og „konunga“ ekki nema samtals tíu (fyrir utan lausamálsdæmin) og aftur *öll* undir eddukvæðaháttum (**at kjósa of konunga** o.þ.h.). Það er því greinilega alveg gallhörd regla sem útilokar þessi orð í dróttkvæðum hætti, hvort sem er í lok línu eða annars staðar.

sér stutt, verður aðeins langt vegna samhljóðs í næsta atkvæði (eða vegna orðhlutaskila ef þeirri túlkun er fylgt). Já, þær eru vissulega til: **hjörri gall at valfalli – armdags en litfagra – hringmóts til alþingis**. En ekki bara þær, líka þríkvæð orð sem hefjast á löngu atkvæði af ótvíráðustu sort: **mágs brennu arngrennir** (þar sem samt standa tvö löng atkvæði frammar í línunni alveg eins og í fyrri dæmunum; hvort orðhlutinn í fjórðu bragstöðu er lang- eða stuttstofna virðist sem sagt skipta jafn litlu máli og þegar einkvæð sögn skipar stöðuna).

En **arngrennir**, er það þá ekki frekar undantekning? Athugum algengara orð, „höfðingi“. Það finn ég í ellefu dróttkvæðum línunum, þrisvar fremst í línu (**höfðingi var drengja**), sex sinnum í miðri línu (**liðs höfðingja leyfðan**) og tvisvar í línulok (**snarfengra höfðingi – erfingi höfðingja**). Dreifingin er ekki jöfn en tvö dæmi af ellefu benda ekki til að það sé neitt alvarlegt braglýti að enda línuna svona.

Miklu algengara í dróttkvæðum er mannsnafnið Ólafur, sem í þágufalli var þríkvætt með tveim löngum atkvæðum, ýmist „Áleifi“ eða „Ólafi“, líkt og **höfðingja** eða **arngrenni**. Munurinn er þó sá að nafnið er samsett og fyrri hlutinn, **Á-/Ó-**, stuttstofna þótt atkvæðið lengist vegna „samloðunar“ við eftirfarandi samhljóð (líkt og í **val-falli**) eða e.t.v. vegna orðhlutaskila. Þetta þágufall finn ég í tíu dróttkvæðum línunum (flestum reyndar eftir Sighvat) og bregður nú svo við að það stendur sjö sinnum í lok línunnar: **hugreifum Áleifi** o.s.frv. Þessi munur á „höfðingja“ og „Ólafi“ er e.t.v. ekki tilviljun ein heldur vekur hann þá spurningu hvort þríkvætt orð í lok braglínu eigi *helst* að byrja á atkvæði sem er langt vegna eftirfylgjandi samhljóðs, alveg eins og einkvætt nafnorð í sömu stöðu, *síður* á atkvæði sem er langt í sjálfu sér.

Nei, sú tilhneiging er a.m.k. ekki mjög greinileg; fremur er munurinn sá að svona fara skáldin með sérnöfn (eins og Ólaf) miklu frekar en samnöfn. Líka langstofna sérnöfn eins og **Gunn-hildar, Stein-gerði, Skán-eyju**.²⁵ Það er aðeins meðal samnafna sem **arngrennir** má teljast til undantekninga, og þó ekki mjög sjaldgæfa.

Það er Hans Kuhn sem löngum hefur veitt athygli þessari línugerð sem endar á þríkvæðu orði.²⁶ Hann þekkir um hana kringum 225 dæmi úr kveðskap fyrir 1200, og virðist hún hafa verið fremur sjaldgæf í fyrstu en orðið algengari með tímanum (um 100 af dæmunum eru

²⁵ Dæmi frá Gade, bls. 95. Hún fjallar stuttlega um þessa línugerð (bls. 95–96), aðallega út frá safni sínu af braglínunum frá 9. og 10. öld en bendir einnig á dæmi úr Háttatali. Einar Ól. Sveinsson (*Íslenskar bókmenntir í fornöld*, bls. 123) hafði líka nefnt þríkvæð sérnöfn sem helstu undantekningu frá reglu Craigies.

²⁶ Kuhn, bls. 177–178.

frá 12. öld). Sérnöfn eru hér áberandi, einkum í eldri dæmunum. Sérkenni þessara lína, segir Kuhn, er að einungis þar geta langir nafnorðsstofnar skipað fjórðu bragstöðuna.²⁷

Nú síðast hefur Klaus Myrvoll gert athugun á þessari sömu gerð dróttkvæðra lína með þríkvæðu lokaorði.²⁸ Í dæmasafni hans kemur hún fyrir um 100 sinnum²⁹ Hann staðfestir að hér sé mikið um sérnöfn og geti þau verið hvort heldur lang- eða stuttstofna. Samnöfnin hafi hins vegar verið stuttstofna í byrjun, með svo fáum undantekningum (aðeins þremur fram til 1100: **þreskeldi – skjaldborgu – manndáða**) að þau hljóti að teljast brot gegn bragreglum. En undantekningunum hafi fjölgað á 12. öld, og þá ekki einungis í samsettum orðum (**jarðríki – meinlæti – várkunnir – réttlæti**) heldur einnig viðskettum eða afleiddum: **Prymlinga – hyggjandi**.

Þetta er það sem ég tók fyrir að skoða nánar. Til þess bjó ég mér til úrtak, 100 braglínur með hrynjandi dróttkvæðs háttar³⁰ sem allar enda á þríkvæðu orði. Til þess að forðast umdeilanlega leshætti valdi ég línurnar fyrst eftir dróttkvæðaútgáfu Kochs,³¹ en hún hefur þann kost að Koch var í uppreisn gegn Finni Jónssyni og því líklegur til að víkja frá vafasömustu lesháttum Finns. Línurnar bar ég svo saman við gagnagrunn *Skaldic Poetry Project*, sem byggir á útgáfu Finns og þó með leiðréttingum,³² og staðfesti að þar enduðu þær á sama þríkvæða orðinu. (Þar sem á milli ber um aðra leshætti fylgi ég *Skaldic Poetry Project*.)

Til þess að ná hæfilega samstæðu safni byrjaði ég fyrst á kveðskap

²⁷ „... die einzige Form, in der im vierten Glied eines Dróttkvætt-Verses ein langer Nominalstamm geduldet wurde“ (bls. 178).

²⁸ Myrvoll, bls. 152–153. Vegna þess hvernig hann skiptir umfjöllun sinni, fyrst eftir a- og b-línum, síðan eftir línugerðum og þá orðflokum, fjallar hann hér einungis um b-línur sem hann telur til E-gerðar og hafa nafnorð í fjórðu stöðu, en þar undir falla langflest dæmin um þríkvæð lokaorð línu.

²⁹ 97 sinnum ef samhljóða lína í fleiri en einni vísu er aðeins talin einu sinni. Myrvoll heldur sig við sama tímabil og Kuhn, þ.e. kveðskap sem Finnur Jónsson telur eldri en 1200, skoðar aðeins verk 18 helstu nafngreindra skálda en reynir að greina og flokka hverja einustu línu sem þeim er eignuð – alls rúm sjö þúsund braglína.

³⁰ Langflestar eru einfaldlega dróttkvæðar, þó eru línur teknar með þótt rímmynstrið sé afgangilegt, háttlausar, dunhenda o.s.frv., jafnvel runhent ef hrynjandi er eins og í dróttkvæðu. Hins vegar sniðgeng ég töglag þar sem mjög algengt er að línur endi með þessum hætti; þær eru rannsóknarefni út af fyrir sig.

³¹ *Den norsk-isländska skaldedigtingen* (reviderad av Ernst A. Koch), 1. bindi, Lundi (Gleerup) 1946.

³² Sjá nmgr. 5.

sem Koch telur til 11. aldar³³ og hirti 50 fyrstu dæmin.³⁴ Þau eru eftir 17 skáld, flest kunn hirðskáld Noregskonunga (fer mest fyrir Sighvati Þórðarsyni, Arnóri jarlaskáldi og Þjóðólfi Arnórssyni) og lítill vafi á rétttri tímasetningu – a.m.k. minni en á kveðskap sem á að vera enn eldri.³⁵ Síðan byrjaði ég aftur á Rögnvaldi kala³⁶ og safnaði öðrum 50 dæmum úr kveðskap frá miðri 12. öld og fram undir 1200.³⁷ Þar fer minna fyrir hirðkvæðum, dæmi m.a. úr Háttalykli, Íslendingadrápu, elstu helgikvæðum og vísum úr Sturlungu. Aftur er þetta sémilega fjölbreytt safn þar sem tiltölulega lítil hættu er á rangfeðrunum.

Hér eru sem sagt hundrað dæmi um þessi þríkvæðu lokaorð. Langoftast nafnorð; lýsingarorð eru þó 14.³⁸ Þau eru heldur fleiri í yngri dæmunum, níu á móti fimm, en munurinn liggur allur í Háttalykli því það er stíleinkenni hans að enda línur á lýsingarorðum með lausum greini: **enn beinlausí – enn margsnjalli – enn margsvinni – enn hárfagri.**

Af þessum nafnorðum er ótrúlega hátt hlutfall *sérnöfn*.³⁹ Þau eru í eldri dæmunum ekki færri en 35, á móti aðeins tíu samnöfnum. Í 12. aldar safninu eru hlutföllin jafnari: 20 sérnöfn á móti 21 samnafni, sem þó er ekki í neinu samræmi við það hve miklu algengari samnöfn eru í kveðskapnum í heild.

³³ Bls. 95 o.áfr.

³⁴ Nema hljóp yfir kveðskap Grettis Ásmundarsonar; í honum eru alls átta línur af þessu tagi, þar af fimm í vísu sem Koch telur yngri og er þá vissast að tortryggja allar.

³⁵ Þó efa ég ekki að megnið af kveðskap, sem talinn er til 9. og 10. aldar, sé frá eldri stigum dróttkvæðanna, enda sjá menn (Kuhn öðrum fremur) trúverðugar þróunarlínur þegar gengið er út frá því. Það er hins vegar veikleiki á greiningu Gade að byggja langmest á kveðskap þess tímabils sem ekki er endilega dæmigerður fyrir yngri skáld. Gagnstæður annmarki háir bragfræði Kristjáns Árnasonar (*The Rhythms of Dróttkvætt and Other Old Icelandic Metres*, Reykjavík (Málfræðistofnun HÍ) 1991) sem byggir mest á greiningu kveðskapar úr Sturlungu frá því um og eftir 1200. Sá efniviður er góður með tilliti til traustrar varðveislu en ekki dæmigerður fyrir alla sögu bragarháttarins.

³⁶ Bls. 235 o.áfr.

³⁷ Þar með sleppi ég kveðskap 13. og 14. aldar, sem vissulega hefur sín bragfræðilegu sérkenni, en læt mér nægja að bera saman 11. og 12. öld sem til saman má kalla kjarnatímabil dróttkvæðalistarinnar.

³⁸ Myrvoll, sem flokkar dæmi sín eftir orðflokkum í fjórðu bragstöðu, segir ekkert um lýsingarorð í þeirri stöðu og sýnir ekki dæmi um þau, en reynist, þegar að er gáð, telja þau með nafnorðunum.

³⁹ Flokkuð hér eftir rithætti á vefnum. Þegar Óttar svarti yrkir um Sveins mög „at Skorsteini“, þá marka ég af upphafsstafrum að þetta sé staðarheiti, og á sama hátt af lágstafrum að Björn Hítðalakappi eigi ekki við örnefni þegar hann segir „at selreitung“. Hér getur í mesta lagi leikið vafi á örfáum dæmum til eða frá.

Hér munar auðvitað um nafnmyndir eins og **Á-leifi** sem fyrr er getið og kannski lenda því fremur í þessari stöðu sem fyrr nafnliðurinn er stuttstofna. Sama má segja um fleiri: **Ög-mundar – Sig-valda – Dan-mörku**⁴⁰ – **Sig-túnum – Her-mundi – Mið-garði – Sví-þjóðu – Söl-mundi – Im-bólum – Ár-móði – Snæ-grundu**. En á móti koma dæmi með greinilega löngu stofnatkvæði: **Brodd-Helga – Þránd-heimi – Kuf-unga – Breið-skeggi – Orkn-eyja – Erl-ingi – Serk-landi – Dyfl-innar – Skán-eyju – Rögn-valdi – Gunn-laugi – Geir-dísar**. Hér á víst einnig að telja nafnmyndir eins og **Þór-bjarnar** og **Þór-leiki**.⁴¹ Alls byrja þá 29 af 52⁴² sérnöfnum á atkvæði sem væri langt óháð því sem á eftir fer. Hin dæmin, „Áleifur“ og félagar, eru í minnihluta og duga engan veginn til að skýra hið sérkennilega hlutfall samnafna og sérnafna. Fremur má hugsa sér að sérnöfn séu tíðum lykilorð í textanum og því gjarna skipað síðast í merkingarheild (vísu-helming, vísufjórðung). Þá hugmynd þyrfti þó að prófa á fleiri nöfnum en þeim þríkvæðu og skal þess ekki freistað að sinni.

Hvað þá um önnur orð, lýsingarorðin og samnöfnin? Af fjórtán lýsingarorðum eru níu stuttstofna: (**lit-fagra – fjöl-kostigr – for-hrausti – tor-fúsa – fé-mildum – á-gæti – hug-stóri – van-búna – vin-fastan**) en af hinum fimm koma fjögur aðeins fyrir í Háttalykli (dæmin nefnd hér að framan) – hið fimmta er **görv-alla**. Það er sem sagt ekki nema undantekning að skáldin noti á þennan hátt þríkvætt lýsingarorð sem ekki er stuttstofna.

Líkt um samnöfnin. Þau eru iðulega stuttstofna eins og þegar eru nefnd dæmi um (**val-falli – al-þingis**). Á fyrra tímabilinu eru þau síður langstofna, undantekningar aðeins tvær af tíu: **mann-dáða** og **kurf-aldi**,⁴³ og er sá munur alltof mikill til að vera tilviljun. Á seinna skeiðinu hefur hins vegar eitthvað breyst. Af 20 samnöfnum⁴⁴ eru tólf langstofna: **hyggjandi – vígstöðva – döglingi** (tvisvar) – **vígingum – réttendum – görningum – lyptingu – heiðingi – meinlæti –**

⁴⁰ Slíkt dæmi finnst líka í þeirri einu dróttkvæðu vísu sem þekkt er af rúnaristu: **rógstarkr í Danmörku** á Karlevi-rúnasteininum á Gotlandi.

⁴¹ Myrvöll (bls. 153) telur að tvímyndir eins og Þór-/Þor- (og Gunn-/Gun- sem kannski er ekki eins sannfærandi) hafi átt þátt í að opna bragarháttinn fyrir þessum langstofna nafnliðum og þá einmitt í sérnöfnum.

⁴² Ekki af 55 því að dæmin „Nerbónar“ (tvisvar) og „Sólundar“ eru lögð til hliðar; þar veit ég ekkert hvernig skáldin hafa skynjað orðhlutaskilin.

⁴³ Skáldin eru þeir fjandvínirnir Þjóðólfrur og Sneglu-Halli (Halli er ekki í úrtaki Myrvolls), báðir úr skáldahópnum kringum Harald harðráða sem kunnur er að bragfræðilegri nýjungagirni.

⁴⁴ Ekki 21 því „drómundi“ er sleppt; óvíst er hvort skáldin hafa skynjað það sem samsett orð.

várkunnir – réttlæti. Hér er sem sagt lengd stofnatkvæðisins farin að skipta litlu máli, rétt eins og í sérnöfnunum.

Stofnatkvæði, segi ég, en nú er margt af þessu samsett orð með tvo stofna og tvö stofnatkvæði, og er það þá fyrri stofninn sem hér um ræðir. Reyndar mætti ætla, út frá því sem fyrr er sagt um mikilvægi tvíliðarins í línulok, að hann þyrfti a.m.k. að vera sérstakur orðstofn frekar en einbert viðskeyti. En svo er ekki; viðskeytt orð eiga sinn sess í þessu safni. Reyndar miklu færri í eldri hlutanum. Það eru varla nema örnefnin **Sólundum** (ef það er viðskeytt) og **Dyflinnar** og samnafnið **kurfaldi**: aðeins þrjú dæmi af 50 en athyglisvert að þau eru öll langstofna. Í yngri hlutanum eru dæmin a.m.k. 14.⁴⁵ Hér fyrir ofan voru nefnd tólf dæmi um langstofna samnöfn og eru níu þeirra viðskeytt. Þar við bætast sérnöfnin **Kuflungum/Kuflunga, Erlingi** (tvisvar) og **Sköfnungi** – öll líka langstofna.

Þetta er orðið býsna flókið en greinilegt að eitthvað hefur breyst frá elleftu öld til hinnar tólftu. Helst má túlka þetta þannig að skáldin hafi tvær ólíkar aðferðir til að finna þríkvæðu orði stað í enda braglínu. Eldri aðferðin minnir meira á braglínur sem hafa einkvætt nafnorði á undan tvíkvæðu lokaorði. Notað er samsett orð miklu frekar en viðskeytt og fyrra stofnatkvæðið er helst stutt – þó með allmörgum undantekningum í sérnöfnum eins og **Geir-dísar** eða **Þór-leiki**. Síðan bætist við önnur aðferð sem kallar á viðskeytt orð fremur en samsett og virðist beinlínis krefjast þess að stofnatkvæðið sé langt. Hér er það ekki tvíliður í línulok sem bragurinn þarf að gera hátt undir höfði heldur hið þríkvæða lokaorð sem heild.⁴⁶ Ef eitthvað er í slíkum línunum sem jafna má við braghvöld, þá er það á undan fjórðu bragstöðunni, ekki á eftir henni. Þó að seinni aðferðin komi greinilega fram sem nýjung, þá er það við hlið hinnar fyrri, ekki í stað hennar, og sömu skáldin beita þeim hiklaust á víxl. Þannig notar t.d. Haukur Valdísarson í Ísland-ingadrápu bæði **Sköfnungi** í nýja stílnum og **hug-stóri** og **Snægrundu** (tvisvar) í þeim gamla, auk langstofna samsetningarinnar **Brodd-Helga**. Eins notar Gamli kanóki jöfnum höndum stuttstofna samsetningar (**goð-dómi** – **van-búna** – **vin-fastan**) og langstofna orð (**mein-læti** – **vár-kunnir** – **rétt-læti**) sem ég hef hér talið samsett en seinni liðurinn þó varla miklu sjálfstæðari en viðskeyti.

⁴⁵ Án þess að telja erlendu örnefnin „Jórðánar“ og „Nerbónar“ (tvisvar) sem skáldin hafa hugsanlega skynjað sem samsett.

⁴⁶ Kuhn kveðst þess fullviss (bls. 177) að þyngsta áherslan hafi alltaf legið á fimmtu bragstöðu, og þá á miðatkvæði þríkvæðra orða ef þau stóðu í línulok. Þeirri kenningu andmælir Myrvoll (bls. 48). Hana er a.m.k. erfitt að heimfæra á ósamsett orð.

Aðrar niðurstöður af þessari athugun eru miklu einfaldari. Ég sagði áðan um einkvæðu nafnorðin í fjórðu stöðu að þau kæmu *helst* fyrir í b-línu (höfuðstafs línu), og voru þar þó allmargar undantekningar frá. En þríkvæðu orðin standa í b-línu í öllum hundrað dæmunum. Og geta þar af leiðandi ekki borið stuðul; hér eru engar hliðstæður við **goð gjalda**. Einkvæða nafnorðið í fjórðu stöðu bar, sagði ég, örsjaldan rím, og það var þá fyrri hendingin (frumhendingin) því að í línun þessarar gerðar fellur sú síðari (viðurhendingin) jafnan á næstsíðasta atkvæðið. Enn skýrari línur með þríkvæðu orðin: fyrsta atkvæði þeirra rímar *aldrei*, sama þó það sé langt, en annað atkvæðið *alltaf*, sama þó það sé bara viðskeyti (**hildingr ór lyptingu**). Jafnfrjálst er að það rími við fyrsta atkvæði línunnar (**fleyvang til Orkneyja**) og annað (**hjørþeys í Orkneyjum**) en mun algengara í yngri dæmunum að það sé við annað atkvæðið. Það virðist þá aðeins vera mjög afmörkuð gerð dróttkvæðrar línu sem rúmar þríkvætt lokaorð: b-lína með löng atkvæði bæði í fyrstu og annarri stöðu (eða tvíkvætt jafngildi: **móins sæti ágætum**), létt atkvæði í þriðju stöðu og svo hið þríkvæða lokaorð þar sem miðatkvæðið er alltaf langt og ber alltaf rím.

Þessi einfaldleiki er reyndar úrtaksskekkja, hundrað braglínurnar of fáar til að fanga sjaldgæfustu afbrigði. Þar dugir ekki annað en aðferð Kuhns⁴⁷ sem fínkembir öll dróttkvæði fyrir 1200 auk Háttatala Snorra. Elsta dæmið er eignað of gömlu skáldi til að lenda í úrtakinu hjá mér. Það er frá Kormáki sem mislíkaði að ástmær sín væri „gefin tindráttarmanni“ og orti háðulega um atvinnu hans, uppnefndi hann „Tintein“ og taldi sig blessunarlega ólíkan honum: **esa mér sem Tinteini**.⁴⁸ Hér er troðið í uppnefnið bæði stuðlum og hendingum, og mun vísvitandi teygt á möguleikum bragarins til þess að undirstrika háðstóninn. Hér bætast við tvö dæmi frá 11. og 12. öld: **men-myrdi – sigr-sæli**, og tvö frá Snorra: **skot-skúrum – haf-hreinum**. En þetta er sem sagt alger undantekning þótt Snorri telji hana ekki til braglýta.



⁴⁷ Bls. 111 í *Das Dróttkvætt*; nánar í greininni „Von Bragi bis Snorri. Zur Geschichte des Dróttkvæts“, *Einarsbók. Afmæliskvæða til Einars Ól. Sveinssonar ...* [Reykjavík] („nokkrir vinir“) 1969, bls. 211–232, þetta bls. 226.

⁴⁸ Myrvöll (bls. 94) fjallar um þetta sem dæmi um a-línu af B-gerð (með aðaláherslu á **mér** og **Tin-**; tvíkvæða sögnin **esa** er í fyrstu bragstöðu án áherslu) án þess að gefa lokaorðinu sérstakan gaum. Sama mynstur notar Snorri nema lengra milli hendinga: **né Rán viðr haf-hreinum**.

Hver er þá niðurstaðan af þessu öllu?

Þessi grein er athugun á „fjórðu stöðunni“ í braglínu dróttkvæðs háttar, samanburður á línunum þar sem þessi staða er skipuð annars vegar einkvæðu nafnorði, hins vegar fyrsta atkvæði í þríkvæðu nafnorði (eða lýsingarorði). En athuganir, sem fyrir liggja í bragfræðinni (einkum tengdar svonefndu „lögmáli Craigies“), snúa miklu fremur að línunum með einkvæðu orði. Hér hefur komið í ljós að hinar línurnar, þær með þríkvæðu lokaorði, lúta að mestu leyti sömu reglum, þó með vissum frávikum sem ekki er alltaf einfalt að skýra og eru greinilega ekki alveg þau sömu á öllum tímum.

Athugun á þríkvæðu orðunum eykur vafa fremur en vissu um hvernig túlka skuli reglur bragarháttarins. Einkum er það hugmyndin um loka-tvílið, afmarkaðan af braghvöld, sem torvelt er að samræma niðurstöðunum, sérstaklega hvað varðar 12. aldar dæmin. Þeirri hugmynd fylgja raunar vandamál líka þótt aðeins sé horft á einkvæðu orðin og atkvæðislengd þeirra. Þau virðast hvorki mega vera fyllilega löng né stutt, en einhvern veginn eru minni hömlur á fullri lengd fyrsta atkvæðis í þríkvæðu orðunum, og þær hömlur breytast líka til muna frá 11. öld til hinnar 12. Hvernig á því kann að standa er snúnasta ráðgátan sem rótast hefur upp í þessari athugun.

Kristín Jónsdóttir í Hlíð

LJÓÐ

I

VONARSKARÐ · SAMFERÐA · GRASIÐ HINUMEGIN
EINFÖRUM · VORIÐ SEM ÉG DÓ

Vonarskarð

Kvíðinn í huganum
hleður garð

öflugan
ramman

– verður þar skarð
fyrir von?

Sumarið 2011

Samferða

Saman munum
sofna og vakna
við sömu kjör.

Draumskipum okkar
aldrei verður
ýtt úr vör.

Lífróðri skulum
að landi stefna
lekum knör

hvort sem það reynist
fagnaðar
eða feigðarför.

18. október 2009

Grasið hinumegin

Svo grænt þér sýndist grasið hinumegin.
Hvað gott var allt sem langt í fjarska beið.
Þú stefndir ungur út á breiða veginn
og enga hindrun sástu á þinni leið.

En sina grá og sandur spor þín fyllti.
Þér sóttist hægt og ratvísín þér brást.
Í bláum fjarska alltaf uppi hillti
það endanlega mark er hlaut að nást.

Það færðist brott því fastar er þú sóttir.
Þú friðlaus stöðugt eltir tálið bert.
Með öfund sástu aðrir höfðu gnóttir
þess alls sem þér fannst gott og mikilsvert.

— — —

Nú hallar degi, hvað þú verður feginn
er hliðið gamla opnar höndum tveim.
Svo grænt þér sýndist grasið hinumegin
— í gulri sinu liggja spor þín heim.

Mars 2010

Einförum

Geng ég til skógar
glymur að baki
gaman á vörum.

— Leita í þögn
að lífsins svörum.

Samrýmist ekki,
fer því sem áður
einförum.

Júlí 2011

Vorið sem ég dó

Ég hélt það myndi djarfa af degi nýjum.
Sú draumsýn brást mér þó,
er sólin hvarf í kaf af kólguskýjum
og kuldinn um mig smó.
– Var það ekki vorið sem ég dó?

Og þar sem áður ástin sat að völdum
nú ógn og skelfing bjó
sem linnulaust með fantakrumlum köldum
í kaunin stöðugt hjó.
– Var það ekki vorið sem ég dó?

Og einn míns liðs ég villtur fór á vegi,
mér veittist aldrei ró.
Svo fölnar jörð á fyrsta sumardegi –
þá fannst mér lífað nóg.
–Var það ekki vorið sem ég dó?

9. mars 2010

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Fáein orð um raddglufulokun og stuðlun með sérhljóðum

Inngangur

Tvennt er það sem mestu skiptir í stuðlun í kveðskap. Annað meginatriðið er staðsetning ljóðstafanna og fjöldi þeirra. Hljóðin sem stuðla verða að standa á ákveðnum stöðum í braglínunum og þau mega ekki vera of mörg, þaðan af síður of fá. Um þann þátt verður þó ekki fjallað hér. Hitt meginatriðið er skipting máhljóða í jafngildisflokka. Jafngildisflokkur kallast sá hópur máhljóða sem getur stuðlað saman (sjá m.a. Ragnar Inga Aðalsteinsson 2010:37-46). Aðalreglan er sú að hvert hljóð myndar einn jafngildisflokk. Þannig stuðlar *b* aðeins við *b*, *f* aðeins við *f* og *m* aðeins við *m* svo dæmi séu tekin. En málið er töluvert flóknara en þetta. Þannig mynda orð, sem hefjast á *s*, marga jafngildisflokka og einnig hefur það valdið fræðimönnum miklum heilabrotum að sérhljóðarnir stuðla hver við annan og virðast hafa gert það frá öndverðu. Mikið hefur verið rætt og ritað um sérhljóðastuðlun og settar hafa verið fram ýmsar kenningar til að skýra þessa stuðlun. Helstu kenningarnar eru fjórar.¹ Hér verður þó aðeins fjallað um eina þeirra en hún gerir ráð fyrir því að sérhljóðastuðlun byggist á raddglufulokun (e. *glottal stop*) sem greina megir í upphafi orða sem hefjast á sérhljóða.

Í grein þeirri sem hér fer á eftir verður þessi kenning skoðuð meðal annars í ljósi niðurstaðna úr rannsókn sem gerð var á þróun stuðla-setningar í íslenskum kveðskap (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010).

Raddglufulokun sem ljóðstafur?

Kenning sú, sem hér er til umfjöllunar, gerir ráð fyrir því að sérhljóðarnir geti stuðlað saman vegna þess að þeir hefjist á raddglufulokun, [ʔ], sem þjóni sama hlutverki og samhljóðarnir og það sem stuðli sé

¹ Um sérhljóðastuðlun og kenningar þar að lútandi má m.a. lesa í *Són* 5 (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2007). Þessi inngangur er að hluta byggður á þeirri grein og einnig umfjöllun um efnið í doktorsritgerð minni (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:137–9).

Þá þessi lokun en ekki sérhljóðinn sjálfur. Sá sem upphaflega setti fram þessa kenningu var Karl Moritz Rapp. Rapp heldur því fram að fyrir framan alla sérhljóða í framstöðu sé raddglufulokun (Rapp 1836:53). Af því er svo dregin sú ályktun að skáldin skynji raddglufulokunina sem nokkurs konar samhljóða og láti sérhljóðana þess vegna stuðla hvern við annan. Fjölmargir fræðimenn hafa aðhyllst þessa skoðun. Til að skýra þá þverstæðu að sérhljóðarnir skuli mynda einn jafngildisflokk, meðan aðalreglan er sú að hver samhljóði stuðlar aðeins við sjálfan sig, hafa menn hallast að því að það sé raddglufulokunin sem myndi þennan jafngildisflokk (Sievers 1893:36²; sjá auk þess t.d. Heusler 1925:95 og Pipping 1903:1 o.áfr.).

Margir hafa líka orðið til þess að gagnrýna þessa kenningu. Fyrstur til þess var Axel Kock (1889–1894). Gagnrýni Kocks á raddglufulokunarkenningu Rapps gekk annars vegar út á það að ekki væri sannað að þessi raddglufulokun hefði yfirleitt verið til í tungumálinu á þeim tíma sem um ræðir. Einnig benti hann á að þó svo að þessi raddglufulokun hefði fundist í tungunni, væri ólíklegt að hún hefði getað haft afgerandi áhrif á jafngildisflokka í stuðluðum kveðskap.³ Kock benti á að hljóðið, sem um ræðir, er svo veigalítið í venjulegu tali að til að heyra það þurfi þjáfað eyra. Ekki séu því neinar líkur á því að skáldin og áheyrendur þeirra hefðu skynjað það sem ljóðstafi (Kock 1889–94:113). Í framhaldinu setti Kock svo fram sína eigin skýringu á sérhljóðastuðluninni (sjá Ragnar Inga Aðalsteinsson 2010:139 o.áfr.). Aðrir hafa eftir það gagnrýnt kenningu Rapps. Jiriczek (1896) ritaði gagnrýni um bók Kocks og var honum sammála um að kenning Rapps um raddglufulokunina stæðist alls ekki og væri gagnslaus til skýringar á sérhljóðastuðluninni (Jiriczek 1896:547–548).⁴

Fleiri hafa gagnrýnt kenninguna um raddglufulokunina. Má þar nefna Albert Classen sem í bók sinni, sem út kom 1913, tekur undir athugasemdir Jiriczeks og Kocks og bendir auk þess á að engin merki finnast nokkurs staðar í rituðum textum, hvorki í elstu handritum né síðar, um neitt tákni í stafrófinu sem hefði það hlutverk að sýna þessa lokun sem þó var ætlað að skilgreina jafngildisflokk. Afar ólíklegt sé að

² Sievers skipti þó síðar um skoðun á þessu, sjá Sievers 1901:§ 386.

³ Suzuki (1996:309–310) komst að sömu niðurstöðu.

⁴ Jiriczek gat hins vegar ekki heldur fellt sig við skýringu Kocks á sérhljóðastuðlun og setti því í þessum ritdómi fram þriðju kenninguna um þetta mál (sjá Ragnar Inga Aðalsteinsson 2010:142).

þetta hljóð hafi ekki haft neitt sérstakt tákni í fornu ritmáli ef það ætti að geta greint á milli jafngildisflokka (Classen 1913:15).⁵

En raddglufulokunarkenningin hefur samt orðið æði lífseig. Árið 1948 ritar Louis L. Hammerich grein þar sem hann heldur því fram að raddglufulokunin, sem hann telur geta skýrt sérhljóðastuðlunina, tengist barkakýlis-/raddglufu-hljóði (laryngeal phoneme) sem var til í indó-evrópsku og bendir á að slíkt hljóð sé að finna í grísku (Hammerich 1948:32-33)⁶ og Donka Minkova (2003) tekur einnig eindregna afstöðu með þeim sem aðhyllast kenninguna um raddglufulokun til að skýra sérhljóðastuðlunina (Minkova 2003:145 o.áfr., 160 o.áfr. o.v., sjá Ragnar Inga Aðalsteinsson 2010:138–9).⁷

Og deilurnar halda áfram. Kristján Árnason (2000) bendir á það sem áður kom fram hjá Classen og vitnað var til hér að framan og telur að ef öll framstöðusérhljóð hefðu byrjað á þessari lokun, þ.e. ef hér hefði verið um að ræða sjálfstætt mállhljóð, þá hlýtu að finnast einhver merki um það í stafrófinu. Kristján bendir á að hvorki Ólafur Þórðarson hvítaskáld né Fyrsti málfraeðingurinn minnst einu orði á fyrirbærið í ritum sínum.⁸ Kristján vitnar einnig til finnsku Kalevalakvæðanna þar sem sérhljóðastuðlun er beitt á sama hátt og í forngermönskum kveðskap, þ.e. allir sérhljóðar mynda einn jafngildisflokk, án þess að merki séu um þessa raddglufulokun í finnsku og sérhljóðar mynda einnig einn jafngildisflokk í fornírskum kveðskap án þess að staðfest hafi verið að þar hafi raddglufulokun verið til staðar.⁹ Kristján vekur einnig athygli á því að í íslenskum samtímakveðskap

⁵ Roman Jakobson (1963) ritaði grein sem hann kallaði *On the so-called vowel alliteration in Germanic verse*. Þar tekur hann undir sjónarmið Classens. Hann vitnar einnig í Kock og tekur undir efasemdir hans um tilveru nefndrar raddglufulokunar í frumgermönsku (Jakobson 1963:88).

⁶ Nú nýlega hefur Roger Lass (Lass 1995:143) tekið undir þessa skoðun Hammerichs. Svipað sjónarmið kemur fram í grein eftir Helmuth Scharfe árið 1972 (Scharfe 1972:157). Á það skal bent í þessu sambandi að málfraeðingar eru nú yfirleitt þeirrar skoðunar að barkakýlis-/raddglufuhljóðin (laryngeal phonemes) í indó-evrópsku hafi verið önglhjóð (sjá Lindeman 1987:112–113 og Mayrhofer 1986:121–3).

⁷ Einnig má nefna að einn af þeim sem hafa stutt kenninguna um raddglufulokun í stuðlun með sérhljóðum er Jerzy Kuryłowicz (1970).

⁸ Aage Kabell, sem gagnrýnir kenninguna á svipuðum forsendum og aðrir, bendir á að umrædd raddglufulokun hafi ekki skilið eftir sig nein spor í rúnaskriftinni (Kabell 1978:16–17).

⁹ Um sérhljóðastuðlun í finnsku má auk þess lesa t.d. í Kiparsky (1968:139, sjá Ragnar Inga Aðalsteinsson 2010:33) og í bókinni *Early Irish metrics* eftir Gerard Murphy (Murphy 1961:36–37) er gerð grein fyrir sérhljóðastuðlun í fornírsku.

mynda sérhljóðarnir einn jafngildisflokk þó svo að raddglufulokunin sé valfrjálsl í talmáli í dag (Kristján Árnason 2000:6–7).¹⁰

Litið á rannsókn um stuðlasetningu til samanburðar

Greinarhöfundur þótti rétt að leggja lóð á vogarskálina í þeirri umræðu sem lýst hefur verið hér að framan. Hér verður kenningin um raddglufulokun skoðuð út frá rannsókn sem gerð var á þróun stuðlasetningar í íslenskum kveðskap (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010). Tilgangur þeirrar rannsóknar var meðal annars að skoða hvernig notkun ákveðinna hljóða (einkum var litið til hljóðanna *s*, *h*, *v* og *j*, svo og sérhljóðanna) sem ljóðstafa hefur breyst frá elsta norrænum kveðskap fram til nútímans. Til að skoða þetta var tekið úrtak úr ljóðum nafngreindra skálda. Til að ná sem bestri yfirsýn yfir ljóðstafasetningu, eins og hún hefur tíðkast í aldanna rás, var ákveðið að skoða hverja öld fyrir sig og velja 1200 braglínupör frá hverju 100 ára tímabili. Markmiðið var að skoða hvernig skáldin nota fyrrgreinda ljóðstafi í kveðskap sínum. Alls var skoðaður kveðskapur eftir 45 skáld. Miðað var við að skoða ekki færri en þrjú skáld frá hverri öld, 400 braglínupör eftir hvert þeirra þar sem það var hægt (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:109 o.áfr.). Hér á eftir verður svo litið á nokkrar rannsóknarniðurstöður og kenningin um sérhljóðastuðlun, sem fyrr var nefnd, skoðuð í því samhengi. Áður en lengra er haldið verður þó litið á nokkrar skilgreiningar sem tíðum koma fyrir í textanum hér á eftir.

S-stuðlun, gnystuðlar og sníkjuhljóðsstuðlun

Það er kallað *s-stuðlun* þegar klasarnir *sl* og *sm* mynda einn jafngildisflokk með *sj*, *sv* *s*+sérhljóða (um klasann *sm* gilda að líkindum aðrar reglur, sjá síðar). Þetta má auðvitað líka orða þannig að *s* eitt og sér stuðli við sjálft sig án tillits til þess hvað kemur á eftir, sbr. eftirfarandi dæmi:

næst gaf **sína** systur
snarr búþegna harri
 (Skjd. B I:230; Sighvatur Þórðarson, *FIEskj.* 9.)

Hér eru stuðlarnir **s**+sérhljóð í *sína* og *systur* og höfuðstafurinn er **s** í *snarr*.

¹⁰ Um raddglufulokun í íslensku í dag sjá Kristján Árnason 2005:157 o.v.

Svölnis vegg
sleit á lopti.

(Skjd. B II:123; Sturla Þórðarson, *Hák.* 23.)

Hér er einn stuðull, **s** í *Svölnis* og höfuðstafurinn er **s** í *sleit*. Þessi stuðlun finnst hjá öllum skáldum fyrir 1400 en eftir það lagðist hún af (sjá síðar).

Það kallast *gnýstuðlun* þegar stuðlað er með *sk*, *sp* og *st*. Þessir klasar stuðla aðeins innbyrðis en ekki hver við annan eða við önnur *s*-þör. Í fyrra dæminu hér á eftir er stuðlað með *sk*, í því seinna með *st*:

skorð, því **skiljask** verðum,
skjaldsteins, frá Ingjaldi;

(Skjd. B I:100; Gísli Súrsson, *Lv.* 20)

Stólþengils lét **stinga**
(styrjöld vas þá byrjuð)

(Skjd. B I:340; Þjóðólfur Arnórsson, *Sext.* 6)

Eftir 1400, þegar *s*-stuðlun var horfin úr kveðskapnum, urðu til nýir gnýstuðlar, *sl* og *sn*. Skáldin stuðla þá *sl* aðeins á móti *sl* og *sn* aðeins á móti *sn*. Um þetta má sjá nokkur dæmi:

enn hefur **snöru snúna**
snögglega þeim til búna

(Hallgrímur Pétursson 1996:88)

Hér eru ljóðstafirnir **sn** í *snöru*, *snúna* og *snögglega*.

slægða slunginni
sleikti tungu

(Jón Þorláksson 1976:183)

Hér má líta gnýstuðulinn **sl** í orðunum *slægða*, *slunginni* og *sleikti*. Nánar verður rætt um þessa yngri gnýstuðla síðar í greininni.

Framstöðuklasinn *sm* hefur þarna nokkra sérstöðu. Líklegt er að *sm* hafi alltaf stuðlað aðeins við *sm* (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:181 o.áfr.).

Sníkjuhljóðsstuðlun er það kallað þegar *sl* og *sn* stuðla við *st*. Þessi stuðlun byggist á því að á milli *s* og *l* annars vegar og *s* og *n* hins vegar

smeygði sér inn sníkjuhljóð, [t] eða [ʔ], líklega um eða rétt fyrir 1400, og eftir það hljóma þessir klasar líkt og *stl/stn*. Þetta sníkjuhljóð er talið hafa orsakað það að *s*-stuðlunin lagðist af. Dæmi um sníkjuhljóðs-stuðlun:

stjörnuglampi
á sléttum sjó.
(Jónas Hallgrímsson 1989:25)


Hér er aðeins einn stuðull, **st** í *stjörnuglampi* og höfuðstafurinn er **sl** [s^ʰ] í *sléttum*.

Svo vef ég okkur klæði, en **stakk** þú úr því **sníður**;
til **strandarinnar** ríð ég og kaupi mjöl og fisk;
(Davíð Stefánsson 1952:101)

Hér eru það **st** í *stakk* og **sn** [s^ʰn] í *sníður* sem mynda stuðlana og **st** í *strandarinnar* er höfuðstafurinn.

Þróun *s*-stuðlunar

Mynd 1 sýnir að *s*-stuðlun var vel þekkt fram á 14. öld. Eftir 1400 hvarf hún alveg en var tekin upp aftur á 18. öld og hélst fram á 20. öld, í litlum mæli þó. Öll skáld sem uppi voru fyrir 1400 nota þessi hljóð saman í stuðlun nema eitt skáld á 14. öld (sjá hér á eftir).



Mynd 1. Þróun *s*-stuðlunar í íslenskum kveðskap

Eins og sjá má á *mynd 1* er ljóst að mjög dregur úr *s*-stuðlun á 14. öld. Þegar lítið er yfir kveðskap þeirra fjögurra skálda, sem tekin voru dæmi af frá 14. öld, kemur í ljós að þau nota *s*-stuðlun sem hér segir:

Arngrímur Brandsson níu sinnum í 256 braglínupörum,
Eysteinn Ásgrímsson fjórum sinnum í 381 braglínupari,
Einar Gilsson einu sinni í 259 braglínupörum og
Árni Jónsson notaði aldrei *s*-stuðlun í þeim 304 braglínupörum
sem hann orti.

Af þessu má glöggst sjá hvernig breytingin gengur fyrir sig. Í kveðskap Eysteins Ásgrímssonar og Einars Gilssonar eru tilvikin þar sem þeir stuðla *sl/sn* við *sj*, *sv* og *s+sérhljóð* mun færri en meðaltalstalan segir til um (sjá Ragnar Inga Aðalsteinsson 2010:177–8). Árni Jónsson var samtíðarmaður þeirra en hann virðist hafa haft örlítið annað sjónarhorn á stuðlun með *s*. Ef til vill var hann fæddur og alinn upp annars staðar á landinu en hinir, þar sem sníkjuhljóðið hafði fest sig fyrir í sessi, eða hann var örlítið yngri en þeir. Kannski var hann bara með næmara brageyra. Hann er uppi á þeim tíma sem breytingin er að ganga yfir en stuðlar *sn* og *sl* ekki við *s+sérhljóð*. Arngrímur Brandsson og þeir sem eru honum eldri nota allir *s*-stuðlun án minnstu vandkvæða. Þeir sem koma á eftir Árna Jónssyni nota hana alls ekki.

Af þessu má sjá að á 14. öld er *s*-stuðlun að hverfa. Ástæðan er talin vera sníkjuhljóðið sem fyrir var nefnt. Eftir það finnst þessi stuðlun ekki fyrir en hjá Eggerti Ólafssyni u.þ.b. 450 árum seinna. Á tímabilinu frá dögum Árna Jónssonar til Eggerts Ólafssonar eru sex skáld til skoðunar. Þau eru:

Einar Sigurðsson í Heydölum (1538-1626)

Jón Arason (1484-1550)

Magnús Jónsson prúði (1525?-1591?)

Hallgrímur Pétursson (1614-1674)

Stefán Ólafsson (1619?-1688)

Steinunn Finnsdóttir (f. um 1641-dd. óvíst)

Ekkert þessara skálda notaði *s*-stuðlun sem séð varð í eitt einasta skipti, ekki frekar en Árni Jónsson. Brotthvarf *s*-stuðlunar er svo afgerandi að eftir það finnast ekki minnstu leifar um þessa stuðlun sem í kveðskap fornskáldanna var svo algeng að hún finnst í kvæðum allra þeirra sem skoðuð voru, að jafnaði tvö til þrjú dæmi í hverjum 100 braglínupörum (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:168–170; sjá einnig *Víðauka I* bls. 305–319).

Þegar *s*-stuðlun er tekin upp aftur á 18. öld er svo að sjá að það sé gert á öðrum forsendum en áður. Af þeim 11 skáldum sem skoðuð


voru á 18., 19., 20. og 21. öld nota aðeins þrjú þessa stuðlun; Eggert Ólafsson sem fyrr var nefndur, Steingrímur Thorsteinsson og Steinn Steinarr. Hin skáldin átta nota hana aldrei sem sýnir að í raun er þessi stuðlun dæmd úr leik. Sett hefur verið fram sú hugmynd að skáldin sem tóku þessa stuðlunarvenju upp á 18. öld og þar eftir hafi verið að líkja eftir fornöldinni en horft fram hjá því að í raun stuðluðu klasarnir *sl* og *sm* ekki lengur við *sj*, *sv* og *s+*sérhljóð vegna sníkjuhljóðsins sem fyrr var nefnt (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:170 o.áfr.).

Stuðlun með j

Í eldri kveðskap stuðlaði hljóðið *j* á móti sérhljóðum. Í Rekstefju Hallar-Steins má lesa eftirfarandi:

ádr (en Ólafs bíða
jarl) af sínu hjarli.
(Skjd. B I:526; Hallar-Steinn, *Rst.* 7.)

Í þessu tilviki eru stuðlarnir **á** í *ádr*, **Ó** í *Ólafs* og höfuðstafur er **j** í *jarl*. Tíðni stuðlunar með *j* á móti sérhljóði var skoðuð í gagnasafninu.



Mynd 2. Stuðlun með *j* móti sérhljóða.

Þegar skoðað var hverjir hefðu stuðlað *j* við sérhljóð kom í ljós að sú venja fannst hjá öllum skáldum allt fram á 16. öld eins og sést á mynd 2, sbr. þessi dæmi:

ok alsnæfrir iofrar
 orða læst at morðe
 (Skjd. A I:22; Þorbjörn hornklofi, *Gldr.* 4.)

reð átstuðill aþan
 iatmundar þar grundo
 (Skjd. A I:292; Óttar svartí, *HL.* 8.)

Þílatús kallar einn frá öllum
 Jésúm inn og vildi finna
 (Jón Arason 1918:29)

Framar réð Jesús inna
 um þann dýrðarmann
 (Einar Sigurðsson í Heydölum 2000:8)

Þegar kemur fram á 17. öld hættir *j* að stuðla við sérhljóð. Sé litið á *mýnd* 2 má sjá að breytingin gengur fljótt yfir og hún er afgerandi. Sá síðasti sem stuðlaði *j* við sérhljóð var Einar Sigurðsson í Heydölum. Hann beitir þessari stuðlun tuttugu og tvisvar sinnum í 400 braglínupörum, sem er hátt hlutfall miðað við þá sem ortu á undan honum. Reyndar vekur athygli að þeir Árni Jónsson og Einar Gilsson, sem næstir eru Einari í tíma, stuðla *j* aðeins einu sinni hvor á móti sérhljóði. Ef til vill er breytingarinnar farið að gæta þegar á 14. öld þó að hún nái ekki til Einars. Eftir að Einar leið hvarf þessi stuðlunarvenja eins og fyrr kom fram. Eftir það fannst aðeins eitt dæmi í kveðskap þeirra 16 skálda sem skoðuð voru eftir tíð Einars. Þetta dæmi er hjá Eggerti Ólafssyni. Eitt slíkt dæmi gerir ekki annað en undirstrika það að *j* stuðlar ekki lengur við sérhljóð. Hér hafa stuðlunarvenjur breyst. Þegar kemur að Stefáni Ólafssyni getur að líta þessar braglínur:

Jeg vil mig til jarðar slá,
 jöfur minn, fyrir þér.
 (Stefán Ólafsson 1885:271)

Hér stuðlar *j* á móti *j*. Tvö dæmi fundust um þetta hjá Stefáni. Hjá honum stuðlar *j* því aðeins innbyrðis enda fundust ekki dæmi um það í kveðskap hans að *j* stuðlaði við sérhljóð.

Fræðimenn hafa fjallað um breytingu á *j* og ástæðurnar fyrir henni.

Í *Málfræði* Jakobs Jóh. Smára segir svo: „Öll sérhljóð eru í íslenskum kveðskap talin jafngild eða sem eitt hljóð, og fram að siðbót var *j* einnig talið sérhljóð, en síðan samhljóð“ (1923:127). Svipað sjónarmið kemur fram hjá Birni K. Þórólfsyni sem telur að *j* hafi í fornu máli verið hálfhljóð sem í innstöðu breyttist í blásturshljóð á 13. öld en að *j* í framstöðu hafi verið orðið blásturshljóð um 1600 (Björn K. Þórólfsen 1987 [1925]:XXV-XXVI). Hér er meðal annars vísað til kveðskaparins en vitað er að bragkerfið er íhaldssamt og ekki er ólíklegt að sú breyting sem leiddi til þess að *j* hætti að stuðla við sérhljóð hafi orðið nokkru fyrr (sjá m.a. Þorstein G. Indriðason 1990:11). Jón Axel Harðarson telur að í raun hafi ekki orðið hljóðfræðileg breyting á hljóðinu /j/ heldur hafi það verið endurtúlkað hljóðkerfislega sem framgómmeð önglhjóð. Það hafi meðal annars haft í för með sér að *j* hætti að stuðla við sérhljóð. Jón Axel tekur fram að þrátt fyrir þessa endurtúlkun hálf-sérhljóðsins /j/ hafi það ekki tekið neinni hljóðgildisbreytingu. Í íslensku er *j* enn hálf-sérhljóð (Jón Axel Harðarson 2007:86–87).

Þróun sníkjuhljóðsstuðlunar

Fyrr í greininni var minnst á það að orsökkin fyrir því að *s*-stuðlun lagðist af á 14. öld eða þar um bil var sníkjuhljóð sem smeygði sér inn á milli framstöðuhljóðanna *s* og *l/s* og *n* sem eftir það hljómuðu eins og *stl/stn*. Þetta varð til þess að skáldin gátu ekki lengur stuðlað þessa klasa við *sj*, *sv* og *s*+sérhljóð og eftir það stuðlaði *sl* aðeins við *sl* og *sn* aðeins við *sn*, eins og nefnt var þegar rætt var um gnýstuðla hér að framan. En í framhaldi af þessari breytingu fór smám saman að bera á því að *sl* og *sn* stuðluðu við *st* eins og reyndar mátti búast við. Elsta dæmið sem fannst í rannsókninni er í kvæðinu *Straff eða laun* eftir Jón Þorláksson. Þar má lesa þessa sérstuðluðu línu í 3. erindi:¹¹

en slyppur eftir stá.
(Jón Þorláksson 1976:110)

Hér stuðla saman orðin *slyppur* og *stá*, stuðlarnir eru **sl** (*stl*) og **st**. Næst finnst þessi stuðlun á 19. öld hjá Jónasi Hallgrímssyni. Í kvæðinu *Alþing hið nýja*, 7. erindi, má lesa eftirfarandi:

¹¹ Eldra dæmi hefur fundist hjá Halli Ögmundssyni (15./16. öld) en það er utan rannsóknarinnar (sjá Ragnar Inga Aðalsteinsson 2004:52).

snarorðir **snillingar**
 að stefnu sitja
 (Jónas Hallgrímsson 1989:113)

Nú eru stuðlarnir tveir, **sn** í *snarorðir* og *snillingar* og höfuðstafur **st** í *stefnu*.

Þegar kemur fram á 20. öld eru dæmin fimm; fjögur þeirra í kveðskap Davíðs Stefánssonar. Í kvæðinu *Vaskur* má lesa eftirfarandi:

Hann rekur **slóðir** og **snuðrar**
 og **stanzar**, er það á við,
 (Davíð Stefánsson 1952:180)

Hér eru stuðlarnir **sl** í *slóðir* og **sn** í *snuðrar* og höfuðstafurinn er **st** í *stanzar*. Þetta er reyndar eitt af fáum dæmum þar sem öll hljóðin þrjú, *sl*, *sn* og *st* koma fyrir í sama braglínuparinu.


Síðasta dæmið frá 20. öld er í öðru erindi kvæðisins *Hið þögla hús* eftir Kristján frá Djúpalæk. Þar eru þessar línur:

ómlaus fiðla, **stökkur strengur**,
slaghörpunnar nótnaborð,
 (Kristján Einarsson frá Djúpalæk 2007:67)

Hér eru stuðlarnir **st** í *stökkur* og *strengur* og höfuðstafur **sl** í *slaghörpunnar*.

Tíðni sníkjuhljóðsstuðlunar var skoðuð og sett upp í súlurit:

Á mynd 3 sést að sníkjuhljóðsstuðlun hefur verið ótrúlega lengi að ná einhverri fótfestu í íslenskum kveðskap og á enn erfitt uppdráttar.



Mynd 3. Þróun sníkjuhljóðsstuðlunar

Aðeins fjögur af þeim 17 skáldum sem rannsóknin náði til og voru á dögum eftir 1400, þ.e. eftir að sníkjuhljóðið kom til, nota sníkjuhljóðsstuðlun. Eitt dæmi fannst hjá Jóni Þorlákssyni og annað hjá Kristjáni frá Djúpalæk en tvö skáld, Jónas Hallgrímsson og Davíð Stefánsson, nota þessa stuðlun að einhverju marki. Þeir Þorsteinn frá Hamri og Þórarinn Eldjárn, sem koma fram í rannsókninni sem fulltrúar 21. aldar, fengu tækifæri til að tjá sig um skoðanir sínar á stuðla-setningarreglum (sjá *viðauka III*). Þeim Þorsteini og Þórarni bar saman um að sníkjuhljóðsstuðlun sé vel ásætlanleg og jafnvel falleg en þeir nota hana samt ekki (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:324-6). Þessi stuðlunarvenja virðist því enn, 600 árum eftir að sníkjuhljóðið kom til, ekki hafa skotið rótum í kveðskapnum.

Hv stuðlar á móti k

Fyrir kemur að skáld og hagyrðingar stuðla *hv* á móti *k*. Þetta stafar af því að *hv*- í framstöðu er í máli mjög margra Íslendinga í dag borið fram sem *kv*-. Það kallast *kv*-framburður þegar menn bera fram lokhljóðið /k/ í framstöðu orða sem rituð eru með *hv*-. Andstæðan nefnist *hv*-framburður (Höskuldur Þráinsson 1981:115 o.áfr.). *Hv*-stuðlun er það kallað þegar *hv* í framstöðu stuðlar á móti *k*. Þessi stuðlun fylgir *kv*-framburðinum (sjá m.a. Eysteinn Sigurðsson 1986:7). Talið er að *kv*-framburður hafi verið kominn upp þegar á 17. öld um Vestfirði og Norðurland vestanvert. Elstu öruggu dæmi um að *hv*- sé notað í stuðla á móti *k* eru frá 18. öld (Eysteinn Sigurðsson 1986:9; Gunnar Karlsson 1965:22–23). Víða má finna dæmi um þessa stuðlun í seinni tíma kveðskap:

Á hverju kvöldi síðan
 karlinn þangað fer,
 (Davíð Stefánsson 1952:16)

Hér eru stuðlarnir **hv** (frb. *kv*) í *hverju* og **k** í *kvöldi* og höfuðstafur **k** í *karlinn*. Til er vísa eftir Sigurð Breiðfjörð sem er þannig ort að þeim sem hafa fyrrnefndan *kv*-framburð hefur ævinlega þótt hún rangstuðluð (sjá Höskuld Þráinsson 1981:113). Vísan hefst þannig:

Sunna háa höfin á
 hvítum stráir dreglum.


Hér eru stuðlarnir **h** í *háa* og *höfin* en það sem fer fyrir brjóstið á þeim sem hafa *kv*-framburðinn er að höfuðstafurinn er **hv** í orðinu *hvítum*, sem í þeirra máli er borið fram *kv*. Þeir hinir sömu setta sig hins vegar ágætlega við aðra vísu eftir Sigurð. Hún hefst þannig:

Sólin klár á **hveli** *heiða*
hvarma gljár við baugunum.
 (Sjá Höskuld Þránínsson 1981:113)

Fyrir þeim eru ljóðstafirnir **k** í *klár* og svo **h** (*hv*) í *hveli* og *hvarma* (sbr. feitletur). Þeir sem ekki hafa vanist *kv*-framburðinum munu hins vegar líta svo á að ljóðstafirnir séu **h**-in þrjú í *hveli*, *heiða* og *hvarma*.

Sólin klár á **hveli** *heiða*
hvarma gljár við baugunum.

Í dag er *kv*-framburður algengur víðast hvar á landinu (Kristján Árnason 2005:381) en þegar lítið er til þess hvernig skáldin nota *hv* í stuðlun virðist vera þó vera allmikil tregða meðal þeirra sem yrkja gagnvart því að stuðla saman *hv* og *k*. Í rannsókninni var tíðni þessarar stuðlunar skoðuð og hún sett upp í súlurit.



Mynd 4. *Hv* í stuðlun á móti *k*

Í allri rannsókninni fundust aðeins fimm dæmi um stuðlun *hv* á móti *k*, öll frá sama skáldinu, Davíð Stefánssyni frá Fagraskógi. Að vísu er vitað um slík dæmi allt frá 18. öld eins og nefnt var hér að framan en þau virðast vera það fá að þau rak ekki á fjórum rannsóknarinnar. Frá og með 18. öld til hinnar 21. var skoðaður kveðskapur eftir 11 skáld

og niðurstaðan er sem sagt sú að aðeins eitt þeirra stuðlar *hv* við *k*.¹² Þegar aftur er litið til þeirra Þorsteins frá Hamri og Þórarins Eldjárns, sem tjáðu skoðanir sínar á ýmsum tilbrigðum stuðlasetningarinnar eins og vitnað var til hér að framan, kemur fram hjá þeim svipað sjónarmið gagnvart *hv*-stuðlun og þeir hafa gagnvart sníkjuhljóðsstuðluninni. Þeim ber saman um að það trufli ekki brageyra þeirra þegar skáld og hagarðingar stuðla *hv* á móti *k* en þeir nota þessa stuðlun ekki sjálfir. *Hv*-stuðlun virðist því vera undir sömu sök seld og sníkjuhljóðsstuðlunin. Hún er notuð einstöku sinnum af sumum skáldum en aldrei af öðrum, hún er viðurkennd af hagarðum mönnum og góðskáldum sem „ekki röng“ en hún er ekki frekar en sníkjuhljóðsstuðlunin komin til að vera.

Skáldin eru fastheldin á hefðina. „Stuðlatregðulög málið“

Af þeim dæmum sem skoðuð eru og skráð hér að framan er ljóst að þegar framburður breytist og framstöðuklasar eru ekki lengur þeir sömu verða breytingar á stuðluninni. Af súluritunum, sem sýnd eru á *myndum 1* og *2*, er ljóst að þær breytingar sem þar eru sýnd eru afgerandi og ganga hratt fyrir sig. *S*-stuðluninni lýkur á 14. öld og eftir það sést ekki um hana eitt einasta dæmi fyrir en á 18. öld og þá á breyttum forsendum. Eftir að *j* breytist eða er endurskilgreint um 1600, eða hugsanlega eitthvað fyrir, hættir það svo algjörlega að stuðla við sérhljóð að eftir það finnst ekki nema ein undantekning í nokkur þúsund braglmupörum. Þessi niðurstaða segir sína sögu um hið margrómaða brageyra íslenskra skálda. Augljóst er að þeir sem yrkja hlusta eftir máhljóðunum og leyfa sér engar undantekningar eða tilslakanir. Rétt skal vera rétt.

Breytingarnar sem sýndar eru á *myndum 1* og *2* eiga það sameiginlegt að þar breytast framstöðuhljóð á þann veg að jafngildisflokkarnir raskast, ákveðin hljóð sem áður stuðluðu hvort (hvert) við annað gera það ekki lengur. Í þeim tilvikum verða breytingarnar afgerandi og fljótvirkar. Brageyrað neitar að samþykkja stuðlunina og þar með er hún úr gildi. Þegar kemur að *myndum 3* og *4* er allt annað uppi á teningnum. Þar hafa breytingarnar skapað nýja jafngildisflokk sem ekki voru í gildi áður. Þá kemur í ljós, að jafnvel þó að öllum hagarðum mönnum beri saman um að hljóðin séu fullkomlega nógu lík til að

¹² Hér er miðað við slembiúrtakið. Hugsanlega gætu verið dæmi um þetta í kveðskap hinna skáldanna en þau hljóta að vera tiltölulega fá því þau lenda þá utan úrtaksins.

stuðla saman er samt eins og skáldin veigri sér við að stuðla þannig. Allar breytingar sem felast í því að bæta við eða stuðla saman eitthvað sem ekki hefur stuðlað saman áður mæta mótstöðu og ganga seint eða ekki fyrir sig. Þessi tilhneiging, sem hér verður einfaldlega kölluð „stuðlatregðulögmálið“, gerir það að verkum að sníkjuhljóðsstuðlun er enn ekki almennilega viðurkennd meðal hagrýðinga og seint og illa gengur að fá menn til að stuðla orð sem hefjast á *hv* á móti orðum sem hefjast á *k*.

Eina viðbót í stuðlasetningu, sem náð hefur einhverri fótfestu í skáldskapnum, átti sér stað þegar gnýstuðlarnir *sl* og *sn* bættust við þá þrjá (eða fjóra, sjá um *sm* Ragnar Inga Aðalsteinsson 2010:181) sem fyrir voru, *sk*, *sp* og *st*. Þegar sníkjuhljóðið kom til um 1400 eða þar um bil hefði auðvitað verið fyllilega eðlilegt að eftir það stuðluðu klasarnir *sl* og *sn* við *st*, eins og gerðist þegar sníkjuhljóðsstuðlunin loksins kom til, sem varð löngu síðar. En skáldin hafa þekkt gnýstuðlana sem fyrir voru og í vandræðum sínum með þessi breyttu framstöðuhljóð, *sl* og *sn*, gripu þau til þess að skapa tvo gnýstuðla í viðbót við þá sem þekktir voru úr kveðskapnum. Vegna gnýstuðlanna sem fyrir voru hefur þeim fundist að þessi leið bryti ekki eins freklega gegn braghefðinni og sníkjuhljóðsstuðlunin.


Raddglufulokun er valfrjáls í dag. Var hún það til forna?

Nú er rétt að víkja aftur að þeirri kenningu sem nefnd var í upphafi greinarinnar og gengur út á það að raddglufulokun, [?], myndi sérstakan jafngildisflokk og sé ástæða þess að sérhljóðarnir geta stuðlað hver við annan. Þá hljótum við að reikna með því að raddglufulokun hafi verið skyldubundin til forna. Lokunin hlýtur að hafa orðið að vera til staðar í öllum framstöðusérhljóðum til að hægt væri að byggja stuðlaverkið í kveðskapnum upp á fullnægjandi hátt. Hér að ofan hefur komið skýrt fram að skáldin eru nákvæm og leyfa engin frávik. Þá staðreynd að lokunin hljóti að hafa verið skyldubundin skoðum við svo aftur í ljósi þess að þessi raddglufulokun er valfrjáls í dag (sjá Kristján Árnason 2000:6). Ef kenningin á að standast hlýtur þróunin að hafa verið sú að upphaflega hafi raddglufulokun verið skyldubundin og þannig hafi sérhljóðarnir getað stuðlað hver við annan. Einhvern tíma hafi svo orðið breyting í þá átt að lokunin varð valfrjáls og sú breyting ætti þá ekki að hafa haft meiri áhrif á stuðlunina en svo að sérhljóðarnir stuðla án minnstu vandkvæða hver við annan í dag eins og fjöldi dæma sýnir:

Ástin meðan öllu réði
okkar geði hjá
allt var kveðið eins og gleði
entist héðan frá.

(Sveinbjörn Beinteinsson 1953:18)

Hér stuðla saman **Á** í *Ástin*, **ö** í *öllu* og **o** í *okkar* og svo **a** í *allt*, **ei** í *eins* og **e** í *entist*. Ef kenningin er rétt og þróunin hefur gengið fyrir sig eins og rakið er hér að ofan hlýtur breytingin að hafa gengið út á það að sum framstöðusérhljóð urðu óvirk í stuðluninni meðan önnur voru það ekki. Þó svo að raddglufulokun sé valfrjáls í nútímamáli er hún æði algeng í málinu (Kristján Árnason 2005:157). Samt sem áður koma alltaf inn á milli sérhljóð sem ekki hefjast á þessari lokun. „Ljóðstafurinn“, hljóðið sem stuðlað var með, það er skyndilega horfið úr málinu að hluta og nú stuðla ekki nema sumir sérhljóðar saman. En eins og sést þegar skoðuð eru súluritin á *myndum 1* og *2* virðast breytingar á framstöðuhljóðum sem ganga í þá átt að fækka möguleikum til stuðlunar eða kljúfa jafngildisflokkinn á einhvern hátt hafa snögg og afgerandi áhrif á þróun stuðlunar með viðkomandi hljóði. Það er því forvitnilegt að skoða að lokum mynd sem sýnir þróun stuðlunar með sérhljóð í íslenskum kveðskap (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:146):



Mynd 5. Þróun sérhljóðastuðlunar í íslenskum kveðskap

Eins og hér má sjá hafa ekki orðið neinar verulegar breytingar á sérhljóðastuðlun á þeim tæplega 1200 árum sem skoðuð voru í rannsókninni. Hlutfall sérhljóðastuðlunar er allan tímann rétt um 20% af heildarstuðluninni. Hvergi sést það rask sem óhjákvæmilega hefði fylgt jafnafrifaríkri breytingu og þeirri að raddglufulokunin, sem var

grunnur undir stuðlun með sérhljóðum, varð valfrjáls og sumir sérhljóðar stuðluðu þar af leiðandi ekki lengur eins og áður. Hlutfall stuðlunar með sérhljóðum helst nánast alveg óbreytt allan tímann.

Þá er ekki síður athyglisvert að skoða kenninguna um raddglufulokun og sérhljóðastuðlun í ljósi súluritanna á *mynd 3* og *4*. Þar má greinilega sjá að allar nýjungar í stuðlun eiga erfitt uppdráttar og skáldin taka þeim seint og illa og sum alls ekki. Það er því ljóst, að ef þróunin hefði orðið sú að raddglufulokun, sem var forsendan fyrir sérhljóðastuðluninni, breyttist úr skyldubundinni í valfrjálsa, eru engar líkur til þess að skáld og hagarðingar hefðu tekið því og aðlagð stuðunarvenjur sínar að breytingunni. Súluritin á *myndum 3* og *4*, og reyndar líka á *myndum 1* og *2*, skera úr um það á nokkuð afgerandi hátt.

Að lokum

Hér að framan hefur því verið haldið fram að raddglufulokunarkeningin, sem gerð er grein fyrir í upphafi greinarinnar, eigi ekki við rök að styðjast. Kenningin hefur verið skoðuð í nýju ljósi út frá rannsókn sem spannar 1200 ára tímabil stuðlunar í samfelldri kveðskaparsögu íslenskra (í upphafi norskra) skálda. Hér er byggt á þeirri staðreynd að stuðlunarvenjur í kveðskap Íslendinga hafa haldist óbreyttar í öllum grunnatriðum allan þennan tíma og ljóst er, þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru skoðaðar, að skáldin hafa verið afar nákvæm og nánast aldrei leyft sér neinar undantekningar eða frávik frá grunnreglunum (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:280, 286 o.áfr. o.v.). Skáldin bregðast mjög hart við breytingum á framstöðuhljóðum og um leið og þeim finnst að jafngildisflokkurinn sé ekki lengur sá sami verður stuðlunin heldur ekki sú sama og eins ganga allar nýjungar í stuðlun hægt eða ekki fyrir sig. Af þessu er aftur dregin sú ályktun að ef raddglufulokun, sem áður hlýtur að hafa verið skyldubundin ef hún átti að vera forsenda fyrir sérhljóðastuðluninni, en er valfrjáls í dag, hefði verið forsenda sérhljóðastuðlunar hefði breytingin úr skyldubundnu í valfrjálst haft afgerandi áhrif á þróun stuðlunar með sérhljóðum. Slík breyting með tilheyrandi umróti á stuðlunarvenjunum hefði áreiðanlega komið fram á *mynd 5*. Það er því súluritið á *mynd 5* sem endanlega sker úr um það að engar líkur eru fyrir því að sérhljóðastuðlun grundvallist á raddglufulokun eða hafi nokkru sinni gert.

HEIMILDIR:

- Björn K. Þórolfsson. 1987[1925]. (Ljósprentað eftir 1. útg.). *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr formálinu*. Rit um íslenska málfræði 2. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Classen, Albert. 1913. *On Vowel Alliteration in the Old Germanic Languages*. Manchester University Press, Manchester.
- Davíð Stefánsson. 1952. *Að norðan. Ljóðasafn*. Helgafell, Reykjavík.
- Eggert Ólafsson. 1832. *Kvæði*. S.L. Möller, Kaupmannahöfn.
- Einar Sigurðsson í Heydölum. 2000. *Vísnaþók Guðbrands*. Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eysteinn Sigurðsson. 1986. Athugasemdir um *h-* og *hv-* í stuðlun. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 8. árgangur, bls. 7–29. Íslenska málfræðingafélagið, Reykjavík.
- Finnur Jónsson (gaf út) (Ljósprent af útg. frá 1912). 1967. *Den norsk-islandske skjaldedigtning ved Finnur Jónsson A og B I–II*. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.
- Gunnar Karlsson. 1965. Um aldur og uppruna kv-framburðar. *Íslensk tunga. Tímarit um íslenska og almenna málfræði*, 6. árg., bls. 20–37.
- Hallgrímur Pétursson. 1996. *Passíusálmar*. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík.
- Hammerich, L.L. 1948. *Laryngeal before Sonant*. I kommission hos Ejnar Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Heusler, Andreas. 1925–7. *Deutsche Versgeschichte mit Einschluss des altenglischen und altnordischen Stabreimverses I–III*, Walter de Gruyter, Berlin, endurpr. 1956.
- Höskuldur Þráinsson. 1981. Stuðlar, höfuðstafir, hljóðkerfi. *Afmæliskeðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*, bls. 110–123. Íslenska málfræðingafélagið, Reykjavík.
- Jakob Jóhannesson Smári. 1923. *Íslensk málfræði*. Bókaverslun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Jakobson, Roman. 1963. On the so-called vowel alliteration in Germanic verse. *Festgabe für Otto von Essen zum 65. Geburtstag 20. Mai 1963*. Zeitschrift für Phonetik, Sprachwissenschaft und Kommunikationsforschung, Band 16, Heft 1/3:85–94. Akademie-Verlag, Berlin.
- Jiriczek, O. 1896. Anmálan av A. Koch (ritdómur um Koch). Östnordiska och latinska medeltidsordspråk. *Zeitschrift für Deutsche Philologie* 28, 547 ff.
- Jón Arason. 1918. *Jón Arasons religiöse Digte*. Útgefið af Finni Jónssyni. Bianco Lunos Bogtrykkeri, Kaupmannahöfn.

- Jón Axel Harðarson. 2007. Forsaga og þróun orðmynda eins og *hagi, segja* og *lægja* í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 29. árg., bls. 67–98.
- Jón Þorláksson. 1976. *Kvæði, frumort og þýdd*. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Rannsóknastofnun í bókmenntafræði og Menningarsjóður, Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ljóð og lausamál*. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Kabell, Aage. 1978. *Metrische Studien I. Der Alliterations-Vers*. Wilhelm Fink Verlag, Munich.
- Kiparsky, Paul. 1968. Metrics and morphophonemics in the Kalevala. Charles E. Gribble (ritstj.), *Studies presented to professor Roman Jakobson by his students*. Slavica Publishers, Inc. Cambridge, bls. 137–148.
- Kock, Axel. 1889–1894. *Östnordiska och latinska medeltidsordspråk I*. Texter med inledning, udgivna av Axel Koch och Carl af Petersens, København.
- Kristján Árnason. 2000. *The Rhythm of Dróttkvætt and other Old Icelandic Metres*. University of Iceland, Institute of Linguistics, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2005. *Íslensk tunga. Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kristján Einarsson frá Djúpalæk. 2007. *Fylgdarmaður húmsins. Heildarkvæðasafn Kristjáns frá Djúpalæk*. Ritstjórar: Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Þórður Helgason. Bókaútgáfan Hólar, Reykjavík.
- Kuryłowicz, Jerzy. 1970. *Die Sprachlichen Grundlagen der altgermanischen Metrik*. Innsbrucker Beiträge zur Sprachwissenschaft, Innsbruck.
- Lass, Roger. 1995. Glottal stopp and linking [h] in South African English: with a note on two antique connections. In Juhani Klemola, Merja Kyto, and Matti Rissanen (eds.), *Speech Past and Present: Studies in English Dialectology in Memory of Ossi Ihalainen*. (Bamberger Beiträge zur Englischen Sprachwissenschaft 38.) Peter Lang, bls. 130–151, Frankfurt am Main.
- Lindeman, Fredrik Otto. 1987. *Introduction to the 'Laryngeal Theory'*. Norwegian University Press, Oslo.
- Mayrhofer, Manfred. 1986. *Indogermanische Grammatik*. Band I. Carl Winter. Universitätsverlag, Heidelberg.
- Minkova, Donka. 2003. *Alliteration and Sound Changes in Early English*. *Cambridge Studies in Linguistics 101*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Murphy, Gerard. 1961. *Early Irish metrics*. Royal Irish Academy, Hodges, Figgis & Co., Dublin.
- Pipping, Hugo. 1903. *Bidrag til Eddametriken*. Skrifter utgifna av Svenska Litteratursällskapet i Finland LIX, Helsingfors.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2004. *Frá Braga til Steins*. Óprentuð M.A.-ritgerð við Háskóla Íslands.

- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2007. Gátan um sérhljóðastuðlunina. *Són, tímarit um óðfræði*, 5. árg., bls. 9–26.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2010. *Tólf alda tryggð. Athugun á þróun stuðlasetningar frá elsta þekktum norrænum kveðskap fram til nútímans*. Doktorsritgerð við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.
- Rapp, A.M. 1836. *Versuch einer Physiologie der Sprache nebst historischer Entwicklung der abendländischen Idiome nach physiologischen Grundsätzen*. Erster Band. In der J.E. Gotta schen Buchhandlung, Stuttgart und Tübingen.
- Scharfe, Helmuth. 1972. Vokaleinsatz und Laryngaltheorie. *Zeitschrift für Vergleichende Sprachforschung* 86, bls. 155–77.
- Sievers, Eduard. 1893. *Altgermanische Metrik*. Max Niemeyer, Halle.
- Sievers, Eduard. 1901. *Grundzüge der Phonetik zur Einführung in das Studium der Leutlehre der Indogermanischen Sprachen*, fünfte verbesserte Auflage. Druck und Verlag von Breitkopf & Härtel, Leipzig.
- Skjð. A og B. *Den norsk-íslandske skjaldedigtning ved Finnur Jónsson A og B I–II*. Sjá Finnur Jónsson (gaf út) (Ljósprent af útg. frá 1912). 1967.
- Stefán Ólafsson. 1885. *Kvæði*. Gefin út af hinu íslenska bókmentafélagi. Bianco Luno, Kaupmannahöfn.
- Suzuki, Seiichi. 1996. *The metrical Organization of Beowulf. Prototype and Isomorphism*. Mouton de Gruyter, Berlin.
- Sveinbjörn Beinteinsson. 1953. *Bragfræði og háttatal*. H.f. Leiftur, Reykjavík.
- Porsteinn G. Indriðason. 1990. Að stuðla við sníkjuhljóð. *Mímir* 29. árg., bls. 8–20.

SKRÁ UM SKAMMSTAFANIR

- FLESkj.* Flokkur um Erling Skjálgsson
Gldr. Glymdrápa
Hák. Hákonarmál
Hl. Höfuðlausn
Lv. Lausavísur
Rst. Rekstefja
Sexst. Sexstefja

Kristín Jónsdóttir í Hlíð

LJÓÐ II

VIÐ GUÐ · DRYKKLÖNG STUND

Við Guð

Við skildum í „góðu“ Guð og ég,
við gengum ei lengur sama veg
og allt var til fjandans farið.
Ég óþroskuð gekk honum ung á hönd,
minn eigin vilja hann lagði í bönd
– að skilja var skásta svarið.

Hann lét mig um allt sem erfitt var,
ég einsömul stríddi og þungann bar
í amstri dagsins og ergi.
Og þegar að mest ég þurfti við
og þráði að stæði hann mér við hlið
þá fann ég hann „fokking“ hvergi.

Á kvöldin hætti hann að koma heim
í kirkjunni hékk hann og var með þeim
sem vildu til valda sér lyfta.
Mér fannst komið nóg, ég skipti um skrá,
í skotinu hann við dyrnar lá
– ég lét mig það litlu skipta.

Svo fann hann sér aðra - ég fegin var.
Hann flutti út og nú býr hann þar
sem á hann er treyst og trúað.
Hann vildi láta óttast og elska sig
– slíkt átti ekki beinlínis vel við mig,
það afl getur eytt og kúgað.

Það kom enginn annar í hans stað,
að endingu tókst mér að skilja það
– ein gat ég alveg staðið.
Ég lærði að efla megn og mátt
að meta lífið á nýjan hátt
og tefla á tæpasta vaðið.

Í mannfjölda stundum við mætumst nú
en misst hef ég á hann alla trú
og forðast frekar að sjá hann.
Ég kemst af án hans og hann án mín
og hvorugt dvelur við mistök sín
– þó eitt sinn tryði ég á hann.

Október 2011

Drykklöng stund

Það stendur tygjaður hestur á hlaði,
í hrörlegu koti er sakamaður að kveðja
konu, sem ber honum áfir í aski að drekka.

Þeir verða að komast til skips yfir heiðar með hraði.
Hér er réttvísinn bitur og þung eins og sveðja
komin að falli. Og konan grætur með ekka.

Hann missteig sig illa, mannorð hans liggur í svaði.
Í myrkrinu bíða glamrandi hlekkir og keðja.
Því steig hann svo reifur örlítið ógæfuspor?

Svo ríða þeir brott. En barnið fæðist í vor.

*Gömul sögn um sakamann sem fékk að kveðja konu sína eftir
að hafa verið dæmdur á Brimarhólm. Síðar kenndi hún honum
barn sem hún sagði hafa komið undir þá stund sem hann
stansaði og var að sögn „nógu löng til að drekka úr þriggja
marka aski“.*

27. okt. 2011

Haukur Þorgeirsson

Álfar í gömlum kveðskap

Í þessari grein er brugðið upp nokkrum svipmyndum af álfum í verkum íslenskra skálda fyrir siðaskipti. Í gömlum kveðskap er mörgum sinnum getið um álfa og raunar svo oft að þess er hér enginn kostur að fjalla um öll tilföllin. Markmiðið er hér einkum að kynna nokkra forvitnilega texta sem fram að þessu hefur lítill gaumur verið gefinn. Betur þekkt verk koma þó nokkuð við sögu til samanburðar.

Æsir og álfar

Í Eddukvæðum er sums staðar getið um álfa og oftast í Alvíssmálum. Þar er sagt frá orðum sem ýmsar verur hafa yfir nokkur náttúruþyrirbæri. Á orðunum sem álfarnir hafa er fagur og blíður blær, þeir kalla til dæmis sólina *fagrahvél* og nóttina *svefngaman*.

Í öðrum Eddukvæðum eru álfar helst nefndir í samhengi við goðin. Þannig segir til dæmis í Hávamálum:

Þat kann ek it fjórtánda:
ef ek skal fyrða liði
telja tíva fyrir,
ása ok álfa
ek kann allra skil;
fár kann ósnotr svá.¹

Af vísunum sem þessum er helst að skilja að álfar séu goðkynjaðar verur og heimildir eru til um að þeir hafi verið blótaðir í heiðnum sið.²

Í Skáldskaparmálum segir Snorri Sturluson: „Vel þykkir kent til álfa“³ og mörg dæmi finnast um slíkar kenningar. Í Velleklu er Hákon

¹ *Hávamál* 1986:73.

² Sjá t.d. Shippey 2005:182–183.

³ *Edda* 1998:40.

jarl kallaður *morðálfur* og hlýtur jarlinn að hafa skilið það sem lof. Af öðrum fornum kenningum má nefna *lindálfur*, *vígálfur* og *álfur valmeyjar*.⁴ Þetta er hliðstætt við kenningar til ása eins og *ás nágrundar*, *vígás* og *ás Hildar*.⁵

Álfar og mennskar meyjar

Eina persónan í Eddukvæðunum sem kölluð er álfur er hinn hagi smiður Völundur í Völundarkviðu. Níðuður konungur tekur hann höndum og neyðir hann til að smíða fyrir sig gersemar. Völundur hefnir sín grimmilega og í lok kviðunnar kemur í ljós að hann hefur barnað Böðvildi, dóttur konungsins. Hún segir:

Sáto vit Völundr
saman í hólmi
eina Ögurstund;
æva skyldi!
Ek vætr hánom
· vinna · kunnak,
ek vætr hánom
vinna máttak!⁶

Böðvildur segist ekki hafa megnað að gera neitt gegn Völundi en ekki er fyllilega ljóst hvort hún var líkamlega eða andlega vanfær um það. Ármann Jakobsson telur að Böðvildur hafi álitid samband sitt við Völund vera sanna ást og vissulega er framsetningin þessleg að hún hafi haft einhverjar tilfinningar til hans.⁷

Í Kötlu draumi er sagt frá því að álfurinn Kár verður ástfanginn af Kötlu sem gift er höfðingjanum Má. Katla er leidd í draumi til hýbýla Kárs og skipað til rekkju.

Satt er það að segja
að síðan kom
marglátur til mín
maður í hvílu,

⁴ Finnur Jónsson 1931:7. Í rímum eru menn kenndir til álfa á sama hátt, nokkur dæmi eru *skjaldar álfur*, *menja álfur* og *odda álfur* (Finnur Jónsson 1926–1928:10).

⁵ Finnur Jónsson 1931:666.

⁶ *Eddadigte* III 1959:8.

⁷ Ármann Jakobsson 2006:248–249.

mig bað hann eina
öllu ráða
gullinu þeirra
og gersemum.

En eg lét á því
engar vonir
að eg auðbrjóti
ástir gæfi.
Sá hann það gjörla
að eg gleði týndi,
komu þá býsna stór
brigði á mín augu.

Svo var eg orðin
ekkaþrungin
miklu meir en það
eg megi frá segja
því eg þóttist firna
fáráð vera
svo sem í flokki
færi eg varga.⁸

Ekki verður kvæðið skilið öðruvísi en að Kár komi fram vilja sínum gagnvart Kötlu enda fæðist þeim sonur. Eins og í Völundarkviðu er angurvær blær yfir sambandi konunnar og huldumannsins en viðhorf Kötlu til Kárs er reyndar nokkuð mismunandi í uppskriftum kvæðisins.⁹

Í Gullkársljóðum segir frá Gullkár, sem er konungur í Álfheimum. Hann kennir konungsdótturinni Æsu hannyrðir og þau fella hugi saman. Í þetta skipti er enginn vafi um hug konunnar til álfisins. Æsa gleðst þegar Gullkár kemur ósýnilegur í sali hennar og eðlilegt er að skilja lýsinguna svo að þau njóti ásta saman.

Þá hló en hoska
hilmis dóttir
er hun sá Gullkár
ganga í skemmu.

⁸ *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði* 1898:9–10. Stafsetning samræmd.

⁹ Gísli Sigurðsson 1995:197–198.

Tók siklings sonr
 sess hjá meyju
 en Ingibjörg
 undan flýði.

Vildi hun þann dag ei
 á saum taka,
 þó var auðar Bil
 ei þögn að meini.
 Undruðust allir
 þeir er á sáu
 og þótti ung hafa
 alls kyns læti.¹⁰

Foreldrar Æsu bregðast illa við þessum aðförum og leita leiða til að stía Æsu og Gullkári í sundur. Gullkár er særður nærri til ólífis og verður að flýja en Æsa eltir hann til Álfheima og nær að græða hann. Þar endar kvæðið.

Margt er ólíkt með Völundarkviðu, Kötludraumi og Gullkársljóðum en þau eiga það sameiginlegt að álfur gerir sér dælt við konu og fjall- að er um það sem vandamál fyrir fjölskyldu hennar.

Álfar til gamans

Þegar álfar eru nefndir til sögunnar í rímnakveðskap eru þeir gjarnan í för með ýmsum öðrum vættum og hluti af einhvers konar stórkarlagri gamansemi. Hér verða sýnd dæmi úr þremur rímnaflokkum frá miðöldum.

Í Þrymlum er lýst ferð Þórs til Jötunheima til að endurheimta hamar sinn en sú saga er einnig kunn úr Þrymskviðu og norrænum sagnadönsum. Í rímunum ferðast Þór á skipi og dregin er upp skopleg mynd af fylgdarliði hans. Álfar eru nefndir með tröllum.

Goðunum fylgja geysimargar geitr og kálfar,
 telst þá ekki tröll og álfar,
 töframenn og völur sjálfar.

¹⁰ *Gullkársljóð* 23–24. Sjá einnig Haukur Þorgeirsson 2010.

Fuglar margir fylgja þeim af fleina rógum,
villidýr af veiðislóðum,
varga sveit með úlfum nógum.¹¹

Klerka rímur eru gamansamar rímur, líklega frá 15. öld, eftir sögu sem ekki er til í óbundnu máli.¹² Sagt er frá ævintýri Prímas nokkurs sem er brögðóttur klerkur. Undir lok frásagnarinnar þarf Prímas að verja borg gegn árás Serkja. Í því skyni blæs hann í lúður og kallar þannig til liðs við sig ýmsar verur.

Í fyrsta skipti sem Prímas blæs í lúðurinn koma til orrustunnar risar, tröll og þursar. Í þriðja sinn koma ýmis villidýr og í fjórða sinn koma drekar og ormar. En í annað sinn kemur mikill múgur dauðra manna á skipum utan af hafi. Þar eru álfar og dvergar með í för.

Hermenn spenna hvassan geir,
heima væri betra,
dragast í leikinn dólgar þeir
er dó fyrir hundrað vetra.

Kappar þóttust komnir enn
við kynstr og ógnir sjálfar,
drífa að þeim dauðir menn,
dverga sveit og álfar.¹³

Hér eru álfar ekki settir í flokk með tröllum heldur með dauðum mönnum. Fræðimenn hafa löngum gert því skóna að álfar séu upp-haflega látnir forfeður sem eru tignaðir eftir dauða sinn og kynnu hér að vera minjar um slíka hugmynd.¹⁴

Jarlmanns rímur eru frá því um 1500 og ortar eftir varðveittri riddarasögu. Eins og í Klerka rímum eru hér ýmsar verur kallaðar fram með því að blásið er í hljóðfæri, þar á meðal álfar. Eftir því sem ég kemst næst eru Jarlmanns rímur elsta heimild þar sem orðið 'huldu-fólk' kemur fyrir, í sögunni er talað um 'huldumenn'.

Blæs þá ræsir býsna hátt
beint í pípu eina,

¹¹ *Rímmasafn* I:283. Hér er stafsetning samræmd og sumum leiðréttingum Finns sleppt.

¹² Björn Karel Þórólfsson 1934:402–404.

¹³ *Rímmasafn* II:888. Stafsetning samræmd.

¹⁴ Ekki hafa þó allir verið sannfærðir um þetta, sbr. Einar Ól. Sveinsson 1940:152.

úr holtum stoltum hefur sig brátt
huldufólk með sveina.

Fornar nornir fá þeir séð
fara þær nú til leika,
álfar sjálfir eru þar með
og út á völlinn reika.

Þungan pung réð þengill fá
þeim með silfrið hvíta,
þakka blakkir þegnar þá
er þessa peninga líta.¹⁵

Þegar kóngur blæs næst í pípuana koma fram tröll og jötnar ofan úr fjöllum.

Á tilsvareandi stað í sögunni stendur:

Kóngur hafði eina gullpípu og blés í hana hátt. Þá sá Austvestan að opnuðust holt og hólar, þúfur og steinar. Komu þar út álfar og nornir, dvergar og huldumenn. Kóngur tók fésjóð fullan af gulli og kastaði út á völlinn en þeir tóku við sem úti voru og skiptu í sundur með sér að jafnaði.¹⁶

Verur sem búa í hólum eru hér settar í einn sarp og eru „blakkir þegnar“ samkvæmt rímunum.

Álfar sem ógn

Hugmyndin um álfa sem hættulegar verur er Íslendingum vel kunn úr kvæðinu um Ólaf Liljurós. Álfarnir bjóða Ólafi að búa með sér og drepa hann þegar hann hafnar því. Kvæði þetta er raunar ekki íslenskt að uppruna enda er það þekkt í ýmsum afbrigðum um Norðurlönd og víðar í Evrópu.¹⁷

Eitt sérkenni íslensku útgáfunnar er að álfameyjarnar eru settar fram sem einhvers konar andstæðingar kristninnar. Fyrsta álfamærin

¹⁵ *Jarlmanns rímur* X:62–64. Stafsetning samræmd.

¹⁶ *Late Medieval Icelandic Romances* III 1963:49. Stafsetning samræmd.

¹⁷ Vésteinn Ólason 1982:112–126.

er „ekki Kristi kær“ og Ólafur telur að það sé ósamræmanlegt kristinni trú að búa með álfum.

Spyrja mætti hvort hugmyndin um hættulega álfa hafi aðeins átt heima í kynjaveröld sagna og kvæða eða hvort landsmenn hafi sjálfir borið ugg í brjósti vegna álfa við daglegt amstur. Til síðari möguleikans benda þrjár gamlar bænir.

Dæglur eru kvæði varðveitt í AM 713 4to.¹⁸ Handritið er skrifað um miðja 16. öld og kvæðið er varla eldra en frá um 1500, sést það meðal annars af unglegu orðfæri (t.d. 'blífa' í tólfu vísu). Í kvæðinu er guðdómurinn beðinn um vernd gegn alls kyns andlegum og líkamlegum ögnum. Þar er þessi vísa:

Geymdu í dag við grimmum tröllum,
gjám og skriðum, skaparinn, mig,
fyrir álba kind og öndum snjóllum
þeim atskot veita hörmulig,
meinfuglum og móðum öllum,
myrkri og þoku, þess beiði eg þig.¹⁹

Vísan er einnig í ungum pappírshandritum og hljóðar þar svo:

Geym mig í dag við grimmum tröllum,
gjám og skriðum, frelsari, mig,
við álfa kindum og öndum snjóllum
sem aðskot veita hræðilig,
við meinfylgi og möðkum öllum,
myrkri og þoku, eg bið þig.²⁰

Nættlur eru eins konar hliðstæða við *Dæglur* en þar er beðið um vernd um nóttina frekar en um daginn. Kvæðið er aðeins varðveitt í handriti frá 19. öld en hlýtur að vera miklu eldra og ef til vill álíka gamalt og *Dæglur*. Þar í er þessi vísa:

Frá grimmum dýrum, guð drottinn minn,
geym oss og hvört annað sinn,

¹⁸ Um *Dæglur* er helst fróðleik að finna hjá Jóni Þorkelssyni (1888:99–100) og Finni Jónssyni (1924:126).

¹⁹ AM 713 4to, 15r. Stafsetning samræmd.

²⁰ JS 492 8vo, bls. 236–237. Orðamunur úr AM 969 4to, 116v: 2 frelsari] skapari; 6 myrkri] við myrkri.

sem skjálfta, þrumum og skrímslum ótt
og skæðum tröllum á þessari nótt,
frá aðsóknum og álfa kindanna illsku þrótt.²¹

Elsta heimild um kvæðið *Friðarbón* er *Vísnaþók* Guðbrands sem prentuð var 1612. Þar eru eftirfarandi erindi:

Fyrir vatni, eldi og veðra grand
voldugur Drottinn hjálpi mér,
geym þú mig á græði og landi
fyrir grimmum skrímslum hvar eg fer.
Minnkast mun þá mein og vandi
nær miskunn þín yfir öllum er.

Sjónhverfingum svikulla anda
sviptu frá mér, Drottinn minn,
álfafólki og umsát fjanda
öllum skýlir krafturinn þinn,
fyrir heimsins öllum háska og vanda
hjálpa þú mér í hvört eitt sinn.²²

Það sem erindin úr þessum þremur kvæðum eiga sameiginlegt er að þar er tvinnuð saman bæn um vernd gegn náttúrulegum og yfirnáttúrulegum ógnum. Við hljótum að velta fyrir okkur hvaða tiltekna ógn það er sem stafar af álfunum og getum reynt að ráða það af samhenginu. Í *Friðarbón* eru álfar nefndir í sambandi við anda og fjendur og hafa eflaust verið taldir djöfullegar verur. Í *Nættlum* eru álfar nefndir í samhengi við 'aðsókn'. Sennilegt er að þetta hafi verið aðsókn af því tagi sem nefnd er í ritgerð um sjúkdómanöfn frá 18. öld:

Aðsókn kallast bæði þá einn lætur illa í svefni sem og hvert og eitt aðsvif og kast er hastarliga yfirfellur einn eður annan, og sér í lagi börn, og hvar til menn ei vita neina orsök. Þannig verða börn á einu augabragði gagntekin af velgju og uppköstum, rétt upp úr þurru, það kallast almennt aðsókn; fylgir þessu, sem enu fyrra tilfelli, hjátrúarfullur þanki á stundum, þó af náttúrligum orsökum leiði.²³

²¹ AM 969 4to, 121r. Stafsetning samræmd.

²² *Vísnaþók* Guðbrands 2000:309.

²³ Sveinn Pálsson 1788:185. Stafsetning samræmd.

Hjátrúarfulli þankinn er útskýrður í umfjöllun um áblástur:

Bólur þessar koma oft mjög á óvart, þess vegna hafa enir gömlu meint að fylgjur, andar eður aðrar ósýnligar vofur blási þeim á mann, hefir þá meiningu styrkt að meðan bólan er að koma finnst oft þvílíkast sem svalur blær komi á holdið eður mann taki í hvar bólan ætlar að koma, er allt hefur sínar náttúrligu orsakir.²⁴

Þessi hugsanagangur virðist eiga vel við vísuna úr Nættlum sem vitnað var til. Álfar eru þá í hlutverki vætta sem valda sjúkdómum eða öðrum erfiðleikum. Til vitnis um þetta eru einnig heimildir frá 16., 17. og 18. öld sem nefna álfavölkun, álfabruna, álfagang og álfavillu.²⁵

Enn er þó óskýrt hvað átt sé við með orðinu 'atskot' eða 'aðskot' í Dæglum:

fyrir álba kind og öndum snjöllum
þeim atskot veita hörmulig

Dæglur eru elsta heimild sem mér er kunn um orðið 'aðskot'. Í yngri heimildum merkir það oftast „háðsyrði“²⁶ en sú merking virðist ekki eiga vel við hér. Orðalagið og samhengið í Dæglum er þvílíkt að ógnin sem standi af álfum og öndum sé líkamleg og verulega hættuleg. Ég þekki aðeins eitt annað dæmi um orðið í líku samhengi.

Í sálmabókum frá 17. öld er kvöldsálmur sem hefur upphafsorðin „Ó herra guð, minn hjálparmúr“. Mun sálmur þessi vera eftir Magnús digra Jónsson (1637–1702), bónda í Vigur í Ísafjarðardjúpi, og trúlega ortur 1660 eða þar um bil. Þar er eftirfarandi erindi þar sem skáldið þakkar guði sínum fyrir að hafa verndað sig um liðinn dag.

So að ólukka, angur og slys,
allt hefur farið mig við mis
og aðskot illra anda,
so engin nægð af illsku slægð
mér orkaði í dag að granda.²⁷

²⁴ Sveinn Pálsson 1788:184. Stafsetning samræmd.

²⁵ Sjá *ONP* og *Ritmálskrá*.

²⁶ Orðið er glósað *scommata* (=háðsyrði) í *Lexicon Islandicum* eftir Guðmund Andrésson (1999) (d. 1654).

²⁷ AM 102 8vo, 84r. Stafsetning samræmd. Ég þakka Einari Gunnari Péturssyni hjálp við að lesa þetta handrit. Sálmurinn er einnig til í Lbs 847 4to, NKS 56 d 8vo, JS 643 4to, ÍB 127 8vo og sjálfsagt víðar.

Eins og rætt var hér á undan er þekkt að sjúkdómar og önnur óhöpp séu skýrð með íhlutan ósýnilegra illvættu. Aðskot gæti merkt eitthvað svipað og aðsókn en í stað þess að illvætturinn komi sjálf til að hrella fólk beitir hún fyrir sig *skotum*. Hugmyndin væri þá að álfar og andar hefðu yfir að ráða einhvers konar skaðlegum flaugum sem þeir skytu að fólki til að valda því skaða. Með þessum skilningi fæst skynsamleg merking í bæði kvæðin sem orðið kemur fyrir í.

Sterk rök fyrir því að þetta sé réttur skilningur er að skot af þessu tagi eru þekkt annars staðar í Norður-Evrópu. Í Noregi gengur fyrirbærið sem hér um ræðir undir ýmsum nöfnum en heitir ekki síst *alvskot*. Eldar Heide bendir á að orðið sé til í svo mörgum tilbrigðum í norskum mállýskum að það hljóti að hafa verið lengi í málinu. Einnig getur hann þess að lítið sé um álfa í norski þjóðtrú í seinni tíð og bendir það einnig til að orðið sé gamalt. Telur hann þess vegna að norræna hafi átt orðið 'alfskot' þótt það finnist nú ekki í heimildum.²⁸ Á íslensku þekktist orðið 'skessuskot' um bráðaverk í baki og er það sjálf-sagt eins hugsað.²⁹

Óheillaskeyti af þessu tagi finnast einnig í fornenskum heimildum. Í særingu sem nefnist *Wīð færstice* og varðveitt er í handriti frá því um 1000 er meðal annars talað um *ylfu gescot* ('álfaskot').³⁰ Hugmyndin er því gömul en ekki er gott að vita hvort hún hefur verið til á Íslandi frá fyrstu tíð eða hvort hún er seinna til komin fyrir erlend áhrif.

Níðurstöður

Eins og hér hefur verið sýnt birtast álfar á nokkuð margvíslegan hátt í bókmenntunum og er ekki fjarri lagi að leita skýringa á því. Þá er fyrst að huga að því að álfar höfðu hlutverki að gegna í norrænni trú og er þá óhjákvæmilegt að afstaðan til þeirra hafi breyst með kristnitökunni. Samkvæmt kenningum kirkjunnar er þess að vænta að dularfullar verur séu vélabrögð djöfulsins. Þetta viðhorf hefur haft sín áhrif og sjást þess merki í bænunum sem til var vitnað.³¹ Það er þó ekki svo

²⁸ Heide 2006:229.

²⁹ Kjartan Ottósson 1983:41; Matthías Viðar Sæmundsson 1992:275. Ég finn ekki heimildir um 'skessuskot' eldri en frá 20. öld. Einnig mun það til að orðið 'skot' sé notað eitt sér um veikindi (Kristján Eiríksson, munnleg heimild).

³⁰ Hall 2004:11.

³¹ Sjá ennfremur Einar Gunnar Pétursson [óútg.] um deilur lærðra manna á 17. öld um eðli álfa.

að um sé að ræða einsleita þróun frá björtum og góðum álfum í fornum textum til dökkra og djöfulegra álfa í ungum textum.

Þegar viðhorfin til álfa í tiltekinni heimild eru skoðuð ber að gæta þess að textinn er ekki gagnsær gluggi inn í viðhorf höfundarins og samtíðar hans. Hlutverk álfanna hlýtur alltaf að markast af bókmenntalegu eðli textans sem um ræðir. Í samhengi bænarinna er hið yfirnáttúrulega annaðhvort guðlegt og vinveitt eða djöfulegt og varasamt. En þegar rímur eru ortar er ímyndunaraflíð virkjað til þess að skemmta fólki og furðurnar eru þá ekki endilega mjög gildishlaðnar. Í lýrískum kveðskap undir fornyrðislagi er meiningin að hreyfa við tilfinningum áheyrans. Það þarf ekki að koma á óvart að álfar hafi mismunandi birtingarmyndir í mismunandi textum. Á miðöldum hafa margvíslegar hugmyndir um álfa verið á kreiki og skáldin nýttu þá sem hentaði þeim best hverju sinni.³²

HEIMILDIR

HANDRIT

AM 713 4to

AM 969 4to

AM 102 8vo

JS 643 4to

JS 492 8vo

Lbs 847 4to

NKS 56 d 8vo

ÍB 127 8vo

AÐRAR HEIMILDIR

Ármann Jakobsson. 2006. „The Extreme Emotional Life of Völundr the Elf“ *Scandinavian Studies* 78:227–54.

Björn Karel Þórólfsson. 1934. *Rímur fyrir 1600*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

Edda. Skáldskaparmál. 1. Introduction, Text and Notes. 1998. Útg. Faulkes, Anthony. London: Viking Society for Northern Research.

³² Shippey (2005) leggur áherslu á að hugmyndir um álfa séu sundurleitar svo langt aftur sem heimildir ná og að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að þær séu allar runnar af einum heildstæðum meidi. Gunnell (2007) og Ármann Jakobsson (2006) ræða málið á svipuðum nótum.

- Eddadigte* III. 1959. Útg. Jón Helgason. København.
- Einar Gunnar Pétursson. *Tvö skrif um Kötludraum*. Óútgefin ritgerð.
- Einar Ól. Sveinsson. 1940. *Um íslenskar þjóðsögur*. Reykjavík: Sjóður Margrétar Lehmann-Filhés.
- Finnur Jónsson. 1920–1924. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie I–III*. København: Gad.
- Finnur Jónsson. 1926–1928. *Ordbog til de af Samfund til udg. af gml. nord. litteratur udgivne rímur samt til de af Dr. O. Jiriczek udgivne Bósarimur*. København.
- Finnur Jónsson. 1931. *Lexicon poeticum*. København: Det Kongelige Nordiske Oldskriftselskab.
- Gísli Sigurðsson. 1995. „Kötludraumur: flökkuminni eða þjóðfélagsumræða?“ *Gripla* 9:189–217.
- Guðmundur Andrésson. 1999. *Lexicon Islandicum*. Reykjavík: Orðabók Háskóla Íslands.
- Gullkársljóð*. Útg. Haukur Þorgeirsson. Óprentað.
- Gunnell, Terry. 2007. „How Elvish were the *Álfar*?“ í *Constructing Nations, Reconstructing Myth* (ritstj. Andrew Wawn): Turnhout: Brepols.
- Hall, Alaric. 2004. *The Meanings of Elf and Elves in Medieval England*. University of Glasgow.
- Haukur Þorgeirsson. 2010. „Gullkársljóð og Hrafnagaldur. Framlag til sögu fornryðislags“, *Gripla* XXI:299–334.
- Hávamál*. Útg. Evans, David. 1986. London: Viking Society for Northern Research.
- Heide, Eldar. 2006. *Gand, seid og ándevind*. Universitetet i Bergen.
- Íslenskar þulur og þjóðkvæði*. 1898. Útg. Ólafur Davíðsson. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Farlmanns rímur*. Vélrituð uppskrift eftir AM 610 c 4to, varðveitt á Árnastofnun.
- Jón Þorkelsson. 1888. Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede. København.
- Kjartan G. Ottósson. 1983. *Fróðárundur í Eyrbyggju*. Reykjavík: Menningar-sjóður.
- Late Medieval Icelandic Romances* III. 1963. Útg. Agnete Loth. København: Den arnamagnæanske kommission.
- Matthías Viðar Sæmundsson. 1992. *Galdrar á Íslandi*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. Aðgengileg á lýðnetinu.
- Ritmálsskrá = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Aðgengilegt á lýðnetinu.
- Rímnaafn* I–II. 1905–1922. Útg. Finnur Jónsson. København: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur.

- Shippey, Tom. 2005. „*Alias Oves Habeo*: The Elves as a Category Problem“. Í *The Shadow-Walkers: Jacob Grimm's Mythology of the Monstrous* (ritstj. Tom Shippey):157–188. Turnhout: Brepols.
- Sveinn Pálsson. 1788. „Registr yfir Islensk Siúkdóma nöfn“. *Rit þess konúngliga Islenska Lærdóms-Lista Félags* 9:177–230.
- Vésteinn Ólason. 1982. *The Traditional Ballads of Iceland*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Vísnaþók Guðbrands*. 2000. Útg. Jón Torfason og Kristján Eiríksson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.

Kristbjörg Freydís Steingrímisdóttir

LJÓÐ III

FÆÐURNIR ÁTTU FAGURT LAND · LAXÁ Í AÐALDAL · HAUST

Fæðurnir áttu fagurt land

Mörgum virðist eyjan okkar smá,
örfoka, sorfin, hrjád af snæ og eldi
og margir glópar glýju í augun fá
ef gylltar stjörnur skína á bláum feldi.
Þeir vilja ólmir vita þetta land
sem veika eind í keðju sterkra þjóða,
þeir tala um sameiningu, bræðraband
er blessun fylgi og sé af hinu góða.
Þeir trúá að firm af valdi, auði, afli
Íslands bíði í stórveldanna tafli.

Er tryggt að litla landið mitt og þitt
til lengdar slíkra gæða fengi notið?
Hvenær hefur valdið vígi sitt
til velferðar þeim smáa niður brotið?
Hvenær hefur frek og fjölmenn þjóð
til fleiri miðlað því, sem unnist hefur?
Hvert land sem drakk í styrjöld banablóð
sín börn með grimmd um stórar fórnir krefur.
Þú veist að það er enginn annars bróðir
ef etja kappi sterkar, ríkar þjóðir.

Láttu þig aldrei ginna glópa þá
sem gullsins leita í stórveldanna sjóðum.
Hvenær mun sá fé sitt aftur fá
sem fórnar hiklaust eignum sínum góðum?
Hver vill binda þessa frjálsum þjóð
við þrælsins ok á stóriðjunnar klafa?

Hver lýtur þeim, er bjóða silfursjóð
ef sóun fagurs lands er þeirra krafa?
Valdhafi sem velferð lands síns gleymir
vinnur sér smán, er sagan lengi geymir.

Laxá í Aðaldal

Kastast úr klettagljúfrum
komin um afdal þröngan
liðast svo lygn um engjar
Laxá, hin fagurbláa.
Fellur á flúðum víða
faldar hvítu á bárum
vefur um víðihólma
votum faðmi og mjúkum,
yst á eyjanna bökkum
úðar hvannanna skrúða,
réttir bakkanna blómum
bikar af lífdrykk tærum.

Eyjar og hólmar allir
anga af lífi frjóu,
vaxin hvönnum og viði
vernda sundþolna gesti.
Undir gulstör og grasi
geymir skúföndin hreiður,
hefur við klettinn hrjúfa
húsöndin fundið skúta.
Stendur við strangar flúðir
straumöndin fagurlita,
grávíðir humlagullinn
gætir duggandareggja.

Seinna blágresisbreiðan
börnunum smáu leynir
uns, sem örsmáir hnoðrar
árinna heim þau kann.
Daga ljósa og langa
láta strauminn sér vagga,

komin af bárum bláum
byggja hólmann um nætur.
Móðurdúnninn er mjúkur,
mildur er kvöldsins andi,
svefninn er vær und vængnum
vögguljóð kveður blærinn.

Hreinan, óskertan unað
allt þitt lífríki vekur,
öll sú fegurð og friður
fangar hugann og seiðir.
Vatn þitt víðisins greinar
viðkvæmt laugar og strýkur
er þær bognar við bakkann
blöð í hyljunum skoða.
Kyrrist vindur er kvöldar
kemur værd yfir báru
meðan miðnætursólin
merlar gulli á strauminn.

Straumur þinn leynir lífi,
laxar um djúpin bláu
sveima sóldaga bjarta
seiddir um vegu langa.
Kornir af köldum sævi
konungar þinna hylja,
glíma við sterkan strauminn
stinnir og silfurgljáir.
Stökkva freyðandi fossa
falla í iðu hvíta,
stökkva aftur og aftur
uns þeir straumþungann sigra.

Veðimenn löngum laðar
lífið sem djúp þín geyma,
þeim sem við bakkann bíða
birtast heillandi myndir.
Bleikjan syndir um bládjúp
blakar uggum í strauminn,

stekkur stórlax á hylnum,
stakur urriði vakir.
Vaknar veiðimanns hugur
von um stórfiska lifnar.
– Rándýrseðlið er ennþá
okkar dyggasta fylgja.

Lífæð og drottning dalsins,
dreymandi fram þú streymir.
Stjúki þig sterkir vindar
strengirnir syngja lengi.
Áður en tæknin alla
alþýðuspeki deyddi,
fossarnir okkar feðrum
forðum spáðu til veðra.
Syngju í suðri fossar
sunnanvindar og hlýja!
Niðaði í norðri strengur,
nú myndi von á hörðu.

Nöfn sem hugina heilla
hefur tíminn þér gefið,
fundin af fyrri mönnum,
fléttuð í þeirra sögu.
Grástraumur, Vitaðsgjafi
gleðja veiðimannshjarta,
Álfthylur, Eyjakvíslar,
yndi draumlyndum vekja.
Þvottastrengurinn þylur
þrálátt um störf og annir,
Presthylur segir sífellt
sögur um hverfuleikann.

Þegar vetrarins veldi
við af sumrinu tekur,
frostið herðir sitt faðmlag
fjötur yfir þig leggur,
helsi ekki þú unir
undan klakanum brýstu,

æðir hamslaus um engjar
inn í hraunganga smýgur.
Finnur farveg þinn aftur
frostsins hrammur er sleppir,
streymir óbuguð áfram
eins og frjálsbornum sæmir.

Þú verður enn um aldir
allra fallvatna drottning,
vekur unað og yndi
allt með lífsmagni nærir.
Seiðmagn þitt ber í sálu
sérhver, er eitt sinn hefur
setið á sumarkvöldi
sóhlýju, á bakka þínum.
Hlustað hrifinn á niðinn,
horft á síkvika blikuð,
heyrnt í hljómfalli straumsins
hjartslátt þinn öran, sterkan.

Haust

Nú bregður lit á landið haustsins glit
löngu er sölnað vorsins bjarta skart,
þótt aldursferlisgaldur greinist vart
göngum við sömu örlögum á vit.

Ég heyri stríðan tón í tímans þyt
frá tregastrengjum – og mér finnst það hart
að árin þræði silfri hár mitt svart,
saknaðarljóð ég æsku minni flyt.

Ég veit og skil, þó hrynji hrím á brár
og hrukkur risti enni mitt og vanga
er tilgangslaust að harma hrörnun slíka.

Er fyrstu snjóar falla í þitt hár
þá finnst þér aðeins léttari sú ganga
fyrst vinir þínir gerast gamlir líka.

Þórgunnur Snædal

Nokkrar vísur úr rúnahandritum

Þær mörgu stundir sem ég hef setið við að skoða og skilgreina öll þau fjölmörgu handrit rúnafræðilegs efnis sem varðveitt eru m.a. á Handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og í Den Arnamagnænske Samling í Kaupmannahöfn hef ég mér til gamans og afþreyingar skrifað upp vísur sem á einhvern hátt tengast hinu rúnafræðilega efni og sá, sem handritið skrifaði, hefur sett á spássíu eða til útfyllingar blaðsíðna sem annars hefðu verið auðar eða hálfar. Stundum er höfundar getið, stundum ekki, stundum virðist ljóst að sá sem skrifaði upp handritið hefur einnig ort vísurnar og að þær eru sprottnar af hugrenningum skáldsins meðan það sat við að skrifa upp letrin. Ekki eru þessar vísur alltaf merkilegur kveðskapur en þær lífga samt uppá textann, því oft eru þessar endalausú upptalningar á rúnaletrum ekki sérlega skemmtilegar, og gefa lesandanum samband við þann sem hefur unnið þá þolinmæðisvinnu að skrifa upp öll þessi einkennilegu letur.¹ Vísurnar gefa einnig ofurlitla vísbendingu um ástæðuna fyrir áhuga fræðimanna fyrir öllum þessum letrum, en af þeim að dæma virðist hún hafa verið tvíþætt, sumir vildu læra rúnagaldra og hræða aðra með þeirri kunnáttu, aðrir vildu bjarga fornum fróðleik frá glötun.

Handritið ÍB 165 8vo getur varla talist með merkilegustu handritum. Það er skrifað á 18. öld og í því eru m.a. margvísleg fremur illa skrifuð rúnaletur. Á eftir rúnaletrunum stendur þessi vísa:

Letrið rúna lærðu þetta lundur fleina,
með tilbúna gagnsemd greina
(staf) svo gætir rúna villt til meina.²

¹ Í greininni Rúnalist og letrabækur í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 2008 hef ég gert nokkra grein fyrir þessum mörgu lettrasöfnum og höfundum þeirra ef þekktir eru (sjá Þórgunnur Snædal (2008)).

² Orðið „staf“ stendur á spássíu.

Hér er ýjað að því að ástæðan fyrir þessari iðjusemi við letrín sé að verða fær um að nota rúnirnar til galdra, enda eru til margar heimildir um að menn hafi látið kunnáttu sína í rúnagöldrum í veðri vaka með því að láta glitta í horn af rúnabókum eða blöðum. Snorri á Húsafelli virðist hafa borið rúnablöð á sér og hefur líklega ekki haft neitt á móti því að hann væri álitinn kunna eitthvað fyrir sér í rúnagöldrum.³ Í þætti sínum „Kornsár-Gróa“ segir Magnús Björnsson frá Syðra Hóli frá því að Jón Jónsson, hinn illræmði sonur Gróu, sem myrti verðandi barnsmóður sína, hafi þóst góður þegar hann komst yfir kver „með mörgum rúnum, og töfrastöfum og fyrirsögnum hversu með skyldi fara.“⁴ Við yfirheyrslur um morðið 1767 vitnaði kona ein um að Jón hefði sýnt sér rúnablöð „með ófrýnilegum stöfum“. Þegar stúlkan sagðist ekki trúa á þá galdra svaraði hann því til „að hún segði annað ef hann dræpi hana með því.“⁵ Svipuð dæmi um trú á rúnablöðum og galdrastöfum hef ég rekist á víða í heimildum.

Heilan vísnaþákk um rúnir og galdra er að finna í hinu bráðskemmtilega handriti Lbs 1181 8vo. Þetta pínulítla kver er skrifað um 1850 með einni hendi og heitir „Hulduvísindi Fornaldar Fræðimanna úr Fornaldaranum.“ Ekki er vitað hver höfundurinn er, en Jón Þorkelsson fékk handritið 1881 úr dánarbúi Geirs Vigfússonar.⁶ Kverið er samtíningur af ýmsum fróðleik, þjóðsögum og kvæðum. Ekki er mikið um rúnir í kverinu, en ýmis letur og upptalning á ýmsum rúnaletrum, og margt þarflegt er hægt að læra þar svo sem að skilja fuglamál, að gjöra fé spakt, að láta einhverjum verða flökurt og fleira. Vísurnar eru á bls. 6 undir fyrirsögninni STAKA:

Austra faldur ekki hýr
yfir tjaldar dimmu.
Kári aldrei kennist hlýr
í kafalds galdra rimmu.

Stafir galdra standi á spjaldi svörtu.
Þyldu síðan þinn í feld
þróaðu líka seið með eld.

³ Þórgunnur Snædal (2008), bls. 33.

⁴ Magnús Björnsson (1966), bls. 234.

⁵ Magnús Björnsson (1966), bls. 241.

⁶ Þórgunnur Snædal (2008), bls. 31–33.

Sæmundur fróði segja menn
sín hafi fræði stundað
það er spurn hvert engin enn
ögn hafi þvílíkt grundað.

Sólarljóðin söng þó góð
Sæmundur hinn fróði
geðjast má að þeim vel þjóð
sem þróttgum hetju móði.

Nokkru aftar í kverinu er enn ein vísa:

Hátt til fjalla á Hnikars mey
heyrist gjall vindfarans.
Ráð er allar rita ei
rúnir Fornaldarans.

Hið gullfallega handrit ÍB 299 4to er skrifað 1764 af þeim þekktu og afkastamikla listaskrifara Jakobi Sigurðssyni frá Vopnafirði (um 1727–1779). Jakob bjó á Skálanesi og fleiri kotum í Vopnafirði og lést á Breiðumýri, aðeins rúmlega fimmtugur.⁷ Neðst á bls. 62 setur hann, til að fylla út síðuna, „vísur séra Jóns Guðmundssonar“:

Þetta letur þénar síst
þegnum viskusnauðum,
en hinum betur hér á lýst
hugs' um letrín það er víst.

Eldri menn á Ónars frú
iðkuðu soddan fræði,
er ei kenna ítar nú
oft vill spenna gleymiskan sú.

Gætu þessar vísur bent til þess að þau rúnaletur sem Jakob skrifar upp væru sótt í nú týnt handrit þessa séra Jóns, þótt Jakob geti þess ekki sérstaklega.⁸

⁷ Gísli Sigurðsson (2002), bls. 180.

⁸ Ekki verður skoríð úr um hvaða prestur þetta hefur verið, þar sem margir prestar með þessu nafni eru í *Prestatali og prófasta Sveins Nielssonar og í Íslenskum æviskrám*.

Jón Ólafsson Grunnvíkingur (1705–1779) skrifaði heilmikið rit um rúnir, sem hann kallaði Rúnareidslu.⁹ Hann var einnig samilega hagnæmtur eins og kunnugt er. Handritið JS 149 fol. er samtíningur, aðallega um rúnir, með hendi Finns Magnússonar og Jóns Sigurðssonar. Á lausan miða í handritinu hefur Jón Sigurðsson skrifað þær tvær vísur sem Jón Ólafsson hefur sett á öftustu blaðsíðu af fyrstu gerð rúnólógu sinnar 1732:

Ritað hef ég rúnir hér,
reynt á augun víst til sanns.
Glatt svo endað gaman er
göfugt eftir vilja manns.

Nafnið sjái ýtar á:
Unnars þak svo kalla það,
Ásgarðs jöfur, þýja þrá.
Þar hefur vísan enda stað.

Rúnirnar eru Ís, Óðinn, Nauð og mynda þær nafnið Jón. Vísurnar skrifar Jón Sigurðsson upp eftir handritinu NKS 474 fol. Það er skrifað á 18. öld, en virðist ekki vera eiginhandarrit Jóns Ólafssonar. Því miður hef ég ekki haft tækifæri til að skoða handritið.

1752 lauk Jón við enn fyllri gerð af Rúnareidslu sinni. Hún er varðveitt í AM 413 fol, sem Jón skrifaði sjálfur og endar einnig á vísu sem skrifuð er með rúnum:

Er á enda rúnarit
sem rekkurinn hafði í frammi,
en ef í það vantar vit
virðar ekki skammi.

Ég lét fljóta hér með tvær vísur í viðbót þótt efni þeirra sé að vísu ekki rúnafræðilegt.

Jón Egilsson (1724–1807) á Stóra Vatnshorni í Haukadal var afkastamikill fræðimaður á síðari hluta 18. aldar og skrifaði kringum 1770 fallett og fróðlegt handrit, Lbs 624 4to, sem hann kallaði: „Margkvíslaðar rásir hins mæra Mímis brunns. Glöggsenar af eðli hins

⁹ Um Rúnareidslu Jóns er hægt að fræðast nánar í Jón Helgason (1926), bls. 53–71.

meira og minna heims eftir fróðra manna riti með athygli í einn stað leiddar fyrir þá er slík vörn vel smakkast.“

Í bókinni eru mörg forvitnileg rúnaletur og galdraráð ásamt ýmsu öðru efni.¹⁰ Aftarlega í handritinu er þáttur sem Jón kallar „Prologus hringingsins hamingjunnar er kallast Völundar hús.“ Þar hefur hann einnig teiknað hringlaga mynd af völundarhúsi. Innst stendur hempuklæddur maður (eða kona) með öxi í hendi. Hann er kringluleitur með kringlótt höfuðfat. Í ysta hringum stendur þessi vísa:

Ævi manns er eins og hús
er menn Völunds kalla,
inn þar margur fetar fús,
fær út ratað valla.

Þessi vísa, aðeins frábrugðin, er prentuð í *Íslenskum sjávarháttum* eftir Lúðvík Kristjánsson, IV. bindi, bls. 218.

Svipuð saga og teikning af völundarhúsi er í handriti Jakobs Sigurðssonar, Lbs 781 4to, engar rúnir eru í því en fróðleikur ýmislegur. Á öftustu blaðsíðum er teikning af völundarhúsi með ljóni í miðjunni og þessum kostulegu vísum framan við:

Hefur öngvan heila kálfs
haft í sinni svarðar krús
eikin fögur flóða báls
sem funderaði þetta hús

Slíka að eiga gefnar grauts
gímu prýdda listunum
eign er(?) betri en til skrauts ...
[lokallínan er ólæsileg vegna viðgerðar á handritinu]

¹⁰ Þórgunnur Snædal (2008), bls. 7–10.

HEIMILDIR

HANDRIT

AM 413 fol

ÍB 165 8vo

ÍB 299 4to

JS 149 fol

Lbs 1181 8vo

Lbs 624 4to

Lbs 781 4to

NKS 474 fol (óbeint)

PRENTAÐAR HEIMILDIR

Gísli Sigurðsson (2002). Melsteðs Edda: Síðasta handritið heim? *Handritin. Ritgerðir um íslensk miðaldahandrit, sögu þeirra og áhrif*. Ritsj. Gísli Sigurðsson og Vésteinn Ólason. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík. (Bls. 179–184).

Jón Helgason (1926). *Jón Ólafsson frá Grunnavík*. (Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga V). Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.

Lúðvík Kristjánsson (1985). *Íslenzkir sjávarhættir*, IV. bindi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Magnús Björnsson (1966). *Fæðraspor og fjörusprek*. Bókaförlag Odds Björnssonar, Akureyri.

Þórgunnur Snædal (2008). Rúnalist og letrabækur. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2006–2007*:5–46.

Sigríður Jónsdóttir

LJÓÐ
IV

SÆRINGAR · ENDIR

Særingar

Gæti ég dregið áhrínsorð úr djúpi hugans,
ákallað með þeim
ættarfylgjuna,
leitað hefnda utan takmarka
æðruleysis og fórna?
Étið mold
í togklæddum félagsskap
Stekkjarmóra
frænda míns?
Get það ekki?

Getur afl sársauka og reiði
borið mig
um skammdegisnætur
til enn dimmari staða?
Þangað sem þjóðvegir óvildar liggja?

Ég er löngu lögð af stað.

Á undan mér fóru aðrir,
vígbjuggust
engu fúsari
engu vissari
og föruneytið engu fremur
af þessum heimi.

Endir

Við þá
sem ég fyrirgaf aldrei
samdi ég eittraðan frið,
og Pokurinn fagnar
við Heljar dyr.

Á efsta degi
fæ ég svarið eiða
við eina mig
orðin að heyi.

Þórður Helgason

Rímnámál

*Aum finnst mér öldin,
atgervið mornar;
kveð ég á kvöldin
krafrímur fornar.*

Grímur Thomsen

Tvær sögur úr eigin lífi koma mér í hug. Um tvítugt vaknaði hjá mér áhugi á að eignast gamla muni, einkum þá sem heyrðu til fornra atvinnuhátta. Ég kom að máli við móður mína og innti hana eftir því hvort hún ætti ekki þvottabretti sem ég mundi raumar óljóst eftir á heimili okkar. Ég fékk einbeitt svar: „Nei, Þórður, svo fegin varð ég þegar við þabbi þinn gátum loks fest kaup á þvottavél að ég lét það verða mitt fyrsta verk að fleygja þvottabrettinu – og sá ekki eftir.“

Ég var sumardrengur í sveit frá sjö ára aldri eins og tíðkaðist. Híbyli voru góð og tiltölulega ný. Hins vegar voru skammt frá bænum gamlar rústir torfbæjar. Þann bæ reif húsbóndi minn til grunna er hann hóf byggingu nýju bæjarhúsanna. Hann lifir þó á þekktu málverki Ásgríms Jónssonar. Bóndinn sagði mér síðar frá því að litlu síðar hefði hann áttað sig á að niðurrífið orkaði tvímælis; hann gerði sér grein fyrir því að hann hefði jafnað við jörðu síðasta torfbæ sveitarinnar.

Báðar þessar sögur fannst mér tengjast efninu sem hér fer á eftir.

I Litið um öxl

Dómar í lok 19. aldar

Árið 1881 lítur Jónas Jónasson, sem kallar sig stúdent, yfir farinn veg bókmenntanna á 19. öld í langri grein í *Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags*. Hann er sannfærður um að ferðin hafi verið til fjár þótt fararefni hafi verið rýr:¹

Eins og kunnugt er, var allur skáldskapur fyrir og um aldamótin á mjög svo lágu stigi; síðan á 15. öld drotnaði rímnakveðskapurinn, og hann og sálmaskáldskapurinn áttu þá forsæti á óðalstöð hinna fögru vísinda nær 400 ára tíma. Rímarnir orktu rímur og sálmaskáldin sálma hverir í kapp við aðra, og flestir hvort-

¹ Jónas Jónasson stúdent (1881:177–178).

tveggja ... Þessi rímnamentun og sálmalist var bæði gagnslaus, vitlaus og skadleg, því að fyrir hana dó út öll fegurðartilfinning, því að alt var bundið við að skrúfa saman orð í rím og hljóðstafi, hvað illa sem þau áttu við og hvílíkt afskræmi sem málið varð við það, og var þó ekki einu sinni svo vel, að nokkur formfegurð eða rímlipurð ætti stað.

Tveimur áratugum síðar, árið 1902, metur höfundur greinarinnar „Skáldskapur og bókmentir“ í tímaritinu *Dagskrá II*, líklega Sigurður Júl. Jóhannesson, ritstjóri blaðsins og einnig skáld, ástand skáldskapar um aldamótin 1800: „Þannig var högum háttað á Íslandi um og eftir aldamótin 1800, að þar ríkti andlegur svartidauði. Skáldskapur var nálega óþektur, nema sálmur og rímur, sem hvorttveggja var til háðungar og niðurdreps fyrir íslensk tungu.“²

Friðrik J. Bergmann fjallar um sama efni í ritdómi um *Grettisljóð* Matthíasar Jochumssonar árið 1898 og hefur þetta að segja um rímurnar: „Rímnæöldin er liðin undir lok. Það reisir hana enginn við aftur ... Hún hefði komið íslenskum skáldskap fyrir kattarnef, ef hún hefði fengið að halda áfram. Rímnahættirnir eru óhæfir fyrir hetjuljóð. Grettisljóð sýna það. Þau kvæðin, sem orkt eru undir öðrum háttum, eru öll efnismeiri, veglegri, – meira höfðingsmót að þeim.“³

Aldamótaárið lítur og E[inar] H[jörleifsson Kvaran] um öxl og einnig hann sér fátt annað en framfarir á akri bókmenntanna. Að mati Einars voru íslensku skáldin um 1800 ekki enn búin að uppgötva dýptir sálarlífsins. „Þau fara aldrei með lesandann inn að upptökum nokkurrar geðshræingar. Þau lofa aldrei sál hans að lauga sig undir ástríðufossinum.“ Að mati Einars höfðu skáldin þá ekki enn uppgötvað dýrðir náttúrunnar. „Það er eins og skáldin á þeim tímum hafi aldrei séð himininn verða rauðan eða blágrænan, aldrei séð skýin taka á sig furðulegar myndir, aldrei séð sjóinn tryllast né verða að skínandi spegli, aldrei heyrt storminn í algleymingi sínum, aldrei fundið hlýja goluna leika um kinn sér, aldrei látið hugann reika víða í grænni laut í logninu, aldrei séð fjöllin blá, né rauð, né hvít, aldrei heyrt lóuna syngja.“ Að lokum nefnir Einar niðurlægingu tungumálsins: „... skáldin um 1800 yrkja að öllum jafnaði á óvönduðu, ljótu máli.“⁴

Þessi orð þeirra fjórmenna í lok aldar eru afgerandi og ekki ein

² [Sigurður Júl. Jóhannesson] (1902:1).

³ Friðrik J. Bergmann (1898:155).

⁴ E[inar] H[jörleifsson Kvaran] (1900:91–92).

á ferðinni um hinn vonda skáldskap rímaranna. Fegurðina skorti með öllu, efnið var út í hött, braglistin á villigötum, orðfæri lítt sinnt nema til þess að fylla inn í bragarháttinn og knýja fram rím og stuðla, bragarhættir rímna lítt til þess fallnir að yrkja fagran skáldskap, málfarið ljótt og lítill eða enginn skáldskapur á ferðinni. Frumleikinn fólst í því að finna dýrari hætti og nýjar kenningar. Málið er samt sem áður miklu flóknara en þessi orð gefa til kynna. Nýr smekkur hafði að vísu fest rætur, en skildi eftir spurningar sem kröfðu þjóðina svara: Hvers virði var arfleifð síðustu alda? Var nýr smekkur næg ástæða þess að kasta fyrir róða stærstu skáldskapargrein Íslendinga?

Kröfunni um vandaða meðferð brags, stíls og orðfæris vex fiskur um hrygg á 19. öldinni. Mjög miklar umræður verða í blöðum og tímaritum um eðli skáldskapar og nýjan smekk; menn velta því fyrir sér af mikilli alvöru hvers skyldi krafist af skáldum þannig að þau stæðu undir nafni og ekki síður virtist orka tvímælis hvenær bæri að tala um ljóð og hvenær kvæði eða kviðlinga. Þær vangaveltur urðu ekki alltaf rímnaskáldunum hagstæðar.

Rímur í móthyr

Andstaða við rímur og rímnakveðskap átti sér langar rætur. Þannig gerði Guðbrandur Þorláksson biskup harða hríð að rímum í formála *Sálmabókar* árið 1589. Hann leit svo á að rímur sem og aðrar veraldlegar bókmenntir leiddu fólk frá guði og góðum síðum og hvatti guðhrædda valdsmenn og fróma húsbændur til að leggjast á árar með sér og öðrum kirkjunnar þjónum til að útrýma ósómanum, en efla þess í stað andlega iðkun. Guðbrandi er sem sé efst í huga hinn trúarlegi þáttur, efnið sjálft, en lætur hið listræna ekki til sín taka.

Þetta viðhorf áréttar síðan Guðbrandur í formála *Vísnaðabókar* árið 1612, þótt hann taki ekki eins djúpt í árinna, og viðrar þá skoðun sína að allt eins mætti semja rímur og kvæði af heilögum mönnum. Í Húsagatilskipun Harboes frá árinu 1746 er tekið í sama streng.

Það er alveg ljóst að þegar leið á 18. öldina voru menn orðnir efins um gildi rímnalistarinnar. Á lærdómsöld lengdust rímurnar og dýrleikinn jókst og átti sér á stundum lítill takmörk. Kenningarnar urðu flóknari og stóðust ekki Eddufyrirmyndirnar á stundum „... og á 18. öld var kenningamoldviðrið komið í algleyming;“ ritar Óskar Halldórsson.⁵ Þess var því von að nýjar hugmyndir um skáldskap og hlutverk skálda andæfðu hinna gömlu skáldskapargrein. Jónas Hallgrímsson var

⁵ Óskar Halldórsson (1996:11).

þar alls ekki fyrstur á ferðinni þótt svo færi að afdráttarlaus orð hans væru minnisstæðust mönnum og hefðu áhrif allt til dagsins í dag.

Í *Ritum þess íslenska Lærdómslistafélags* árið 1789 eru skáldin hvött til að breyta um afstöðu til skáldskaparins, þannig að „vor tilkomandi skáld vildu, ístadinn fyrir að kjafa meining og andakraft í gautsku klíngklangi af einshljóðandi ítrekudum atqvæðum, slíta af sér öll dárleg, edr óþarflig bönd, er midaldursins vísnasmidir hafa á sig lagt, svo að segia til uppbotar, fyrir þat þeir vildu hafa sig undan því er náttúrliga heimtaz má af einu Skáldi: at yrkia með andagipt og ordheppni.“⁶

Þetta var sem sé krafa um að láta af hinu torræða skáldamáli og taumlausri dýrkun hins dýra forms en snúa sér að einfaldara máli og háttum – og umfram allt leyfa anda skáldsins að koma meira við sögu og vanda allt mál betur en gert var.

Árið áður segir í formála Lærdómslistafélagsritanna um þá áherslu á þýðingar sem birtist í ritunum að það sé til þess gert að „sem flíotast útbreidiz hinn hreini skáldskapar smeckr á Islandi“.⁷

Magnús Stephensen fer í formála að *Skémtileg Vina-Gleði háðulegum* orðum um rímurnar og hafnar skáldskapargreininni bæði af fagurfræðilegum ástæðum og hugmyndalegum.⁸

Ad helmíngur styckia-tölunnar, en þó minna en sjöttungur Vina-Gledinnar, er, til breytingar, í andlegum og veraldlegum liódmælum, og til útbreidslu betri skáldskapar smecks enn þess, er mest drottnar nú hér í landi, mun þeim víst midur gédiast, sem í qvedskap aldrei leita að efni, né skarpvitrum, meiningar-fullum og snotrum þaunkum, heldur láta sér nytina nægia þó kiarnann vant, og fást ei um, þó bögur og rímur velli af marklausu þvættíngs bulli, stagli, meiningarlausum hor-tittum og heimsku kénningum, hafi leir-veltan að eins veniulegt útvortis bragar-form, einkum dýrt og í mörgum samstæðum skéllandi í eyrum þegar þessum en ei skynsemi og gáfum skémta skal.

Sigurður Pétursson valdi hins vegar þá leið að skopast að rímum í Stellurímum sínum, efni þeirra, orðfæri og kenningum.

⁶ „Formáli“ (höfundur ekki tilgreindur) *Rit þess íslenska Lærdómslistafélags* 10 (1789:xvi). Sveinn Yngvi Egilsson (1999:55 nm.) gefur þá skýringu á „gautsku“ að íslenskar fornsögur höfðu gjarna verið gefnar út í Svíþjóð með þeirri fyrirsögn að þær væru skrifaðar á „Gammal Götska“.

⁷ „Formáli“ (höfundur ekki getið). *Rit þess íslenska Lærdómslistafélags* 9 (1788:xviii).

⁸ Magnús Stephensen (1797:ix-x).

Eggert Ólafsson var ekki andvígur rímnaskáldskap enda sjálfur undir áhrifum fornmenntastefnunnar og yrkir lengi vel oft dýrt með miklum kenningum en greinilegt er á formála kvæðabókar hans, sem raunar kom ekki út fyrr en árið 1832, að hinn dýri skáldskapur, áreiðanlega oft rímnanna, er Eggerti umhugsunarefni:⁹

Hvað *bragarhættina* áhrærir, þá eru þeir með sama slag flest-allir kunnugir, en dýrleikr þeirra er misjafn, og móti því sem íslensk skáld brúka á þessum dögum, óregluligr, því nær maðr fer að yrkja undir nokkrum bragarhætti, hvað dýr sem hann er, þá rembist hann við, að halda kvæðinu með jöfnum dýrleik út til enda ... Nú má ei þesskonar skáldskap lasta, ámeðan efnið er óskældt og samsetningin liðug; er þá með því meiri snild og prýði, að kveðandinn verðr lífligri, orðin falla í skorður, en málið verðr mjúkt og hjartnæmt. Skáldskaparkonstin er ei annað enn sú efsta trappa mælskukonstarinnar, og tilgánger og nytsemi skálda og mælingismanna á að vera allr hinn sami, sem sé: að hræra mannlig hjörtu og draga þau til samsýnis sér. En mér sýnist optliga mikið útaf því bregða, þegar vér kveðum dýrt, því bæði skjótast inn málleysur, og setning orðanna verðr stíð og óþæglig, en efnið illa útliðað, svo kveðandinn missir þá sitt rétta líf og tilgánger nytsemi.

Af framansögðu kemur það ekki á óvart að Magnús Stephensen sinnti lítt útgáfu rímna; gaf einungis út tvær rímur. Sonur hans, Ólafur Stephensen, bætti þó um betur og á tíu ára tímabili, 1834–1844, gaf hann út alls þrettán rímur.¹⁰

Á 19. öldinni tók steininn úr. Útgáfa rímna eykst til mikilla muna og hefur gróðavon vafalítið leikið þar töluvert hlutverk; rímur voru enn sem fyrr afar vinsælar. Til dæmis stóð Skúli Thoroddsen að útgáfu tíu rímna á Ísafirði og nú á Bessastöðum.¹¹

⁹ Eggert Ólafsson (1832:2).

¹⁰ Bragi Halldórsson (2008:25).

¹¹ Bragi Halldórsson (2008:26).

II Hinir „svokölluðu menntamenn“

Tilraun Finns Magnússonar

Ljóst er að mörgum þeim, sem kynntust erlendum samtímabókmenntum fyrir dóm Jónasar um rímurnar, sveið hversu Íslendingar voru afskiptir er kom að nýjum hreyfingum í skáldskap. Jón Helgason nefnir til sögunnar Finn Magnússon (1781–1847) sem dvaldi um aldamótin í Kaupmannahöfn og ræktaði þar skáldadraum sína og nam lögfræði sem ekki leiddi þó til lokaprófs. Hann sneri að fácinum árum liðnum heim og gerðist embættismaður en orti einnig og þýddi. Eftir hann liggja í handriti tvennar rímur, *Selverurímur* og *Rökkurrímur*.

Selverurímur yrkir Finnur um sumarsælu seljalífsins í hárómantískum anda, en *Rökkurrímur* fjalla um kvöldstemningu í íslenski sveit. Jón telur engum vafa undirorpið „að vakað hefur fyrir Finni að vekja upp nýja tegund rímna, þar sem ekki væri ort út af kynjasögum og bardögum, heldur valin yrkisefni í samræmi við þann kveðskap sem tíðkaðist í öðrum löndum...“¹² Hins vegar er ljóst að skáldskapargáfa Finns orkar tvímælis og Jón Helgason fellir þann dóm yfir rímnaskáldskap Finns að úr hefði getað orðið „þokkalegasta kvæði ef orðalagið væri ekki oft og tíðum svo dæmalaust klaufalegt; slík var arfleifð 18du aldar.“¹³

Það reyndist þannig ekki heiglum hent að rífa sig lausa frá þeim smekk sem lengi hafði búið um sig í íslenski ljóðagerð, þeim smekk sem nú lá brátt undir ámæli.

Sunnanpósturinn

Í *Sunnanpóstinum* árið 1835 er bókmenntaskeið samtímans á Íslandi kallað „rímnaöld“ og ekki er farið fallegum orðum um þá öld. *Andra rímum* er hallmælt og sagt um *Blómsturvallarímur* að þær séu „valla í húsum hafandi“. Hins vegar minnir *Sunnanpósturinn* á að *Tristráms rímur* Sigurðar Breiðfjörð séu „ædi miklu betri“. Og hvað veldur því að mati þess er skrifar? Jú, það er „hægra að skilja þær, og svo bregdur fyrir í mörgum mansaungum því gáfna ljósi sem Sigurdi Breiðfjörð sýnist svo ríkulega géfid.“¹⁴

Næsta ár, 1836, hamrar *Sunnanpósturinn* sama járníð og segir:

¹² Jón Helgason (1959:175).

¹³ Jón Helgason (1959:173–174).

¹⁴ A[rni] (Árni) H[elgason] (1835:133).

Það hefir nú leingi tíðkast í Íslandi, að þeir sem hafa fundid hjá sér, eða þókst finna Skáldskapar gáfu, þeir hafa tekid sér fyrir hendur að qveda rímur, eða snúa í ljód sögum og æfintírum, sem þeim hafa þókt þess verd.

Jafnvel nockrir almúgamenn, sem aldrei voru til menta settir, hafa, sér til dægrastyttíngar og ödrum til skémtunar, fengist við þessar ydkanir, og hefir nockrum þeirra tekist þetta vidlíka vel og hinum sem í Skóla höfdu gengid, þó þeim væri að vísu meiri vorkun, að svo miklu leiti sem þeir að eins kunnu málid, af því það hafdi verid fyrir þeim haft, en höfdu aldrei lært að þeckja þess eiginlega edli og krapt, sem þó sýnist naudsýn fyrir hvörn þann er yrkir eða ritar eitthvad.

Sá sem þetta ritar í *Sunnanþóstin* veltir því fyrir sér af hverju það skyldi stafa að nánast engar framfarir sjáist í þessari grein ljóðlistar, hvort sem var hjá hinum lærðu eða leiku – en finnur enga aðra skýringu þess en þá að með einhverjum hætti hafi greinin staðnað í sinni gömlu mynd. Þeir sem rímur yrki hafi staðlaða mynd þess hvernig staðið skuli að verki, og enginn dirfist að brjóta gegn henni. Enn sé það viðhorf ríkjandi að fremd sé að því að „hrúga saman óljósum og stundum illa videigandi Eddu kénningum eða sjálfgjörðum kénningum, og ætlad þá fyrst, er þessar voru nockud flóknar og langt að sóktar, mundi nockur mind á qvedskapnum.“¹⁵

Árni Helgason hitti naglann á höfuðið er hann kallaði öld sína rímnöld. 19. öldin var hin eiginlega öld rímnna enda bendir Finnur Sigmundsson á 550 rímur ortar á öldinni, um helmingur þeirra eftir að Jónas birti rímnadóm sinn í *Fjölni*. En jafnvel þótt 19. öldin sé blómaskeið rímnna er hún einnig hnignunarskeiðið; er leið á öldina varð ljóst að dagar þeirra voru taldir að mestu.¹⁶

Sigurður Breiðfjörð deilir á rímur

Það er líka mikilsvert að hafa í huga að Sigurður Breiðfjörð, sem olli svo miklum titringi á þessari rímnöld, sá sjálfur að rímnalistin var á villigötum og fjallar um það í formála sínum að *Númarínum*. Hann finnur þar að því að höfundarnir eru um of bundnir sögunni og hafi lítt frjálsar hendur og anda til að tjá sig í eiginlegum skáldskap. Hann veltir því fyrir sé hvort skáldin hafi „[...] með upplýsingu þjóðar vorrar

¹⁵ [Árni Helgason] (1836:17–18).

¹⁶ Sjá Bragi Halldórsson (2008:23).

tekið tilbærilegum og eftirvæntum framförum í mennt sinni, svo vel í því að velja snotur efni til kvæða sinna sem að hreinsa þau frá vanmælum og ófímlega brúkuðum Edduglósum ...“ Um efnisval rímnaskáldanna segir Sigurður: „Hvað efni íslenzkra rímnna snertir, mætti mér við þetta tækifæri vera leyft að ávíkja, að ég meina nú á vorri öld ótilhlýðilegt hér til að velja lognar tröllasögur svo afskræmilegar, að engin heilbrigð skynsemi fái þar af trúað einu orði ...“ Um mál og brag segir Sigurður þetta: „Þeir svokölluðu hortittir og vanmæli, eins og leiðinlegar og ofbrúkaðar Eddukenningar, fæðast líklega oft með þeim hætti, að skáldið velur sér kliðaðri bragarhátt en kraftar hans í örðugri frásögn leyfa honum þrautalaust að framklekja.“ Að lokum lýsir Sigurður yfir bót og betrun: „Eg hefi í Númerímum þessum viljað leitast við að umflýja það, sem mér helzt hefur þótt til lýta hingað til, svo vel á mínum eigin sem annara rímum.“¹⁷

Vissulega sést að Sigurður hefur viljað bæta um betur og tekst það oft með óvenjulegum glæsibrag – en situr síðan fastur í súpunni upphituðu. Sigurður hefur þar reynt það á sjálfum sér að það er erfitt að brjótast út úr stirðnuðu formi, ekki fyrstur manna eða síðastur.

Það er vissulega athugunarefni af hverju Jónas Hallgrímsson lætur þessi orð Sigurðar fara framhjá sér því ekki leikur vafi á að hann hefur haft veður af þeim enda rituð tveimur árum áður en hinn frægi rímnadómur birtist.

Fjölur og Sigurður Breiðfjörð

Sigurður Breiðfjörð niddi *Fjölni* strax eftir fyrstu útgáfu hans árið 1835 í „Fjölnisrjóma“¹⁸ og síðar í „Heilræðum til Fjölnis“¹⁹, 1837. „Fjölnisrjómi“ er 10 erinda kvæði þar sem *Fjölur* fær háðulega útreið. Þar eru þessi erindi:

Um uppruna jarðar útlögð klausa,
þó athygli fengi lærðum hjá,
bændurna rekur ráðalaus
ritningar sinnar orðum frá. –

Svo kemur brjef af eiginn anda,
á hverju lítið græða má,

¹⁷ Sigurður Breiðfjörð (1963:xiii–xiv).

¹⁸ Sigurður Breiðfjörð (1894:128–129).

¹⁹ Sigurður Breiðfjörð (1894:130).

nema ósannað last um landa
lága og hærri nóg má fá.

Þannig er *Fjölnir* í munni Sigurðar ókristilegur, óþjóðlegur og gagnslítill slaðurskjóða.

„Heilræði til Fjölnis“ í fjórum erindum eru ekki síður afdráttarlaus. Þetta er fyrsta erindið:

Mein er þeim, sem í myrkur rata
og mega ei finna rjettan stig;
aumur er sá, sem allir hata
og aldrei veit að betra sig;
heilræði enginn honum ljær,
hamingjan einatt þokast fjær.

Þetta breytir því þó ekki að Sigurði er ljóst að breytinga er þörf eins og fram kemur í ljóðinu „Skrifað í Eddu“:²⁰

Edda hefur ýmsum bætt
orðaskort og vanda.
Hún er komin þúsund-þvætt
þjóðinni til handa. –

Má jeg hvísla mönnum því
mjúkt í vinar eyra?
„Hún er máskje hófi í
hentug, eins og fleira.“

Hér kemst Sigurður að sömu niðurstöðu og Sveinbjörn Egilsson sem orðar hugsunina svo:²¹

„Edda prýðir“, allir lýðir segja;
en hana að brúka of mjög er
eins og tómmt að jeta smér.

Árið 1836 orti Sigurður Breiðfjörð *Rímur af Gunnari á Hlíðarenda* og hefur þar ýmislegt að segja hinum lærðu mönnum. *Rímur af Gunnari*

²⁰ Sigurður Breiðfjörð (1894:132).

²¹ Sveinbjörn Egilsson (1856:131).

birtust að vísu ekki á prenti fyrr en árið 1860 en enginn vafi leikur á að þær hafa snemma farið í handritum um allt land. Í mansöng 7. rímu fjallar hann um bragina sem ljóst er að eru að breytast með tilkomu erlendra hátta:²²

Meðan þrælar þreyta sig á þungu slagi,
nenni eg ekki' að breyta' um bragi,
bastla undir sama lagi.

En víkur síðan í mansöng 9. rímu að *Fjölni* og níði hans:²³

3. Nú er sú hin svarta mennt
sumum tóm úr æði,
að níða lýð og láta' á prent
last sem verst tilstæði.

4. Fengu drengir fyrra ár
Fjölner hingað sendan,
þar í fara skrítnar skrár,
skoðum það í endann.

9. Háa' og smáa svertir sá,
siði níðir flesta;
verstan lestur veit eg fá
valdamenn og presta.

10. Þessi Messu-fjölner frá,
fælir skapið góða;
ætti hætta aðrar skrár
okkur fram að bjóða.

Skýringu þessara reiðilestra Sigurðar í garð *Fjölnis* má rekja til greinar í fyrsta árgangi tímaritsins. Þar birtist þýdd grein eftir Loðvík Kristján Müller um Íslendinga þar sem bókmenntaiðkun þjóðarinnar fær falleinkunn: „Það sem er skjaldgæfast á Íslandi er fegurðartilfinning og skáld-andi. Vísur þeirra eru dýrt kveðnar, og með mikilli kunnáttu, enn öldungis andalausar.“ Neðanmáls er þessi klausa skýrð af einhverj-

²² Sigurður Breiðfjörð (1860:77).

²³ Sigurður Breiðfjörð (1860:101–102).

um útgefandanna: „Vera kann að meira sé hæft í þessu enn skyldi. Enn þegar höfundurinn segir, að vísur Íslendinga séu öldungis andalausar, þá hefir hann líklega haft í huga sumt af kvæðunum í Skírni, eða þá einhverjar rímur.“²⁴

Árið eftir, 1836, birtir *Fjölnir* greinina „Úr brjefi af Austfjörðum“ þar sem höfundur þess, Ólafur Indriðason, ritar um andlegt líf Íslendinga:²⁵

Hinum andlega smekk er að sínu leíti líkt varið og hinum líkamlega, og þegar hann venst til lángrama því sem er illt, þá aflagast hann so, „að hinn frjálsi smekkur firirgirðist og froðan tekur að þikja góð“. Að þessu sje orðið sona varið hjá helzt til mörgum löndum okkar, sjáum við á því, hvurnig þeir taka allt nærri því með sömu þökkum. Rímnabagl vesælla leírskálda, t.a.m. Sigurðar „Breiðfjorðs“ ... – þetta er keiþt eíns ljúflega, og *miklu meir tíðkað*, enn Paradísar-missir og Messía-ljóð ...

Það er alveg ljóst að Jónas Hallgrímsson í sínum fræga rímnadómi í *Fjölni* árið 1837 setur sig ekki upp á móti rímum sem kveðskapargrein. Það vill nefnilega gleymast að hann segir:²⁶ „Eins og rímur (á Íslandi) eru kveðnar, og hafa verið kveðnar allt að þessu, þá eru þær flestallar þjóðinni til minnkunar...“ Orðalagið „eins og rímur eru kveðnar ...“ segir eingöngu til um að rímur séu á listrænum og fagurfræðilegum villigötum. Síðar í ritdómnum skrifar Jónas eftirfarandi og sannar að honum er efst í huga að laga rímnagerð landsmanna að nýjum smekk og listrænum reglum:²⁷

Það er ekkert vit í því að rímnaskáldin eigi að vera bundin við söguna. Þau eiga miklu fremur, þegar þörf gjörist, að breyta henni á marga vegu, búa til viðburði sjálfir og skapa hið innra líf þeirra manna, er sagan nefnir, til að koma sem bestri skipun á efnið og geta síðan leitt það í ljós í fagurlegri og algjörðri mynd, ella verða rímurnar tómar rímur en aldrei neitt listaverk.

Það er einmitt eftirtectarvert að einmitt sama eða líkt orðalag er haft um sálmana. Í mjög jákvæðum dómi um *Sálmabók* frá 1886 segir í

²⁴ Loðvík Kristján Müller (1835:37).

²⁵ [Ólafur Indriðason] (1836:42).

²⁶ Jónas Hallgrímsson (1989 I:356).

²⁷ Jónas Hallgrímsson (1989 I:360).

Þjóðólfi sama ár, um sálmakveðskap eins og hann tíðkaðist fyrr: „Flestir sem athugað hafa sálmakveðskap voru að fornu og nýju, eins og hann hefur birt bæði í sálmabókum vorum og flestum sálmakverum, hafa verið á einu máli um það að þar stæðum vjer hörmulega langt á baki öðrum þjóðum að því, er allt form á honum snertir“. Ritdómarinn hafnar vitaskuld ekki sálmagerð en finnur að mörgum sömu atriðum og Jónas, óvönduðum brag, röngum áherslum, óhæfu rími, hortittum o.fl.²⁸ Annar dómari um hina nýju sálmabók telur að miklar framfarir hafi orðið með henni og skilji sálma hennar frá rímum: „Þessir menn [skáldin] hafa sýnt það með sálmum sínum, að þeir yrkja sálma af andagift, en yrkja engar andlausar hugvekju-rímur, sem alt of mikið er til af í sálmakveðskap vorum“. Í þessari grein kemur fram sú skoðun að eiginlega ætti ekki að setja sama mælikvarða á sálmakveðskap sem annan skáldskap. Minnir það á það viðhorf til rímna að þær séu sérstök grein skáldskapar sem ekki lúti sömu lögmálum og önnur skáldverk. Ritdómarinn styður mál sitt með því að „... þau ljóðmæli, sem eingöngu (eða einkanlega) eru ætluð til söngs, að það er alls ekki nauðsynlegt, að þau sé í allra þrengsta skilningi *skáldskapur*.“²⁹

Dómur Jónasar varð afdrifaríkur eins og allir vita. Rímur féllu í ónád hjá mjög mörgum, einkum þeim sem fengu færi á að kynna sér það sem umheimurinn sýslaði á vettvangi skáldskapar. Fjölismenn létu ekki staðar numið með rímnadómi Jónasar. Árið 1839 birtist í *Fjölni* grein um íslenskar bókmenntir þar sem fast er kveðið að orði um niðurlægingu skáldskaparins.³⁰

Það verður ekki varið – þó ljótt sje frá að seigja, að þær bækurnar (af þeim sem árlega koma á prent) hafa nú um hríð átt mest láni að fagna, er sumar hvurjar væru verst farnar, ef þær ætti að meta eptir skinsamlegri og kristilegri upplísingu. Þetta meina jeg til rímnanna, hinna núa og hinna gömlu, og til gömlu guðræknisbókanna ... og reínslan hefur sínt, að menn hafa metið mest rímurnar og þenna mikla grúa af gömlu guðræknisbókunum; og vegna þess er varla annað prentað ... Það er auðsjeð, að þetta verður ekki álitid öðruvísi, enn til marks um smekkleísi og vanþekkíng þeirra, sem lesa; því bækurnar eru ætlaðar til andlegrar nautnar: enn hvurnig gjetur nokkur bók verið það, nema

²⁸ J. (1886:62).

²⁹ „Sálmabókin nýja“ (1886:1–2).

³⁰ Bókmentirnar íslensku (1839:73–74 og 76).

að nafninu einúngis, þegar einginn andi er í henni, eins og eru rímurnar allvíðast.

Ekki spöruðu þeir Jónas og Konráð í bréfum sínum að gera gys að rímnalistinni, til dæmis með kveðskap í anda þeirra. Dæmi þess er vísa sem Jónas sendi Konráði:

Þetta blað er strax í stað
stílað til þess og sett á vers
að beri það í bæjarhlað
bragnar Ness til Jóhanness.

Neðanmáls er þessi skýring vísunnar: „Nota! Nes á að vera sama og Kaupmannahöfn en Jóhannes sama og Konráð; skáldaleyfið er tekið sér vegna rímsins.“³¹

Árið 1843 fær Sigurður Breiðfjörð enn að kenna á vandlætingu Fjölnista. Sá sem pennanum stýrði var Gísli Thorarensen, vinur Jónasar, og tilefnið var *Ljóðasmámunir, samt Emelíu Raunir, af Sigurði Breiðfjörð*. Um þessa bók Sigurðar ritar Gísli: „Þetta nafn [bókarinnar] er mikjils til of stutt, því bókjin ætti reindar að heita: „*Lítillfjörlegur samtínungur af málleisum, böggumælum, dönskuslettum, hortittum, klaufalegum orðatiltækjum, smekkleisum og öðrum þess háttar smámunum – sumt frjálst og sumu stolið af Sigurði Breiðfjörð*.“³² Síðan tekur Gísli ótal dæmi úr bókinni til að styðja mál sitt auk þess sem hann fordæmir efni ritsins.

Hinir lærðu og hinir leiku

Mjög snemma í umræðunni um rímurnar fór að bera á því að menntamenn séu sakaðir um að beita sér gegn hinni þjóðlegu list og þar með alþýðu landsins, menntamenn séu raunar miklu nær því að teljast til útlendinga en sinnar eigin þjóðar. Þeir hafi allt annan smekk en alþýðufólk vegna lærdóms síns og kynna af erlendum kveðskap. Menntaðir andans menn, sem vænta mátti einhvers af, þar á meðal skáldin, hölluðu sér fremur að embættismannastéttinni, enda gjarna embættismenn sjálfir, og einangruðust frá kjarnanum, hinni alíslensku alþýðu landsins. Báðir hóparnir einangruðust því og hin eðlilegu samskipti þar sem hvor hópurinn nemur af hinum yrði því fjarlægur draumur.

Menntamennirnir stýrðu að mestu allri umræðu, höfðu aðgang að

³¹ Jónas Hallgrímsson (1989 II:90).

³² G[ísli] Th[orarensen] (1843:62).

prentmiðlum, stýrðu blöðum og tímaritum, en alþýðuhöfundarnir treystu enn sem fyrir gjarna á handritamiðlun.

Í afar fróðlegri grein Einars Benediktssonar um ljóðagerð Mattíasar Jochumssonar segir hann að þetta andrúmsloft hafi staðið hinu stórbrotna, en mjög svo mistæka skáldi, fyrir þrifum og því sé lífsverk hans að miklu leyti ófullkomið. Það hafi orðið hlutskipti hans að yrkja fyrir þjóð sem enga forsendu hafði til að skilja hina sönnu list. Einar ritar: „En það er eðlilegt að meginíð af ljóðum sjera M[atthíasar] sje ófullkomið, þar sem vantar hljómgrunn fyrir sannri list, hjá þeim sem hann yrkir fyrir. Þjóðarandinn hefur vilst burt úr samleið við hina svo kölluðu menntamenn, út í óhafandi rímnastagl; hver maður hefur svo að segja sungið með sínu nefi út um allt land, og það eru ef til vill fleiri svokölluð skáld á Íslandi, en meðal sumra millíónaþjóða út um heim.“³³

Það liggur í augum uppi að það hefur vart freistað Einars að yrkja fyrir slíka molbúa.

Hallgrímur Jónsson

Hinir menntuðu fá oft að heyra að þeir séu óvinir alþýðunnar í landinu, einnig í skáldskapnum. Rímnaskáldið Hallgrímur Jónsson sparar ekki glósurnar um þá í *Rímum af Hjálvari Hugum stóra*. Í mansöng 2. rímu er þetta, þar sem menntamennirnir eru sakaðir um að einoka þekkinguna auk skáldskaparins:³⁴

10. Minnar aldar menta vinir meina' jeg segi,
hvað yfir þeirra þekking stígi
það sje tóm og einber lygi.

11. Trúa þeir að sálar sjón og sannleik fangi,
vísdóms heldur anda enginn
utan maður skóla gengin.

Í mansöng 6. rímu lofsyngur Hallgrímur hina gömlu list sem hafi það hlutverk „að halda sögnum betur við“ og „gleðja mengi dálítið“, ekki síst er „fylgja falleg hljóð, fögrum rímnna brögnum.“ Hann minnist þess að þetta var list bæði lærðra og leikra, klerka, sýslumanna og leikmanna:³⁵

³³ Einar Benediktsson (1896:23).

³⁴ Hallgrímur Jónsson (1859:16).

³⁵ Hallgrímur Jónsson (1859:59).

8. Fjöldi klerka flutti þjóð,
fagur myndað rímna val,
sýslu rekar löguðu ljóð,
leikmenn þar til nær ótal.

Og sem áminningu til samtímans og þess vandlætingartóns og niðurriðs sem einkenndi umræðuna um rímur minnir Hallgrímur á að fyrri menn gengu ekki af göflunum þótt misjafnt tækist til við skáldskapinn.³⁶

10. Einn þó komist ærið skammt,
upp frá jörð á móts við hinn,
hvurr með nefi sínu samt
sýngur, flöktir ófeyminn.
11. Skítur hvurr ei annan út,
þó allir jafnt ei sýngi þar,
rímur sínar róms af stút,
raula fram sem skamtað var.

Hallgrímur víkur næst í 6. rímunni að því sem gjarna var haft sem áfellsdómur um menntamennina og hinn nýja skáldskaparsmekk; að allt slíkt væri erlent og innflutt – og þar með óþjóðlegt. Rímnaskáldin hins vegar viðhéldu hinum þjóðlegu háttum. Sérlega merkilegt er hvernig Hallgrímur notar innlenda og erlenda fugla til að koma boðskap sínum áleiðis.³⁷

12. Ei þeir [rímnaskáldin] taka útlenzk lög,
að æða með um himininn,
því þeir eru æfðir mjög,
innlenda við tóninn sinn.
13. Himins fuglar [hin frjálsu (ómenntuðu þjóðlegu
skáld)] heyrið nú,
hjartanlega þess jeg bið,
haldið stöðugt tryggð og trú,
tónana ykkar gömlu við.

³⁶ Hallgrímur Jónsson (1859:60).

³⁷ Hallgrímur Jónsson (1859:60).

14. Þó ali fuglar tamdir [þ.e. menntaðir] títt,
tóna brúki útlenzka,
og eptir þeirra skrafi skýtt,
að skeita neitt um innlenda.
15. Útlendan þó óðar skamt,
ítum gali Páfuglar,
ykkar kvakið íslenzkt samt
aldrei þagni Titlingar.
16. Látið ykkur ljúft og tamt,
að ljóða og kveða rímna grei,
hegrinn lasti sunðið samt,
sjálfur ef hann kann það ei.

Í lok rímnanna kveður Hallgrímur með þessum brýningarorðum:³⁸

139. Munu keira ljóð í lag,
láðs hagrðu vinir,
njóti þeir sem níta brag,
nöldri í kirðum hinir.

Þetta viðhorf til hinna lærðu, menntamannanna, sem hér hefur komið fram, sést afar víða í allri umræðu um bókmenntir á 19. öldinni. Guðmundur Friðjónsson lýsir þessum ófögnuði með sínum sterku, yfirlætislegu orðum í lok aldar:³⁹ „Þegar „mentunin“ stytta upp um sig pilsin og tók að prika út yfir landið, skaut hún hornaugum til alþýðuskáldanna og kastaði til þeirra hnútum ... Þegar „menntunin“ hristir svuntuna framan í liðsmenn þessarar gömlu stefnu, þora þeir [alþýðuskáldin] ekki að opna munninn.“

Aðeins eitt skáld, sem kenna má við alþýðuna, reynir að sjá tvær hliðar á málinu. Þar var á ferðinni Brynjólfur Oddsson sem yrkir svo í „Otursrímunum“ sem út komu árið 1869:⁴⁰

7. Rímnakveðskap öld um of
áður gjörði mæra,

³⁸ Hallgrímur Jónsson (1859:87).

³⁹ Guðmundur Friðjónsson (1898:42).

⁴⁰ Brynjólfur Oddsson (1869:21).

en nú helzt til lítið lof
lærðir honum færa.

Rímur eru sem sé oflofaðar fyrrum en síðan fordæmdar af hinum menntuðu. Brynjúlfur lýsir síðan lítilli eftirsjá er hann yrkir:

9. Þó rímur ættu eptir skammt
yrði bættur skaðinn,
ef að kæmi, innlent samt,
annað betra' í staðinn.

Finnur Jónsson

Einn hinna menntuðu andstæðinga rímna var Finnur Jónsson prófessor. Hann ritaði dóm um fjögur rit sem komu út á árunum 1878–1881. Af þessum fjórum ritum eru tvennar rímur, *Rímur af Hjeðni og Hlöðvi*, kveðnar af Jóni Eyjólfsyni, og *Rímur af Ajax frækna*, kveðnar af Ásmundi Gíslasyni. Þessar rímur eru Finni síður en svo fagnaðarefni: „Til þess að vera skáld, þarf dálítið meira en viljann. Vjer munum söguna um hann Hallbjörn ... sem vildi yrkja lofdrápu um Þórleif jarlaskáld, en komst aldrei lengra en: „hjer liggr skáld“, „sakir þess, at hann var ekki skáld, ok hafði þeirrar listar eigi fengit“, segir sagan. Hvort þeir Jón Eyjólfsson og Ásmundur Gíslason sjeu skáld, læt jeg liggja milli hluta; að minnsta kosti hafa þeir komizt lengra en Hallbjörn heitinn. En þessar rímur þeirra mæla ekki með þeim, í því efni“.

Aðfinnslur Finns eru í nokkrum greinum. Í fyrsta lagi er það efnið sem er „in mesta endileysa og bull“ og krafa Finns er að efni skáldverka höfði á einhvern hátt til samtíðarinnar, komi að minnsta kosti úr kunnuglegu umhverfi. Finnur rekst og á mergð smekkleysa, illa valin orð og óvandað rím, orðum sé misþyrmt og reglur um áherslur freklega brotnar og rangar orðmyndir notaðar „til þess að böglá inn allskonar hendingum, gætandi ekki að því, að dýrir bragir eru þeim ofbragir“. Þessu til staðfestingar bendir Finnur á gallaðar áherslur í „flet göndlar“, „uns fulltíða“ og bagalegt rím, til dæmis „mjer/hugdjarfer“ og „hressit/trúlofist“.

Kenningarnar fá einnig hina herfilegustu útreið: „Þá eru kenningarnar eins og í lökustu rímum frá fyrri tímum. Það úir og grúir af gullsbörvum, sverðagrjerum, laufakvistum, plátulundum, örvaröptum, mundarjakanjörðum, manarjapahlynum (!), sem eru allt aumustu hortyttir, til þess að fylla út með.“ Hinar nýju kenningar skáldanna þykja

Finni og hrákasmíð. Að lokum fá höfundarnir ákúrus fyrir dönsku-slettur og „ógreiða“ setningaskipun.⁴¹

Í heild ganga aðfinnslur Finns í sömu átt og Jónasar Hallgrímssonar í *Fjölni* 1835.

III Rímur fá uppreisn æru

og *Sigurður Breiðfjörð*

Alla öldina var Sigurður Breiðfjörð í brennidepli. Menn þreyttust seint á því að takast á um gildi hans sem skálds. Stundum fékk hann hina smánarlegustu útreið en öðrum þótti hann grátt leikinn að ófyrirsynju. Árið 1878 kom út ritið *Stutt æfiminning Sigurðar Breiðfjarðar* eftir Jón Borgfirðing, föður Finns Jónssonar. Í grein í *Fjóðólfi* um verk Jóns fjallar höfundur um Sigurð og skáldskap hans og fullyrðir að hann hafi verið skáld og auk þess andans maður. Ritar síðan:⁴²

Dr. Sveinbjörn Egilsson hélt og mjög í hönd með Sigurði, og orkti varnarkvæði fyrir hann: „Sjálfur Iðunnar annar ver“, þegar hinir gáfudu en freku og einstrengingslegu Fjölnistar réðust á hann og tættu í sundur rit hans á hans síðustu og erfiðustu árum. Sig. lifði á tímamótum, og olli það honum sem skáldi meiri baráttu og áhyggju – að vér ekki segjum: ábirgðar – en nokkurt hinna eldri alþýðu- og rímnaskálda hafði þurft að mæta. Hinir nýju smekkmenn og skáld risu öndverðir gegn rímnakveðskapnum, vildu innleiða alveg nýja síðu og nýjan smekk í skáldskap, og varð þeim, eins og títt er um nýbreytnismenn, að þeir gættu ekki hófs, heldur sundurrifu gott með illu ... En þar sem þeir gátu fundið margt með sönnu að flestum rímum Sig., hefðu þeir einkum átt að sjá og láta hann njóta sannmælis í því, að það var einmitt hann, sem vildi reyna að bæta rímnakveðskapinn. Allar hans betri rímur, svo sem Núma- Svoldar- Víglundarrímur o.fl., eru kveðnar eins og í nýjum stíl, eru losaðar úr hinum gamla, stirða og storknaða eddu-dróma. Í stað hins hlægilega eldra „Kjalara-hlúnkara- klúnkara“ stagls, kveður Sig. optast eptir mæltu máli, með hóflegum og opt heppilega völdum kenningum ...

Þessari sýn á kveðskap Sigurðar Breiðfjörð óx fiskur um hrygg eftir því sem leið á öldina og menn gerðu upp þessa gömlu grein skáld-

⁴¹ Finnur Jónsson (1882:12).

⁴² Stutt æfiminning (1878:97–98).

skapar sem sýnt var að missti flugið. Sigurður var bestur. Stundum stóð enginn honum á sporði í skáldlegu hugarflugi. Dómur Jónasar var að flestra mati réttlætanagerður er hann tók til margra galla en hæfileikar skáldsins fengu aldrei að njóta sín í dómnum. Hinum lærðu, menntamönnunum, var um kennt; þeir komu með nýja siði en gættu ekki að því sem þjóðin sjálf aðhafðist, hvern smekk hún hafði – með réttu eða röngu.

Í grein í tímaritinu *Stefni* frá árinu 1893, þar sem enn er reynt að rétta hlut Sigurðar Breiðfjörð, má lesa þetta: „Satt er það að vísu, að hann [Sigurður Breiðfjörð] var ekki af þessu nýja skáldakyni, sem nú á tímum vill setjast í öndvegi ... Þetta kyn er óðum að breiðast út hjer á landi og apa eptir útlendingum þessa vizku, sem optast lætur allt enda á örvæntingu og sjálfsmorði...“⁴³ Sem sé: Rímur eru íslenskar en nýjar bókmenntir útlenskar, innflutningur, óþjóðlegar og óhollar, niðurdrepanði fyrir andann og alla sálarheill.

Þess má geta hér að Einar Benediktsson gerði, svo sem síðar segir frá, tilraun til að meta að nýju skáldskap Sigurðar Breiðfjörð og fékk bæði lof og last fyrir tiltækið.

Átök enn

Árið 1866 auglýsir Einar Þórðarson í *Þjóðólfi* að hann muni senn gefa út Olgeirs rímur. „Einn búandkarl norðlenzkr“ lét það fara illilega fyrir brjóstið á sér og ritaði í *Norðanfara sama ár*:⁴⁴

Svei attan! skárri er það líka ættjarðarástin, að reyna að gjöra sitt til, að niða, auðvirða og svívirða ættjörðu sína í augum allra skynsamra manna, útlendra og innlendra. Vjer vorum annars farnir að hugsa og vona, að rímnaöldin – þessi svarti dauði í bókmenntum Íslendinga – að hún væri nú þegar komin á heljarþrömina; en það vill þá ekki reynast svo ... Það er nú búíð að tala svo yfir rímunum ... að það ætti ekki að þurfa að fara að taka það upp af nýju, hversu þær spilla tilfinningu alþýðu á því sem fagurt er og skáldlegt.

Eftir þennan lestur yfir rímum skorar búandkarlinn á landsmenn að kaupa rímurnar, sem brátt yrðu á boðstólum hjá Einari, alls ekki.

⁴³ Þ. Jónsson (1893:55). Hér má sjá að raunsæisstefnan fær á baukinn fyrir hinn svart-sýna og gagnrýna boðskap sinn.

⁴⁴ „Einn búandkarl norðlenzkr“ (1866:29).

Þessum orðum hins „norðlenzka búandkarls“ svarar „Sunnlenzkur búandkarl“ [Eggert Ó. Briem] í litlum bæklingi sem Einar Þórðarson gaf út og tekur svari rímnanna. Eggert átelur þar hinn norðlenzka búandkarl fyrir alhæfingar og sleggjudóma og það að setja allar rímur undir sama hatt, fordæma „rímur í sjálfu sjer“. Hann telur að Jónas Hallgrímsson hafi í ritdómi sínum alls ekki beint orðum sínum gegn rímunum, einungis bent á galla sem þyrfti að lagfæra. Og notað *Tristrans rímur* sem dæmi. Jónas hafi þannig ætlað dómi sínum að verða kennslugagn handa íslenskum rímnaskáldum.⁴⁵

Hinn norðlenzki svarar að bragði og ber af sér að hafa dæmt bókmenntagreinina rímur sem heild, einungis þær sem þegar hafa komið út [!] – nema e.t.v Núma rímur.⁴⁶

En hvað eftir annað sést að rímur eru settar sem andstæða nýrra bókmennta, og þá rímunum í hag, meðan margt er fundið að hinum nýrri skáldum og verkum þeirra.

Dr. Jón Þorkelsson

Mikilsverðan málsvara rímna eignuðust rímnavinir með dr. Jóni Þorkelssyni og bók hans (doktorsritgerð) *Om Digtingen på Island i det 15. og 16. Århundrede*. Jón lítur svo á í verki sínu að rímurnar séu svo skyldar „folkepoesi“ að um hvort tveggja fjallar hann í sama kafla og hlýtur sú skoðun að orka tvímælis. Skoðun hans er sú að rímurnar séu ákaflega mikilvægar í bókmenntasögulegu tilliti, enda megingrein bókmennta Íslendinga öldum saman.⁴⁷ Hann leynir því ekki þeirri skoðun sinni að Jónas Hallgrímsson hafi farið offari gegn Sigurði Breiðfjörð og ritað af vanþekkingu með stórum ýkjum „intetsigende kraftudtryk“.⁴⁸

Dog må det ikke lades ubemærket, at forfatteren [Jónas Hallgrímsson] i grunden er særdeles uretfærdig imod Sigurður Breiðfjörð (d. 1846), ti flere af hans rímur er netop noget af det allerbedste, rimeliteraturen har at opvise, ligesom mange af hans øvrige digte har været og endnu er særdeles meget afholdte på Island. Selv Jónas Hallgrímssons digte er ikke mere yndede end hans. Breiðfjörð kommer således til at böde hårdt for de fejl og udskejelser, som hans mange kolleger er langt mere skyldige i end ham selv.

⁴⁵ Sunnlenzkur búandkarl [Eggert Ó. Briem] (1866:1).

⁴⁶ Einn búandkarl norðlenzkur (1867:9–10).

⁴⁷ Jón Þorkelsson (1888:123).

⁴⁸ Jón Þorkelsson (1888:131).

Að lokum segir Jón um rímurnar: „Rimeliteraturen kan ikke i sin helhed bedømmes efter, at en eller anden poetisk stymper har givet sig af med at digte rímur, hvorfor nogle af dem er dårlige.“⁴⁹

Einar Benediktsson

Eins og fram hefur komið skipaði Einar Benediktsson sér ekki í raðir þeirra sem mátu rímur almennt mikils. Honum hefur þó verið ljóst að Sigurður Breiðfjörð bar mjög af rímnaskáldunum. Í formála fyrir úrvali ljóða Sigurðar gerir Einar grein fyrir skáldskapargreininni, sögu hennar, þróun og niðurlægingu. Um rímur Sigurðar ritar Einar af sanngirni, raunar við lítið lof þeirra sem um fjölluðu: „Það varð hlutverk hans [Sigurðar] að hefja rímurnar upp til eiginlegs skáldskapar, en rímur hans bera sama svipinn og hinar eldri, eru jafnvel margar af þeim litlu meira virði en hinar. Hann skapaði ekki nein ný söguljóð á Íslandi, til þess skorti hann menntun og ef til vill skáldlegt afl, en hann bætti hið gamla fat og gjörði það vel, ef rétt er á lítið.“⁵⁰

Þrátt fyrir allt orti Einar sjálfur eina rímu, Ólafs rímu Grænlandings, og fórst það vel úr hendi. Í mansöng fyrir henni flytur Einar rímna-listinni og hlutverki hennar lofgjörð og saknaðarstef:⁵¹

Öngum stundin leiðist löng,
léttar mundin vinnur.
Löngum undir sagna söng
sveitahrundin spinnur.

Núíð er hundleiðinlegt:⁵²

Grundir fölnuð byrgja blóm.
Bleika gröfin þegir.
Undir Fjölnis dauðadóm
dísin höfuð beygir.

En svo er alltaf hægt að vonast eftir bót meina.⁵³

Dýrra braga þrjótí þögn,
þjóðlög Íslands syngist.

⁴⁹ Jón Þorkelsson (1888:131).

⁵⁰ Einar Benediktsson (1952:234).

⁵¹ Einar Benediktsson (1945:184).

⁵² Einar Benediktsson (1945:184).

⁵³ Einar Benediktsson (1945:185).

Nýrra daga söngvum, sögn,
sveitavísan yngist.

Niðurstaða Einars er þessi alkunna vísa:⁵⁴

Falla tímans voldug verk,
varla falleg бага.
Snjalla ríman stuðlasterk
stendur alla daga.

Benedikt Gröndal

Góður liðsmaður rímnavina var Benedikt Gröndal sem fagnar vel riti dr. Jóns Þorkelssonar um bókmenntir Íslendinga á 15. og 16. öld:⁵⁵

...tekur höfundurinn vel og örugglega málstað rímnakveðskaparins og mótmælir Jónasi Hallgrímssyni, sem reit á móti honum í Fjölni og ætlaði að eyðileggja hann; hafa sumir apað þetta eptir Jónasi. Enn það er sitt hvað: skáldskapur og skáld. Skáldskapurinn sjálfur er ekki víta verður fyrir það, þótt sumir yrki illa. Ætti menn að heimfæra last um rímnakveðskap upp á aðrar skáldskapar-tegundir, þá mætti og eyðileggja allan sálmaskáldskap, af því sum sálmaskáld eru leirskáld, og þannig mætti fara með allt. Rímur eru ekkert annað en episk kvæði með þeirri og þeirri kveðandi, en menn hafa komizt upp á að hæða þær og fyrir-líta, einkum af því að leikmenn hafa fengist við þær, og þá ekki skeytt um annað en að hrúga upp rímhroða, og af því hefur komizt óorð á allan rímnakveðskap, án þess hann sé lastverður í sjálfu sér, og þótt rímur hafi verið einhver hin helzta og kannske þýðingarmesta skemtan þjóðar vorrar. En áþekkur kveðskapur tíðkast hjá fleiri þjóðum en hjá oss, t.a.m. Grikkjum, þar sem kvæðamenn fara bæ frá bæ og kveða, að sögn miklu ámátlegra rímnagaul er „fagurfræðingarnir“ hæða oss fyrir.

Benedikt Gröndal var að vísu ekki nýr hollvinur er hann ritar þessi orð. Árið 1871 skrifar hann í tímarit sitt, *Gefn* í greininni „Frelsi – menntan – framför“:⁵⁶

⁵⁴ Einar Benediktsson (1945:186).

⁵⁵ Benedikt Gröndal (1888:111).

⁵⁶ Benedikt Gröndal (1871:14).

Og það var ekkert frægðarstryk af Fjölni, þegar hann reif svo mikið niður rímnakveðskapinn að hann hefði aldrei risið upp síðan. Rímurnar eru að sínu leyti eins merkilegar og sögurnar [fornsögurnar], og þær voru talandi vottur um, ekki einungis hversu lifandi fornöldin var í rímnaskáldunum, heldur og um það, hvernig sjálf fornskáldin fóru að yrkja. Þær voru óræk vitni á móti öllum þeim lygum og áburði, sem lærðir menn í útlöndum svo lengi hafa barið fram um okkur, að við værum búnir að týna málinu og allri fornöldinni, og sú núverandi íslenska væri allt annað mál en það sem Snorri ritaði Heimskringlu á, eða hinir aðrir höfundar sögur og kvæði.

Þegar *Göngu-Hrólf's rímur* Gröndals komu út árið 1893 fá þær eftirfarandi dóm í *Fjallkonunni*: „Ekki virðast þessar rímur taka fram rímum Sigurðar Breiðfjörðs eða öðrum hinum betri rímum, enn líkl. fá þær góðar viðtökur hjá þeim sem eru nógu „þjóðlegir“ til að þýðast þær.“⁵⁷

Það er öldungis ljóst að tónninn er mjög niðrandi í þessum dómi enda lét Benedikt þessu ekki ósvarað: „... og nú hefur hann (ritdómari) fengið tækifæri til að sýna hluttekningu sína og hlýleik við rímnaskáldskapinn, sem er einnig gamall arfur vor frá eldri tímum og ýmsir hafa viljað geyma, þó að sumum þykji það „fyrir neðan sig“.“⁵⁸ Hér fullyrðir Benedikt að hann hafi sneitt hjá ýmsum göllum eldri rímnaskálda, svo sem Sigurðar Breiðfjörð. Það sem skiptir þó meira máli í svari Benedikts er að hann ber rímur saman við söguljóð annarra þjóða, allt frá Hómer, og hér er komið að því atriði sem e.t.v. skipti sköpum um viðhorf margra manna til rímna sem síðar greinir frá.

Harla lærdómsríkt er að lesa mansöngva *Göngu-Hrólf's rímna* Benedikts. Hann lýsir í 27. rímu yfir söknuði eftir hinu gamla góssi sem nú fjarlægist þjóðina óðum:⁵⁹

Stórkostlegur harma her til heljar gengur,
þegar hátt við hörpu syngur
hugur manna kvæðaslyngur.

Fátt er samt um slíkt á vorum sveitabæjum;
ljóð og vísur liggja í dáí,
leikur blær um kvæðanáí.

⁵⁷ Ný bók (1893:151).

⁵⁸ Benedikt Gröndal (1951 IV:35–36).

⁵⁹ Benedikt Gröndal (1951 II:406–407).

Ekki hygg eg andann hefjast af þeim ljóðum,
sálmabókar sízt af kvæðum,
sem eru verri gömlum skræðum.

Heldur vil eg heyra söng um heiðnar stundir,
þegar fjörið lék í landi,
lítt mér finnst á hinu standi.

Hinir „menntuðu“ fá sinn skammt um leið og Benedikt lýsir því yfir að ekkert fái hindrað hið gamla að gleðja fólkið.⁶⁰

Látum hina lærðu tala –
lífið geymir fúin blöð;
hugmyndirnar sólar sala
sálin lítur himinglöð.

Um orðfæri rímna og dýrleika bragsins hefur Benedikt þetta að segja.⁶¹

Undir dýrum orðabrag
yrki' eg ekki gjarnan ljóð;
einfalt betur lætur lag,
lát þér nægja þetta, fljóð!

Ei vér skyldum skrúfum á
skekja ræðu' og spenna mál,
með því eina móti þá
missist allt úr hug og sál.

...

Hringhendingar heyrast þá,
hringlar allt og glamrar við,
sumt ei skilja maður má,
mest það þínir kvenfólkið.

Stundum hef eg þanið þó
þennan dýra rímnabrag,

⁶⁰ Benedikt Gröndal (1951 I:362).

⁶¹ Benedikt Gröndal (1951 I:376).

og þá varla ólman jó
eg fékk stillt við kvæðalag.

Um kenningarnar segir Benedikt þetta:⁶²

Kenninganna prýði-prjál
prjónast ei í þennan óð,
bara daglegt manna mál
myndar þessi söguljóð.

Og ljóst er að Benedikt ætlar sínum rímum mikinn hlut, en dregur úr orðum sínum um Eddu-málið:⁶³

Áður létu skáldin skýr
skuggalega vaða fjöld,
eins og einhver undra dýr
upp um hugmyndanna tjöld.

Fólkið þetta þuldi mál,
þó að skildi minnst í því,
það var eintómt orðaprjál,
Eddu-ljóðað bríarí.

Þó er ekki þar með sagt,
þetta skuli forðast allt;
allt er sínum listum lagt,
lögum skiptist heitt og kalt.

IV Söguljóð

Rímur söguljóð?

Smám saman virðast menn átta sig betur á því, eins og raunar kemur fram í mansöngvum *Göngu-Hrólf's rímna*, að rímur Íslendinga eru söguljóð, þjóðleg alíslensk söguljóð, sambærileg við þau sem aðrar þjóðir eiga og meta mikils og halda á lofti. Svo er að sjá sem menn geri sér betur og betur grein fyrir að þessi arfur er ómetanlegur, jafnvel gersemi, sem alls ekki megi fórna. Við getum velt því fyrir okkur hvað

⁶² Benedikt Gröndal (1951 I:414).

⁶³ Benedikt Gröndal (1951 I: 413).

valdi þessari breytingu á hugsunarhætti eða jafnvel sinnaskiptum. Kemur þar áreiðanlega margt til. Eitt af því sem virðist hafa hrist upp í mönnum er þýðing Matthíasar Jochumssonar á *Friðþjófs sögu* Tegnér's. Sú þýðing varð gríðarlega vinsæl og mikið lesin um allt land og menn lærðu hana utanað eins og rímurnar og dáðust að. Hvað eftir annað í umfjöllun manna um rímur er einmitt *Friðþjófs sögu* getið og bent á að rímur eru okkar þjóðlega framlag til söguljóða heimsins.⁶⁴

Í ljósi þessa vekur furðu okkar nú það sem Jónas Jónasson stúdent skrifar í *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* árið 1881 í eins konar yfirlitsgrein um íslenskar bókmenntir á 19. öld og fyrr er getið. Hann segir þar um *Örvar-Odds drápu* Benedikts Gröndal: „Auk þess hefir hann og ort þau einu söguljóð, sem frumorkt eru á íslenska tungu: „*Örvar-Odds-drápu*“ í 12 kvæðum.“⁶⁵ Þessi orð sýna svart á hvítu hversu einangraðar rímurnar voru í hugum manna sem bókmenntagrein. Jónasi Jónassyni dettur ekki einu sinni í hug að þær séu söguljóð. Að sömu niðurstöðu kemst höfundur ónafngreindur [Friðrik J. Bergmann] stutts ritdóms um 2. útgáfu *Örvar-Odds drápu* árið 1907: „Gamla útgáfan af *Örvar-Odds drápu* (Rvík 1851) var fyrsta hetjukvæðið, sem út kom á íslenzku, og fátt höfum vér eignast af því tagi síðan“.⁶⁶

Ónefndur ritdómari *Þjóðólfs* ber saman rímur og söguljóð í ritdómi um Guðrúnu Ósvífsdóttur eftir Brynjólf frá Minna-Núpi sem út kom árið 1892 og kemst að þessari niðurstöðu:⁶⁷

Síðan *Örvar-Oddsdrápa* Ben. Gröndals kom út 1851 hafa engin frumkveðin söguljóð íslensk birt á prenti, fyr en þessi ofanefndu um kvennskörunginn Guðrúnu Ósvífsdóttur, því að rímurnar geta ekki kallast söguljóð fremur en söguljóðin rímur. Það tvennt er allóskýlt hvort öðru. Rímnaskáldið þræðir orð sögunnar, en bætir engu við frá eigin brjósti, engum hugleiðingum um orsök eða innbyrðis samband atburðanna. Þess vegna eru rímurnar svo þurrar og andlitlar flestar. Þær spilla opt efni sögunnar að miklum mun, nema þá er sá yrkir, er nær fegurð hinnar óbundnu ræðu inn í rímið, en það hefur fæstum rímnaskáldum vorum tekizt nema Sigurði Breiðfjörð stöku sinnum og fáeinum öðrum.

⁶⁴ Sbr. Bragi Halldórsson (2008:42–43).

⁶⁵ Jónas Jónasson (1881:187).

⁶⁶ [Friðrik J. Bergmann] (1907:176).

⁶⁷ Bókmenntir (1892:114).

Örvar-Odds drápa Gröndals er vissulega hetju- og söguljóð og líklega hefur höfundurinn ekki litið svo á að um rímu væri að ræða. Hann hafði aðrar hugmyndir um rímur svo sem brátt kemur fram. Jón Stefánsson skrifar um drápuna í *Eimreiðina* árið 1907 og þar kemur fram að fólk hefur farið með hana eins og rímur því að hann segist oft hafa „...heyrt bændur á Snæfellsnesi vera að kveða [drápuna] fyrir munni sér á leiðinni um Berserkjahraun. Þeir kunnu langa kafla úr henni, og vitnuðu í hana á mannfundum“.⁶⁸

Grettisljóð

Árið 1897 koma út *Grettisljóð* Matthíasar Jochumssonar og vöktu bæði mikla athygli og aðdáun flestra manna. Í *Fjallkonunni* birtist ritdómur sem vert er að skoða nánar. Sá sem hann ritar lætur sig dreyma um að Matthías hefði fremur samið Grettisrímur en Grettisljóð. Þar segir: „Samt hefðu margir heldr kosið, að séra Matthías hefði kveðið „Grettisljóð“ sín öll með gamla laginu, með rímnaháttum; þurfti það form ekki að spilla meðferð hans á efninu; átti ekki síðr við söguna, sem er svo ramm-íslensk.“⁶⁹ Þetta er merkileg ósk. Kannski sjáum við í henni eftirsjá eftir hinu gamla formi og sú skoðun er ljós að ramm-íslenskt efni í löngu máli þar sem saga er sögð er best geymt í rímum.

Í tímaritinu *Íslandi* mótmælir Benedikt Gröndal, sem studdi rímur og rímnaskáldin, þessari skoðun ritdómarans í *Fjallkonunni*. Hann fullyrðir að *Grettisljóð* gætu ekki orðið rímur. Af hverju? Gröndal skrifar: „Í rímum hefðu menn aldrei getað komið þeirri skáldfegurð við sem unnt er að hafa, þegar ort er með öðrum lögum eða háttum; rímur verða varla annað en rímuð prósa, og til annars er ekki ætlast – og samt eru þær eitthvað annað og meira, þær eru að minnsta kosti prósa í æðra veldi.“⁷⁰ Því er nú verr og miður fyrir okkur að Benedikt skýrir ekki nánar hvað er prósa í æðra veldi, en við getum látið hugann reika. Þetta er afdráttarlaus skoðun hins merka skálds. Rímur er sérstök bókmenntategund sem ort er undir rímnaháttum eins og allaf hefur verið gert og þar á ekki að bera mikið á skáldlegum tilþrifum höfundanna, en umfram allt segja sögu eins og alltaf hefur verið gert. Það er hins vegar öllu þyngra að skilja af hverju Benedikt telur erfiðara að sýna skáldleg tilþrif undir rímnaháttum en öðrum háttum. Ef til vill er svarið

⁶⁸ Jón Stefánsson (1907:142).

⁶⁹ „Grettisljóð“ (1898:13).

⁷⁰ Benedikt Gröndal (1897:177).

þó að finna í því að *Örvar-Odds drápu* hans er ekki ætlað hlutverk rímna og rímnaháttum því ekki beitt.

Í þessari grein notar Benedikt tækifærið til að berja á þeim sem hatast við rímur: „Jeg skal hjer ekki fara fleirum orðum um rímurnar;“ segir hann, „ýmsir menn hafa viljað sýna smekkvísi og mikilmennsku með því að úthúða þeim niður fyrir allar hellur, ekki af því illa væri ort, heldur af því það voru „rímur.““⁷¹ Benedikt bendir í lokin á að rímur eigi sér nú góða formælendur, t.d. dr. Jón Þorkelsson og Þorstein Erlingsson.

Guðmundur Friðjónson fjallar einnig um *Grettisljóð* Matthíasar og það vekur athygli að hann vill ekki viðurkenna að þau geti verið ljóð og leggur til að þau verði kölluð *Grettiskvæði*, en hann er raunar á sama máli og ritdómari *Fjallkonunnar* sem óskaði þess að Matthías hefði ort *Grettisrímur*, og þá undir rímnaháttum.⁷²

Grein Guðmundar er merkt töluverðu yfirlæti og Matthíasi var nóg boðið og svarar fyrir sig. Þar beitir Matthías hugtakinu episk-lýrisk um viðleitni sína; þ.e.a.s. *Grettisljóð* eru tilraun til að segja sögu með ljóðrænu yfirbragði – og hafnar þar með þeirri kenningu Guðmundar að *Grettisljóð* séu fremur kvæði en ljóð.⁷³

Hinu er vissulega ekki að leyna að *Grettisljóð* minna um margt á rímur. Upphafið er t.d. ekkert annað en mansöngur:⁷⁴

Enn skal byrja aldinn brag,
Íslands stytta vetrardag;
gefi karl og kona hljóð,
kveða vil ég Grettis-ljóð.

Ei skal hafa Eddu-prjál,
orðaleik né bragartál;
mitt skal einfalt mæðar-spil,
meðan nóg er efni til. –

Eftir þessu fer Matthías að mestu. Það vekur óneitanlega athygli að einn þáttur *Grettisljóðanna* heitir ríma, þ.e.a.s. 6. kaflinn, „Grettir fellir berserkina (Ríma)“. Þessi kafli er undir dýrum rímnahætti, en hát-

⁷¹ Benedikt Gröndal (1897:177).

⁷² Guðmundur Friðjónsson (1898:35).

⁷³ Matthías Jochumsson (1898:57).

⁷⁴ Matthías Jochumsson (1956:599).

urinn einn ræður ekki því að Matthías kallar hann rímu. Þar er nefnilega að finna það sem Matthías lofaði í upphafi að gera ekki. Þar eru kenningar, heiti og annað góss rímna auk þess sem um hreina frásögn er að ræða án þess að höfundur troði sér að. Raunar fékk Matthías nokkrar ákúrus hjá ritdómara *Ísafoldar* fyrir það að á stundum eru á ljóðunum „miður vandaður rímna-frágangur“ sem þó að mati hans sé óhætt að fyrirgefa.⁷⁵

Guðrún Ósvífsdóttir

Árið 1892 kom út söguljóðið *Guðrún Ósvífsdóttir* eftir Brynjólf frá Minna-Núpi. Ritið fékk misjafna dóma en Þorsteinn Erlingsson tók því vel í ritdómi í *Sunnanfara* 1892, en eitt hefði að hans mati mátt betur fara. „...oss hefði þótt stórum vænna um bók hans ef þar hefði verið: „Rímur af Guðrúnu Ósvífrsdóttur“, og er oss þó hlýtt til kversins.“

Þorsteinn var yfirlýstur rímnavinur og Brynjólfur er af þeim skáldaskóla sem Þorsteini líkar. Hann skrifar áfram: „Frásögn hans [Brynjólfs] er blátt áfram, látlaus og reigingslaus að öllu leyti. Hún er alíslensk og henni haldið innan þeirra takmarka sem fornskald vor, sagnameistarar og rímnaskáld hafa fylgt.“ Hér á Þorsteinn líkast til við að Brynjólfur rekur þessa sögu eins og hún er sögð í *Laxdælu* og kemur lítt við sögu sjálfur í skáldlegum tilþrifum. Og Þorsteinn heldur áfram og nú kemur í ljós að honum hugnar ekki alls kostar hverja stefnu bókmenntirnar hafa tekið. „Það sést á öllu að höfundurinn hefir ekki kært sig baun um að vera „nýmóðins“, og því sniðið verk sitt öldungis eins og gert er í beztu rímunum; en úr því nú aungu ber á milli nema bragarháttunum, hversvegna hafði hann það þá ekki rímur?“

Og hér reifar Þorsteinn hugmynd sem verður að staldra við: „Þó efnismeðferð og bragarhættir geti verið með ýmsu móti í söguljóðum, þá er þó í rauninni rétt að kalla svo öll ljóð, sem ort eru út af sögum hvaða bragur sem á þeim er og hvernig sem með efnið er farið. Í þeim skilningi eru rímur vorar söguljóð allar saman, aungu síður en Örvaroddsdrápa, Friðþjófskvæði eða Hómer.“ Hér leggur Þorsteinn í rauninni til að við skiptum um hugtak og köllum söguljóð almennt rímur. Þetta allt verður Þorsteini tilefni til að ræða um rímur almennt og þá fordóma sem þær máttu þola. Hann ritar: „Það er ekki ólíklegt að ýmsir menn hristi höfuðið yfir því að maður, sem þykist vera mentaður maður og líklega skáld, skuli ekki skammast sín fyrir það, að ætlast til

⁷⁵ Bókmenntir (1897:353).

að Brynjólfur frá Minnanúpi fari að yrkja rímur. Sá, sem þetta skrifar, getur þó ekki gert þeim þann greiða að skammast sín fyrir þetta, og veit hann þó fjölda manna bæði lærðra og ólærðra, sem þykir skít vera klínt á sig, ef rímur eru nefndar í þeirra áheyrn.“

Og Þorsteini er ljóst hverjum allt þetta er að kenna: „Hér sést ljóminn af frægðarverki Jónasar Hallgrímssonar í allri dýrð sinni. Þetta vanst honum, en lengra náði hann ekki ... Banað rímunum gat Jónas ekki, ... Hér hefir því alþýða farið sína leið þegjandi eins og alþýða er von að gera ... Tilfinningin kemur henni svo opt til liðs þar sem þekkinguna skortir og því er hún sein til að bera út uppáhalds börn sín, þó einhver gárungurinn verði til að sparka í þau og segja að þau séu ljót.“

Og hver kenndi Jónasi að yrkja svo „lipurt og létt“ sem raun ber vitni? Um það er Þorsteinn ekki í neinum vafa. „Af kvæðum aldanna á undan sér hefir hann varla lært það, því þau eru flest hvorki lipur né létt, heldur illa geing mjög og mörg hver hölt á öllum fótum. Og þó Eggert tækist að koma heimspeki sinni og búfræð í ljóð, þá er það optast mesta klúður og ólíkt Jónasi á allar lundir.“ Og Þorsteinn er sannfærður um að vart hafi það verið sálmarnir sem komu Jónasi á sporið. „Nei, það eru rímnaskáldin ein og örfáir menn aðrir, svo sem Páll Vídalín, sem ort hafa lipurt og létt.“ Í lokin nefnir Þorsteinn þau tvö skáld sem báru íslenska braglist fram til sigurs. Að mati Þorsteins voru það þeir Sigurður Breiðfjörð og Jónas Hallgrímsson, nú komnir í eina sæng!

Þorsteinn er ekki í neinum vafa um gildi rímnanna fyrir ljóðagerðina. Rímurnar varðveittu ljóðstafina, sagnafróðleikinn og tungumálið.⁷⁶

Brynjólfur svarar Þorsteini og greinir frá því að fleiri menn hafi bent honum á að semja rímu um sögu Guðrúnar Ósvífursdóttur, en ekki kvæði – og honum hafi sjálfum komið það til hugar. „Ég hefi lengi alið í huga mínum þá ósk, að eitthvert af skáldum vorum kæmi fram með *rímur, er væri skáldlegt listaverk, því það geta rímur líka verið, ef vel er á haldið. Mig langaði til að gera það sjálf; enn ég fann vanmátt minn. Eins og ég fyrirverð mig ekki fyrir að játa, að ég er rímnavinur, eins fyrirverð ég mig ekki fyrir að játa, að ég treysti mér ekki til að yrkja rímur svo, að þær fullnægi öllum þeim kröfum, sem þeim bæri að fullnægja.*“⁷⁷ Að lokum leggur Brynjólfur til að Þorsteinn Erlingsson vinni verkið sjálfur, til þess treysti hann honum best.

Einmitt um þetta leyti er Þorsteinn að byrja að yrkja *Eiðinn*, sem

⁷⁶ Þorsteinn Erlingsson (1892:3–4).

⁷⁷ Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi (1892:158).

eftir kröfu Þorsteins, sem fyrr kemur fram hér, getur verið ríma, þótt hann kallaði *Eiðinn* aldrei svo, en er vissulega söguljóð. Þess skal getið að Þorsteinn orti fyrir dauða sinn mansöng að *Eiðnum* sem vissulega flytur bálkinn nær rímnalistinni.

Þrátt fyrir það að Brynjólfur lýsi sig vanbúinn til að yrkja rímur um Guðrúnu Ósvífursdóttur hafði hann fyrr sinnt þeim akri. Árið 1860 orti hann *Rímu um dauða Hjálmars hugumstóra* sem varðveitt er í handritum höfundar. Ríman hefst á „Inngangs-mansöng“ þar sem hann veltir fyrir sér örlögum rímnakveðskapar á Íslandi og spyr:⁷⁸

Hví þá flestir menntamenn
mótkast rímum veita,
sem þó voru, og eru enn
almenn skemmtun sveita?

Þessari spurningu svarar Brynjólfur svo:

Kvæðum hallast ættum að,
úti síst þau loka;
en um leið í annan stað
áfram rímum þoka.

Nýrrar aldar nýjan smekk
nýjar rímur beri;
og þá menntun áfram gekk,
eins þær líka geri.

Búarímur

Árið 1906 birtist stuttur dómur eða öllu heldur kynning á ritinu *Nokkrar rímur* sem út komu þetta ár. Þar segir: „Í bók þessari eru nokkur gömul kvæði, sem áður voru í manna munnni um land alt, en eru svo að segja að tynast. Og þó þau séu engin snildarverk að búningi né efni, mun þó margt gamalt fólk hafa gaman af að rifja þau upp, og fullorðið fólk þó ekki sé gamalt finna í þeim endurminningar frá æskuárunum, þegar mentunin var torfengnari en nú er, og tekið var feginshendi „alt sem horfði í áttina, til andans hæða“.“⁷⁹

Þessi orð birtast sama ár og út koma *Rímur af Búa Andriðarsyni* og

⁷⁸ Sbr. Bragi Halldórsson (2009:98).

⁷⁹ Nokkrar rímur (1906:55).

Fríði Dofradóttur eftir Grím Thomsen, sem líklega voru ortar á áttunda tug 19. aldar eða snemma á hinum níunda.⁸⁰

Það má lengi velta því fyrir sér hvað Grími Thomsen gekk til er hann orti Búarímur sínar. Grímur var rímnavinur eins og víða kom fram. Búarímur Gríms hafa flest einkenni rímna. Þær eru söguljóð með eins konar mansöng, um veröld hugaburðar, ævintýranna sem skáldin þurfa að vinna úr til hreinsunar af öllum „sora lífs og heimsins meinum“.⁸¹ Kenningar eru þar nokkrar og heiti og ekki sérlega vel farið með rím sem var náttúrlega eitt einkenni rímna. Rímnahættir koma ekki við sögu og því gætu menn komist að því að ekki væri um rímur að ræða.

Rímunum lýkur þar sem Grímur ávarpar lesara og liggur ekki á því markmiði sínu með verkinu að skemmta fólki með efni frá fornum tímum þegar veröldin var líflegri:⁸²

Þá var líf og fjör í fjöllum,
fögnuður í dvergabólum,
þá var kvíkt í klettum öllum,
kátt og skemtílegt í hólum,
þá var nægt af trygðatröllum
og töfrafróðum hringasólum;
en jötnar sátu á tindum tignir,
trúðu menn og voru skygnir.

Nútíminn er hins vegar litlaus; engu er lengur trúað utan það sem sést og heyrst; „menn sjá illa og minna trúa, / í maganum flestra sálir búa.“⁸³

Sveinn Yngvi Egilsson tekur sterkt til orða er hann segir í riti sínu *Arfur og umbylting*: „Sannleikurinn var sá að Búarímur Gríms voru alls engar rímur.“⁸⁴ Að því álitu Sveins Yngva má finna. Það má allt eins líta svo á að Búarímur séu frábærar rímur, meðal hinna albestu, ef til vill tillaga að nýrri gerð rímna þótt vissulega séu rímnahættir víðs fjarri.

Sveinn Yngvi telur að tilurð Búarímna Gríms megi, að minnsta kosti að nokkru, rekja til annarra rímna af Búa, *Rímna af Búa Andriðar-syni*

⁸⁰ Sveinn Yngvi Egilsson (1999:139).

⁸¹ Grímur Thomsen (1934:143).

⁸² Grímur Thomsen (1934:194).

⁸³ Grímur Thomsen (1934:194).

⁸⁴ Sveinn Yngvi Egilsson (1999:147).

eftir Símon Dalaskáld, sem út komu árið 1872. Símon tileinkar séra Matthíasi Jochumssyni verk sitt og lofar hann mjög. Með rímum Símonar fylgdi „skálda-tal og hagyrðinga á Íslandi“ og þar er getið hinna helstu. Grímur hefur vart sætt sig við vísuna sem lýsti honum. Sveinn Yngvi lætur að því liggja að þar eigi hugmynd Gríms að Búa-rímum sínar rætur.⁸⁵ Rímur Gríms eru alls 260 erindi og við getum spurt okkur hvort það sé ekki í of mikið lagt til að ná sér niðri á skáldi sem nánast engrar hylli naut þeirra sem vit höfðu á fögrum listum.

Það er ljóst af dómum um rímur Gríms að rýnendur voru í vanda; fyrir augu þeirra komu rímur sem engum öðrum voru líkar. „Engar rímur eru þetta í venjulegum skilningi,“ ritar sá sem um verkið fjallaði í *Fjallkonunni*, „bragarhátturinn allur annar. En söguljóð eru þetta“.⁸⁶

Einhver, sem kallar sig L., ritar í *Vestra*: „Þar er mörg vísan vel kveðin, en það er sjaldan skemmtilegt að lesa mjög langt kvæði með einum og sama bragarhætti, og undarlegur rímnaháttur er á þessu ljóði.“⁸⁷

Sami bragur er á stuttum ritdómi í *Löggrétu*: „Þótt höfundur kalli kvæði sitt rímur, þá er það ekki ort undir rímnalögunum, heldur eru 6 vísuorð í hverju erindi, og er alt kvæðið, sem er í IX köflum, með sama bragarhætti, en formáli og eftirmáli með öðrum. En efnið er hið sama og í rímunum: gömlu ævintýri er snúið í ljóð, og þó ýmsu við aukið af skáldinu.“⁸⁸

Allir þessir dómar eru örstuttir og ljóst að höfundar þeirra vita ekki glöggt hvernig taka skuli á rímum Gríms – og sniðganga þær því að mestu og raunar einnig formið utan það að minnast á bragarhætti.

Það er líka vandi að sjá af hverju Grímur kallar örstutt ljóð sitt, 5 erindi, um síðustu samskipti Gunnars á Hlíðarenda og Hallgerðar „Gunnars rímu“. Kannski fyrir það eitt að skáldið leggur ekkert til málanna sjálft annað en að koma efninu í form. Og hvað með kvæðið sem Grímur kallar „Hemings flokk Áslákssonar“. Sjálft hugtakið flokkur bendir til rímu en rímnaháttur er eingöngu á fyrsta hlutanum. Kvæðið er eins og hluti af rímu.

Löng ljóð og stutt

Eins og hér hefur komið fram leynir sér ekki að margir sakna rímnanna og setja sig lítt inn í bókmenntahreyfingar samtímans eða hafna

⁸⁵ Sveinn Yngvi Egilsson (1999:142–148).

⁸⁶ Bækur (1906:269).

⁸⁷ L. (1906:2).

⁸⁸ Nýjar bækur (1906:182).

þeim með öllu. Ljóst er að smám saman bar meira á miðleitnum ljóðum; kvæði voru að breytast í ljóð. Eftirtektarvert er því að skoða vangaveltur Friðriks J. Bergmann sem harmar þessa þróun. Eftirfarandi orð hans árið 1894 í tímaritinu *Aldamót* staðfesta það.⁸⁹

Íslensku skáldin gjöra ekkert annað en yrkja eintóm smákvæði. Hetjukvæði yrkja ekki Íslendingar nú á dögum. Þó hefur einn íslenzkur bóndi nýlega vogað sjer út á þann hála ís: Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi. Þegar ómenntaður hagyrðingur getur komizt jafn-laglega frá eins miklu vandaverki og hann hefur komizt frá söguljóðunum sínum um Guðrúnu Osvífsdóttur, – hvað ættu þá ekki þjóðskáldin okkar góðu að geta hrist fram úr erminni, ef þau tækju sig til.

Síðar fullyrðir Friðrik að Íslendingar séu ekki einir um þennan vanda og vitnar í skáldið Henrik Pontoppidan, „langhelzta skáld Dana“, sem „kinokar sér ekki við að kalla ljóðskáldin dönsku dálitla lýriska lúsablesa, sem tímum saman dundi sér við að nostra rím og fitla við lýsingarorð.“⁹⁰ Bresku skáldin skili einnig inn stuttum ljóðum og áhrifalitlum. Það er því ekki að furða að Friðrik fagnar mjög Biblíuljóðum séra Valdimars Briem; þar var komið það stórvirki í stað „smáljóðanna“ sem Friðriki fellur í geð.⁹¹

V Hvað eru rímur?

19. öldin leið svo til loka að lítil þróun varð á rímnakveðskapnum þótt ljóst sé að nokkurra áhrifa rómantísku stefnunnar gæti hjá nokkrum alþýðuskáldum. Enn sem fyrr var ort um hinar gömlu sögur og aðferðirnar keimlíkar þeim sem tíðkast höfðu þótt ljóst sé að kenningunum fækki nokkuð. Brynjúlfur Oddsson braut að vísu blað með „Dátarímu (um hermennina í Reykjavík 1851–1852)“ og orti um samtíma- viðburði, Þjóðfundinn 1851, og má segja að með því hafi hann vísað leiðina fram til 20. aldar er efnisvalið varð miklu frjálsegra en tíðkast hafði fyrr. Þannig hefst „Dátaríma“ Brynjólfs:⁹²

⁸⁹ [Friðrik J. Bergmann] (1894:131).

⁹⁰ [Friðrik J. Bergmann] (1903:148).

⁹¹ [Friðrik J. Bergmann] (1897:136 o.áfr.).

⁹² Brynjúlfur Oddsson (1869:1).

Margir hafa leitt í ljós
ljóð af fornum sögum;
kýs jeg heldur kynna hrós
kappa nú á dögum.

Um aldamótin vöktu *Alþingisrímur* Guðmundar skólaskálds og Valdemars Ásmundssonar mikla aðdáun fyrir snilldartök höfunda á máli og brag auk fyndninnar en í rauninni er þar vart um rímur að ræða; þar eru ekki sagðar sögur.

Það er augljóst að mönnum gekk illa að skilgreina skáldskapargreinina rímur. Finnur Jónsson gerði grein fyrir þeim með folkepoesie og Bjarni Thorarensen virðist og hafa verið sama sinnis svo sem sjá má af orðum hans í bréfi til Bjarna Þorsteinssonar árið 1830 þar sem hann gerir rímur að umfjöllunarefni. Bjarni skrifar: „Rímur eru Skáldskapartegund útaf fyrir sig, og Skáld sem gétur þóknast Almenníngi, er þó að minnsta Kosti góður í *Folkepoesie* ...“ Bjarni fullyrðir í þessu bréfi að Sigurður Breiðfjörð „hefði gétad ordid mikid Skáld“.⁹³ Þetta eru merkileg orð. Fyrir Bjarna eru rímur sérstök tegund alþýðukveðskapar, út af fyrir sig, ekki eiginlegur skáldskapur og þeir sem yrkja rímur ekki eiginleg skáld. Ekki fremur en sálmaskáldin sem hann ritar um svo árið 1819: „Ný Utgáfa af Sálmaskáldum vorri er nú væntanleg med Appendixi af Sálumum sem þú af Bodsbréfinu um Yrkíng þeirra sérd ad ei géta annad en ordid Prosaiskir; hlálegt er ad Hlutadegendur hér eckért Begreb hafa um Skáldskaparins Veru og Edli og alls ecki hafa þarí framgengid med Tíðinni...“⁹⁴ Og nú blasir myndin við. Nýr tími skáldskapar er kominn fram á sjónarsviðið en utan hans standa bæði rímur og sálmar, tvær greinar ljóðlistar sem nútímann fordæst, e.t.v. vegna þess að engin leið er að brjóta út úr vananum. Þetta veldur því að Bjarni treystir sér ekki til að kalla Sigurð Breiðfjörð skáld, heldur „Rimer“, þ.e. rímara „en Skáld gét ég ei kallad hann.“⁹⁵

Sé litið til hugmynda Benedikts Gröndals Sveinbjarnarsonar, raunar löngu síðar, er hið sama uppi á teningnum. Rímur eru sérstakar í eðli sínu – og eiga að vera það. Í formála *Göngu-Hrólf's rímu* ritar hann um kenningasmíð í rímum: „Kenningum vil ég halda, og hef ég skýrt þær aftan við, þær eru bæði í Friðþjófssögu og öllum vorum skáldskap af þessu tagi. Edda er sá fjársjóður og sá arfur, sem vér aldrei megum

⁹³ Bjarni Thorarensen (1986 II:130).

⁹⁴ Bjarni Thorarensen (1986 I:157).

⁹⁵ Bjarni Thorarensen (1986 II:166).

týna.“ Og um meðferð brags kemur fram að þar hafa rímur sérstöðu: „Hvað bragsmíði eður rím snertir, þá eru rímur þessar eða söguljóð ort alveg á sama hátt og tíðkagt hefur að fornu og nýju, nefnilega eftir „náttúrlegri tilfinningu“, en ekki eftir tilbúnum bragfræðisreglum.“⁹⁶ Þetta eru merkileg orð. Ekki er annað að skilja en að í rímum gildi sérstakar reglur um brag; reglur nýja tímans eiga ekki við rímurnar sem hlíta sínum eigin reglum. Það sem „óvandað“ var kallað í brag var ekki svo óvandað í rímum vegna hefðarinnar, hins sögulega.

Svo sem fram hefur komið greindi menn á um hvort rímur væru söguljóð; sumir vildu hafa það svo, eins og fram hefur komið, aðrir mótmæla því. Þannig verða rímurnar stundum eins og munaðarlausar, kannski eins og börnin hennar Evu.

IV. Lokaorð

Rímur hlutu að líða undir lok. Engum vafa er undirorpið að margir söknuðu þeirra. Heil grein ljóðlistarinnar hvarf af sviðinu og lifði í endurminningum þeirra sem brátt myndu kveðja jarðlífið. Að vísu hafa verið ortar nokkrar rímur á 20. öld. En satt að segja minnir slíkt á að við minnumst gjarna forns íslensks matar og matarvenja einu sinni á ári, eins og í minningar- og virðingarskyni við þann mat sem eitt sinn var borðaður.

Rímunum var gert að berjast við þrenns konar skáldakyn, hið upplýsta, hið rómantíska og hið raunsæja, auk yfirvalda kirkjunnar. Þær höfðu lengi vel betur en urðu síðan að láta í minni pokann. Þrátt fyrir það er rímum margt þakkað, líklega með réttu. Gamall fróðleikur varðveittist í þeim, Eddan gleymdist ekki, ljóðstafir héldust að mestu óbrennlaðir frá fornum tíma, hagamælskan var viðvarandi æfing í meðferð málsins og hefur án efa stuðlað að varðveislu tungunnar.

Ljóðagerðin breyttist með nýjum smekk og fór sigurför um leið og skáldin fengu nýjan virðingarsess. Skáldsagan, sem átti svo erfitt uppdráttar á Íslandi á 19. öld, braggaðist og tók við hinu epíska hlutverki sem hún sinnir enn ásamt kvikmyndum og fleiri miðlum.

*Það hér áður venja var,
vísur dáðu stúlkurnar.
Kossa þáðu og þesskonar
þeir, sem kváðu rímurnar.*

Örn Arnarson

⁹⁶ Benedikt Gröndal (1951 II:581).

HEIMILDIR

- A[rni] (Árni) H[elgason]. 1835. Útkomnar íslenskar bækur á seirni árum. *Sunnanpósturinn* 1.9.
- [Árni Helgason]. 1836. [Án titils]. *Sunnanpósturinn* 2.2.
- Benedikt Gröndal. 1951. *Ritsafn* II. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Benedikt Gröndal. 1951. *Ritsafn* IV. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Benedikt Gröndal. 1871. Frelsi – menntan – framför. *Gefn* 2.1.
- Benedikt Gröndal. 1888. Bókmentir. *Fjallkonan* 5.28.
- Benedikt Gröndal. 1897. Ritdómsraun. *Ísland* 1.45.
- Bjarni Thorarensen. 1986. *Bréf*, 2 bindi. Jón Helgason bjó til prentunar. Safn fræðafélagsins XIII–XIV. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Bókmenntir. 1897. *Ísafold* 24.89. (18. des.)
- Bókmentirnar íslensku. 1835. *Fjölur* 5.
- Bókmenntir. 1892. *Fjóðólfur* 44.29.
- Bragi Halldórsson. 2008. „Misjafnt fljúga fuglarnir“. *Hjálmar hugumstóri og Ingibjörg konungsdóttir í rímum síðari alda*. Ópr. MA-ritgerð, Háskóli Íslands.
- Bragi Halldórsson. 2009. Ástir Hjálmars hugumstóra og Ingibjargar konungsdóttur í rímum síðari alda. *Són, tímarit um óðfræði* 7.
- Brynjólfur Oddsson. 1869. *Nokkur ljóðmæli*. Höfundur, Reykjavík.
- Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi. 1892. Svar til Þ. E. *Fjallkonan* 9.40.
- Bækur. 1906. *Fjallkonan* 23.68.
- Eggert Ólafsson. 1830. *Kvæði Eggerts Ólafssonar*. Kh.
- Einar Benediktsson. 1896. Íslensk skáld. *Dagskrá* 1.6.
- Einar Benediktsson. 1945. *Ljóðmæli* II. Ísafoldarprentsmiðja H/F, Reykjavík.
- Einar Benediktsson 1952. *Laust mál* I. Steingrímur J. Þorsteinsson bjó til prentunar. Ísafoldarprentsmiðja H.F. Reykjavík.
- E[inar] H[jörleifsson]. 1900. Fyrir hundrað árum. *Sunnanfari* 8.12.
- Einn búandkarl norðlenzkr. 1866. Rímur o.fl *Norðanfari* 5.14–15.
- Einn búandkarl norðlenzkr. 1867. Rímnarolla Sunnlendinga. *Norðanfari* 6.5–6.
- Finnur Jónsson. 1882. Bókmentir. *Skuld* 5.143–144.
- Formáli. 1789. *Rit þess íslenska Lærdómslistafélags* 9.
- Formáli. 1790. *Rit þess íslenska Lærdómslistafélags* 10.
- [Friðrik J. Bergmann]. 1894. Undir linditrjánnum. *Aldamót* 4.
- [Friðrik J. Bergmann]. 1897. Undir linditrjánnum. *Aldamót* 7.
- Friðrik J. Bergmann. 1898. Undir linditrjánnum. Grettisljóð. *Aldamót* 8.
- [Friðrik J. Bergmann]. 1903. Undir linditrjánnum. *Aldamót* 13.
- Friðrik J. Bergmann. 1907. Á Hofmannafli. Örvar-Odds drápa. *Breidablik* 1.11.

- G[íslí] Th[orarensen]. Bókafregn. *Fjölur* 6.
 „Grettisljóð“. 1898. *Fjallkonan* 15.4.
- Grímur Thomsen. 1934. *Ljóðmæli*. Heildarútgáfa. Fyrra bindi. Snæbjörn Jónsson, Reykjavík.
- Guðmundur Friðjónsson. 1898. Matth. Jochumsson: Grettisljóð. *Sunnanfari* 7.1.
- Guðmundur Friðjónsson. 1898. Skáldskapur. *Sunnanfari* 7.1.
- Hallgrímur Jónsson. 1859. *Rímur af Hjálmari Hugum stóra*. Grímur Laxdal (kostnaðarmaður), Akureyri.
- J. 1886. Bókmenntir. *Þjóðólfur* 38.16.
- Jón Helgason. 1959. Finnur Magnússon. *Ritgerðakorn og ræðustúfar*. Félag íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn, Reykjavík.
- Jón Stefánsson. 1907. Benedikt Gröndal áttæður 1826–1906 og Benedikt Gröndal: Örvar-Odds drápa. Önnur prentun. Reykjavík 1906. *Eimreiðin* 13.2.
- Jón Porkelsson. 1888. *Om Digtningen på Island i det 15. og 16. Århundrede*. Andr. Fred. Höst & Söns Forlag, Kh.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*. I. bindi. Ritstjórar: Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*. II. bindi. Ritstjórar: Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Jónas Jónasson stúdent. 1881. Yfirlit yfir bókmentir Íslendinga á 19. öld. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 2.
- L. 1906. Ritfregn. *Vestri* 6.1.
- Loðvík Kristján Müller. 1835. Athugasemdir um Íslendinga, einkum í trúarefnum. *Fjölur* 1.
- Magnús Stephensen. 1797. Til lesaranna. *Skémtileg Vina-Gleði*. Leirárgörðum.
- Matthías Jochumsson. 1898. Athugasemd um ritdóm Guðmundar skálds Friðjónssonar. *Sunnanfari* 7.2.
- Matthías Jochumsson. 1956. *Ljóðmæli*. Fyrra bindi. Árni Kristjánsson sá um útgáfuna. Ísafoldarprentsmiðja H.F, Reykjavík.
- Nokkrar rímur. 1906. *Alþýðublaðið* 1.7–8.
- Ný bók. 1893. *Fjallkonan* 10.38.
- Nýjar bækur. 1906. *Lögretta* 1.46.
- [Ólafur Indriðason]. Úr bréfi af Austfjörðum. 1836. *Fjölur* 2.
- Óskar Halldórsson. 1996. *Bókmenntir á lærdómsöld 1550–1770*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

- Sálmabók. 1589. *Ein ny Psalma Bok*. Hólum í Hjaltadal.
- Sálmabókin nýja. 1886. *Þjóðólfur*. Aukablað 27. nów.
- Sigurður Breiðfjörð. 1860. *Rímur af Gunnari á Hlíðarenda*. Jón Borgfirðingur, Akureyri.
- Sigurður Breiðfjörð. 1894. *Úrvalsrit*. Einar Benediktsson bjó til prentunar. Bókaverzlun Gyldendals, Kh.
- Sigurður Breiðfjörð. 1963. *Nímarímur* (4. útg.). Sveinbjörn Beinteinsson sá um útgáfuna. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- [Sigurður Júl. Jóhannesson]. 1902. Skáldskapur og bókmentir. *Dagskrá II* 1.16.
- Símon Dalaskáld. 1872. *Rímur af Búa Andríðar-syni. Með man-saungum, er í er skálda-tal og hagyrðinga á Íslandi, – svo og fáein ljóðmæli*. Þórður Gumundsson, Reykjavík.
- Stutt æfiminning. 1878. *Þjóðólfur* 30.24.
- „Sunnlenzkur búandkarl“ [Eggert Ó. Briem]. 1866. *Rímnadómurinn í Norðanfara*. Einar Þórðarson, Reykjavík.
- Sveinbjörn Egilsson. 1856. *Ljóðmæli*. Einar Þórðarson, Reykjavík.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantik*. Hið íslenska bókmenntafélag, ReykjavíkurAkademían.
- Vísnaþókin. 1612. *Ein Ny Wísna Bok*. Hólum.
- Þ. Jónsson. 1893. Um Sigurð Breiðfjörð. *Stefnir* 1.4.
- Þorsteinn Erlingsson. 1892. Guðrún Ósvífsdóttir. *Sunnanfari* 2.1.

Kristbjörg Freydís Steingrímsdóttir

LJÓÐ V

ÁIN KVEÐUR · SUMARKVÖLD · STYRJALDARBARN · HEIÐAKYRRÐ
HVÍLD · HAUSTVÍSA · ÞJÓÐSAGA · ELDFÓRN

Áin kveður

Áin kveður í klettaþröng
kvæði sem enginn skilur
hrynjandi foss og flúðin ströng
færa kynngi í hennar söng
straumþungans högg á hamraþilinu bylur.

Kvöldið er milt og kvæðin sín
í kyrrðinni áin þylur:
Fífldjarfir sóttu feigð til mín
farandi maður, gættu þín
vaðið er naumt og neðan við er hylur.

Sumarkvöld

Úti í garðinum sólþeyrinn syngur
seiðmjúkt ómar hans gígjustrengur,
hann hvíslar í grasinu,
leikur að léttum
laufum og gróðurinn biður
syngdu, ó syngdu lengur.

Nú er söngurinn hljóðnaður, þagnaður þeyrinn
þyturinn ljúfi sem hjalar við eyra
heyrir ei lengur,
allt hlustar og vakir,
hlustar, vakir og biður
syngdu, ó syngdu meira.

Styrjaldarbarn

Þú birtist mér fyrst eitt síðkvöld á sjónvarpsskjánum
í sviðnum rústum af borg,
steinrunnin ógn í andlitsdráttunum þínum
augun þín myrk af sorg.

Hvílíkt böll, að vera svo ungur og eiga
slík augu, af harmi dimm.
Litla barn, í vondum vitskertum heimi
hve veröld þín er grim.

Litla barn í vondum vitskertum heimi
hví vitjar sorg þín mín?
Ég finn hennar nálægð, er fagna ég nýjum degi
þau fylgja mér augun þín.

Heiðakýrrð

Fjarri leiðum
langferðamanna
lengst inná heiði,
kringdur lyngvöxnu
kargabýfi
er kotbær í eyði.

Búenda reynslu
af raunum og gleði
rústirnar geyma.
Enginn man
hverjir endur löngu
áttu þar heima.

Staðinn umvefur
heiðanna höfugi
helgifriður.
Ljúf er hvíldin
í lyngsins fangi
ef þú leggst þar niður.

Hvöld

Langt í fjarskanum liggur ey
lukin af björtum draumasæ
strokin yhljújum anganblæ
áfram borið af léttum þey
þangað fullum seglum svífur
svefns míns fley.

Hugljúfi draumur heim þinn í
hefi ég löngum gleði sótt.
Lengdu nú svefn minn svarta nótt
syngdu mér vöggukvæði – því
vissulega verður sárt
að vakna á ný.

Haustvísa

Hausttíðin heilsar
með hríðum og snjó
sölnað er litfagurt lyngið á heiði
og laufið í mó.
Lengist hver stundin sem dapureyg dagsbirtan
dvelur í skugga.
Stráin fölna, fýkur í skjólin,
fennir á glugga.

Þjóðsaga

Við bæjardyrhelluna beislaðir þú jó
og bjóst að ríða úr garði
yfir landið haustkvöldið hulu sína dró
þú varst horfinn fyrir en varði.

Nú veit enginn hvers vegna þú fórst í þessa ferð,
slíkt fyrnist eins og gengur,
hvort hún var af samtíð þinni metin mikilsverð
man víst enginn lengur.

Rökkurskuggar féllu yfir fjöllin misturblá
um fönn og jökulskriðu,
vötnin runnu um sandana, köld og kólugugrá
og komu þinnar biðu.

Á hljóðu kvöldi bergmála hófslögin ör
um hrjúfa eyðisanda,
vötnin þóttust skynja að fleiri væru í för.
Er fært á milli landa?

Vötnin þóttust heyra að fleiri færu þar
og fluttu varnað gesti
því vötnin þóttust sjá hver í samfylgd þinni var
á sveittum, bleikum hesti.

Ekki gastu vitað það böl sem biði þín
fyrst var brot og síðan hylur.
Það stoðar lítt þó vötnin flytji varnaðarorð sín
því vötnin enginn skilur.

Eldförn

Geng ég grýttan stíginn
geymir húmið sporin,
lítinn blaðaböggul
ber í hendi mér.
Tendra æstan eldinn,
engu varðar heiminn,
þó að þögnin dylji
það sem liðið er.

Gulnuð blöðin geyma
gamla ástarsögu,
bregður bliknað letur
bjarma á gengin ár,
ykkar óskir, vonir,
æskuþrár og drauma,
ykkar æðstu gleði,
ykkar sorgartár.

Logatungur leifra
litum björtum skarta,
er á bálið ber ég
blöð með letur máð.
Hljóðlát húmið sefar
hugans þunga trega,
meðan eldur eyðir
öllu, er þar var skráð.

Ég held samt um eilífð
ykkar hugsun geymist,
þó á báli bleikum
blöðum verði eytt,
verður eitthvað eftir,
einhver neisti, kraftur,
eitthvað, sem að enginn
eldur getur deytt.

Dvínar eldsins eisa
ösku blærinn dreifir
yfir auðan veginn
– eftir því ég beið.
Skeið úr ykkar ævi
er nú gleymsku falið.
Grýttan götuslóðann
geng ég heim á leið.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Örfá orð um rím

Jakob Benediktsson skilgreinir rím í bókinni *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Þar segir: „Endurtekning hljóða eða hljóðasambanda eftir vissum reglum innan erindis eða braglínu“ (Jakob Benediktsson 1983:214). Jakob nefnir svo *alrím*, þegar sérhljóð og eftirfarandi hljóð eru eins, og tvenns konar *hálf-rím*: a) þegar sérhljóð rímatkvæðis eru mismunandi en eftirfarandi samhljóð eins (*vald – fold*) og b) þegar sérhljóð rímatkvæðis eru hin sömu en eftirfarandi samhljóð mismunandi (*fugl – gull*). Umfjöllun Jakobs er sem vænta má skýr og skilmerkileg og í samræmi við hefðbundnar skilgreiningar bragfræðinnar. Í *The New Princeton Encyclopedia of Poetry and Poetics* er umfjöllun um rím á svipuðum nótum. Þar segir: „In the specific sense of the term as used in English, rhyme is the linkage in poetry of two syllables at line end ... which have identical medial vowels and final consonants but differ in initial consonant(s) – syllables which, in short, begin differently and end alike“¹ (Preminger og Brogan 1993:1053).

En rím getur birst á fleiri vegu en getið er um hér að ofan. Í bókinni *The New Princeton Encyclopedia of Poetry and Poetics*, sem fyrr er nefnd, má lesa skemmtilega samantekt um rím:

1. CVC bad boy (alliteration)
2. CVC back rat (assonance)
3. CVC back neck (consonance)
4. CVC back bat (reverse rhyme)
5. CVC back buck (frame rhyme, pararhyme)
6. CVC back rack (rhyme strictly speaking)
7. CVC bat bat (rich rhyme, or identical rhyme – /bat = wooden cylinder/bat =flying creature)

(Preminger og Brogan 1993:1054)

¹ Hugtakið rím, eins og það er notað í enskum bókmenntum, er binding tveggja atkvæða í enda braglína ... á þann hátt að þau hafa sama áherslusérhljóða og sömu lokasamhljóða en ólíka upphafssamhljóða – atkvæði sem, í stuttu máli sagt, byrja ólíkt en enda eins.

Hér stendur *C* fyrir *consonant* (samhljóð) og *V* fyrir *vowel* (sérhljóð). Undirstrikað er hverju sinni það sem tekur þátt í ríminu, fyrri samhljóðinn, sérhljóðinn eða seinni samhljóðinn. Hér á eftir verður hver þáttur skoðaður sérstaklega, rímið útskýrt og sýnd dæmi úr íslenskum kveðskap.

1. CVC Það sem hér er á ferðinni er auðvitað það sem við köllum *stuðlun* rétt eins og segir í enska textanum; *alliteration*. Stuðlasetning er í rauninni rím, sbr. orðið *stavrím* sem notað er á Nordurlöndunum og þýska orðið *Stabreim*. Oftast er stuðlunin aðeins á einum samhljóða en þegar um gnýstuðla er að ræða fara tveir samhljóðar ætíð saman:

Hausa, fletja, **sl**íta **sl**óg,
sleddu hvetja, ausa sjó,
 fast að setja, **f**íra kló,
 fella net og splæsa tó.

(Örn Arnarson 1942:158)

Í fyrri helmingi vísunnar er það klasinn **sl** sem myndar stuðlunina en í seinni helmingnum er það aðeins **f**-ið sem tekur þátt í stuðluninni. Rétt er að benda á að auðvitað geta þessir framstöðuklasar verið ólíkir að því leyti að stundum fylgja fleiri samhljóð en þau sem mynda stuðlunina, sjá hér á eftir:

Fagnað magnar **fr**ið á hlíð
frjó og gróin jörðin;
 gagn og hagnað **b**yður **bl**ið,
bjó þar róleg hjörðin.

(Sveinbjörn Beinteinsson 1953:2)

Framstöðuklasarnir sem stuðla eru **f** – **fr** – **frj** annars vegar og **b** – **bl** – **bj** hins vegar. Það sem stuðlar er í þessum tilvikum aðeins fyrsta hljóðið, þ.e. **f** og **b**. Það sem á eftir kemur er valfrjálst. Eina undantekning frá þessu eru gnýstuðlarnir: *sk* – *sl* – *sm* – *sn* – *sp* – *st*.

2. CVC Þetta hefur verið kallað *hálf-rím* á íslensku (Jakob Benediktsson kallar þetta *hálf-rím b*, sjá hér að framan), líka kallað *sérhljóðarím*. Þetta rím var mikið notað í danskvæðum á miðöldum, sbr. þessa vísu úr Tristanskvæði:

En því svaraði kóngurinn
og brást við **reiður**: **reið**
Hvað mun þurfa að græða hann,
því hann er **feigur**. **feig**
(Páll Eggert Ólason 1947:81)

Sérhljóðarím varð aldrei verulega vinsælt, hvorki í veraldlegum kveðskap, sálumum eða rímum. Þó má sjá því bregða fyrir í dag í dægurlagatextum.

3. CVC Hér er dæmi um það sem Jakob Benediktsson kallar *hálf-rím a*. Þetta kallar Sveinbjörn Beinteinsson *sniðrím* (1953:xxvii). Þetta rím er algengt í fornum kveðskap. Bæði í dróttkvæðum og hrynhendum hætti var reglan sú að rím eins og þetta átti að vera í öllum frumlínum (skothendingar) og svo *alrím* (sjá síðar) í síðlínum:

þél höggr stórt fyr **stáli** **þél** – stál
(Egill Skalla-Grímsson, Skjd. A I 1967:54)

senn verandi úti og **inni** **senn** – inn
(Eysteinn Ásgrímsson, Skjd. A II 1967:363)

4. CVC Þessi tegund ríms, eða öllu heldur stuðlasetningar, er ekki þekkt í íslenskum kveðskap. Engin hefð er fyrir því hér hjá okkur að hafa sama stofnsérhljóða á eftir hljóðinu sem stuðlar. Þetta er hins vegar alþekkt t.d. í Kalevala kvæðunum. Þar má sjá eftirfarandi:

Lappalainen laiha poika²
(Kiparsky 1968:139)

Reyndar er það svo að í Kalevalakvæðunum er þrisvar sinnum algengara að sjá þessa stuðlun heldur en þar sem sérhljóðinn er ekki sá sami (Kiparsky 1968:139). Stuðlun af þessu tagi er einnig algeng í kveðskap bæði í Mongólíu (Preminger og Brogan 1993:798; Fabb 1999:237) og Sómalíu (Fabb 1999:233) svo nefnd séu þekkt dæmi.

Þegar Snorri Sturluson útskýrir sérhljóðsstuðlun í Eddu sinni segir

² Hjörtur Pálsson þýddi fyrir mig þessa ljóðlínu, þannig: *Langt að kominn kappi og grannur*

hann að fegurra sé að hafa mismunandi sérhljóð saman í stuðlun: „En ef hljóðstafr (þ.e. sérhljóð) er höfuðstafrinn, þá skulu stuðlar vera ok hljóðstafrir, ok er fegra at sinn hljóðstafr sé hverr þeira“ (Snorri Sturluson 1999:4). Líklegt er að íslenskum unnendum hefðbundins ljóðforms fyndist ekki fallett að hafa sama sérhljóðið á eftir samhljóði eða samhljóðsklasa sem stuðlar. Hefðin er að mismunandi sérhljóð stuðli saman og eyrað er vant því.

5. **CVC** Hér er aftur á ferðinni *sníðrím*, alþekkt í fornum kveðskap okkar og notað enn í dag. Munurinn á þessu og því sem sýnt er í nr. 3 er að nú er upphafssamhljóðið hið sama. Lítum aftur á vísu Egils:

Gestils álftr með **gustum** **gest** – **gust**
(Egill Skalla-Grímsson, Skjld. A I 1967:54)

Nú stuðla rímorðin sem er fyllilega eðlilegt og sjálfsagt ef svo ber undir. Þetta má í íslenskum kveðskap en hefur ekki neina sérstaka þýðingu. Þessi tegund ríms hefur enda ekkert heiti annað en það er einfaldlega kallað *sníðrím*, eins og dæmið **þél/stál** hér að framan, og stuðlun, **g**-in í framstöðu orðanna stuðla saman. Í enskum kveðskap er ekki hefð fyrir stuðlun og þess vegna tengja þeir þetta fyrirbæri ríminu.

6. **CVC** Nú komum við loks að því sem í daglegu tali er kallað rím á Íslandi. Hér er stofnsérhljóðið það sama svo og samhljóðið sem fer næst á eftir því. Þetta kallast *alrím*:

Glæst er mynd af ljósum **lokk** **lokk** – **flokk**
læst í huga **mér**. **mér** – **þér**
Hæst þig ber í fljóða **flokk**
fæstar líktust **þér**.

(Sveinbjörn Beinteinsson 1953:14)

Í þessari vísu er framrím, sem er óvenjulegt. Orðin sem ríma eru: **Glæst** – **læst** – **Hæst** – **fæst**-

7. **CVC** Ýmis skemmtileg dæmi eru til um þetta rím í íslensku þó að við höfum reyndar ekkert heiti um það, a.m.k. ekki sem mér er kunnugt um. Nú rímar allt saman, fyrra og seinna samhljóð og sérhljóðið. Lítum á vísu (hringhendu) þar sem innrímið (miðrímið) er á þessa lund en merking orðanna breytist frá einni línu til annarrar:

Kveð ég **hátt** uns dagur dvín (**hátt** = háum rómi, um hljóð)
 dýran **hátt** við baugalín; (**hátt** = bragarhátt)
 Venus **hátt** í vestri skín, (**hátt** = í mikilli hæð)
 við skulum **hátt**a elskan mín. (**hátt**(a) = afklæðast)

(Örn Arnarson 1942:177)

Þetta rímform er afar sjaldgæft. Líklega hefur hagyrðingum gegnum tíðina ekki fundist þetta vera rím eða þá að þeir hafa litið svo á að það væri gallað sem slíkt þar sem orðin eru eins að öllu leyti. Lítum á annað dæmi:

Hann var alinn upp við **sjó**,
 ungan dreymdi um skip og **sjó**,
 stundaði alla ævi **sjó**,
 aldurhniginn fórst á **sjó**.

(Örn Arnarson 1942:90)

Hér er sama orðið látið ríma í öllum braglinum og nú merkja öll orðin það sama. Þetta er reyndar ekki alveg samkvæmt því sem gefið er upp í enska textanum sem vitnað er til í upphafi greinarinnar því að þar er reiknað með að orðin séu ekki sömu merkingar. Vísan er úr kvæðinu um Stjána bláa, lokaerindi fyrri hluta. Höfundinum, Erni Arnarsyni, hefur fundist við hæfi að klifa svolítið á þessu orði til að undirstrika tengsl Stjána bláa við hafið.

Rímið sem sýnd hafa verið dæmi um hér að framan, sumt af því reyndar ævinlega kallað stuðlun í umfjöllun um brag á íslensku, er allt til staðar í íslenskum kveðskap nema nr. 4 þar sem stuðlað er með samhljóða eða samhljóðaklasa og sérhljóðinu sem á eftir fer. Ekkert stendur þó í vegi fyrir því að það sé gert ef einhver kýs að stuðla á þann máta. Að lokum skal á það bent að hér eins og víðar í bragfræðinni vantar heiti á nokkur af hugtökunum.

1. **CVC** heitir *stuðlun*
2. **CVC** heitir *hálfírím* eða *sérhljóðarím*
3. **CVC** er stundum líka kallað *hálfírím* en líklega er betra að nota orðið *sníðrím*
4. **CVC** hefur ekkert heiti
5. **CVC** er kallað *sníðrím* eins og nr. 3 en hér mætti gjarnan finna annað heiti

6. **CVC** er kallað *rím*, ef við viljum vera nákvæm segjum við *alrím*
 7. **CVC** hefur ekkert heiti og væri vel þegið ef einhver bætti úr því

Hér er sem sagt vinna fyrir hugmyndaríka og orðfæra bragfræðiáhuga-
 menn.

HEIMILDIR:

- Egill Skalla-Grímsson. 1967. *Den norsk-islandske skjaldedigtning* ved Finnur Jónsson A I. Ljóspr. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.
- Eysteinn Ásgrímsson. 1967. *Den norsk-islandske skjaldedigtning* ved Finnur Jónsson A II. Ljóspr. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.
- Fabb, Nigel. 1999. Verse constituency and the locality of alliteration. *Lingua* 108, bls. 223–245. Editors: J.M. Anderson, Edinburgh; N.V. Smith, London.
- Jakob Benediktsson (ritstýrði). 1983. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Mál og menning, Reykjavík.
- Kiparsky, Paul. 1968. Metrics and morphophonemics in the Kalevala, í Charles E. Gribble (ritstj.), *Studies presented to professor Roman Jakobson by his students*. Slavica Publishers, Inc. Cambridge, 137-148.
- Páll Eggert Ólason. 1947. *Íslands þúsund ár. Kvæðasafn*. Helgafell, Reykjavík.
- Preminger, Alex, og T.V.F. Brogan. 1993. *The New Princeton Encyclopedia of Poetry and Poetics*. Princeton University Press, Princeton, New Jersey.
- Snorri Sturluson. 1999. *Edda. Háttatal*. Ritstj. Anthony Faulkes. Viking Society for Northern Research. University College London.
- Sveinbjörn Beinteinsson. 1953. *Bragfræði og háttatal*. H.f. Leiftur, Reykjavík.
- Örn Arnarson. 1942. *Illgresi*. Önnur útgáfa. Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Reykjavík.

Giuseppe Ungaretti

LJÓÐ
VI

Guðbjörn Sigurmundsson þýddi

Giuseppe Ungaretti fæddist í Alexandríu í Egyptalandi árið 1888 og lést í Mílanó 1970. Afríka setti mark sitt á bernsku skáldins en árið 1912 flutti hann til Parísar og kynntist þar ýmsum lista- og fræðimönnum, svo sem André Breton sem skrifaði stefnuskrá súrrealista. Fyrsta ljóðabók Ungarettis, *Il porto sepolto*, kom út 1916, en önnur bók hans, *L'allegria di naufragi*, 1919, aflaði honum frægðar á Ítalíu. Hann er með lýrískustu skáldum og fylgir hefð hinna fornu skálda: Petrarca, Tasso, Foscolo og Leopardi. Ungaretti er eitt af merkustu ljóðskáldum Ítala á 20. öld. Stíll hans er einfaldur og laus við mælskuþróð og ljóð hans, stutt og hnitmiðuð, hlaðin merkingu og með vísunum í ýmsar áttir. Þau geta verið myrk og óræð eins og títt er um nútímaljóð. Eftirfarandi ljóð er ort í heimsstyrjöldinni fyrri og lýsir hryllilegri lífsreynslu hans í skotgröfunum. Það er dagsett 23. 12. 1915, þ.e. á Þorláksmessu.

Vökunótt

Næturlangt
hef ég legið
við hlið
fallins féлага
tennur hans
beraðar
mót fullu tungli
stirðnaðar hendur hans
þrengja sér inn
í þögn mína
og fá mig til að skrifa
innileg ástarbréf

Ég hef aldrei verið
nátengdari lífinu

Salvatore Quasimodo

LJÓÐ
VII

ÓÐAR ER KVÖLD · NÚ ÞEGAR DAGURINN RÍS · ÆVAFORNI VETUR

Guðbjörn Sigurmundsson þýddi

Salvatore Quasimodo (1901–1968) var ítalskt ljóðskáld sem fékk Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1959. Hann var fæddur á Sikiley, í bænum Modica á suðausturhluta eyjarinnar. Faðir hans var járnbrautarstarfsmaður og fjölskyldan flutti oft. Quasimodo lauk námi við tækniskóla í Messina 1919 og fór til Rómar í verkfræðinám en hvarf frá náminu vegna bágs efnahags og vann ýmis störf framan af ævi, var meðal annars tækniteiknari en hugur hans hneigðist fljótt til bókmennta. Hann gaf út sína fyrstu bók, *Acque e terre* árið 1929. Á fjórða áratugnum sneri hann sér alfarið að bókmenntum og varð m.a. ritstjóri bókmenntatímarits og árið 1941 bókmenntakennari við Tónlistarskóla Giuseppe Verdi í Milano. Því starfi gegndi hann til æviloka 1968.

Salvatore Quasimodo varð mjög þekktur fyrir ljóðasafn sitt *Ed è subito sera* sem kom út 1942. Hann aðhylltist bókmenntastefnu sem kölluð er „ermetismo“ á ítölsku eða Hermetismi, kennd við gríska guðinn Hermes. Það einkennir skáld þessarar stefnu að nota skýrt tungutak, leggja áherslu á hljóm orða og táknræna merkingu þeirra. Þeir stefna að hreinu, hnitmiðuðu ljóðmáli og dulúð og godsögnum bregður víða fyrir. Til grundvallar liggja frumspekilegar eða metafýsískar hugmyndir um tengsl manns og heims. Quasimodo var að reyna að lýsa hlutskifti nútímamannsins í framandi heimi og tókst oft vel upp. Hann lærði ungur grísku og latínu og þýddi snoturlega grísk fornskáld á ítölsku. Tvö önnur fræg skáld, sem oft eru nefnd í sömu andrá og Quasimodo, aðhylltust sömu skáldskaparstefnu og voru uppi á sama tíma. Það eru skáldin Giuseppe Ungaretti (1888-1970) og Eugenio Montale (1896–1981). Þetta eru risarnir í ítalskri ljóðagerð á 20. öld og þeir hlutu margar viðurkenningar fyrir verk sín. Quasi-

modo fékk sjálf Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1959 og Montale hlaut þau 1975 næstum áttæður að aldri. Hér birtast þrjú ljóð þýdd úr ítölsku eftir Quasimodo og eru þau öll úr áður nefndu ljóðasafni frá 1942. Fyrsta ljóðið ber sama nafn og ljóðasafnið og er jafnframt mjög lýsandi fyrir hinn knappa hermetíska stíl skáldsins. Þess má geta að Jóhann Hjálmarsson skáld þýddi fimm ljóð eftir Quasimodo sem birtust í bókinni *Erlend nútímaljóð* sem Heimskringla gaf út árið 1958. Einar Bragi og Jón Óskar völdu ljóðin. Tvö þessara ljóða, og eitt að auki, rötuðu síðan í *Íslenskt ljóðasafn*, V. bindi frá 1977, sem innihélt úrval þýðinga á íslensku sem Kristján Karlsson valdi. Fyrsta ljóðið *Ed è subito sera* hefur verið íslenskað áður af Jóhanni Hjálmarssyni sem studdist við sænska þýðingu. Hin hafa ekki birst áður á íslensku að því er ég best veit.

Óðar er kvöld

Hver maður stendur einn á hjarta jarðarinnar
undaður geisla sólar:
og óðar er kvöld

Nú þegar dagurinn rís

Nóttin að baki og tunglið
leysist hægt upp á heiðskírum himni,
sígur svo til viðar í síkjunum.

September er svona líflegur í þessu landi
þar sem nóg er af sléttum, engin eru græn
eins og í dölunum syðra á vorin.
Ég hef sagt skilið við félagana
og falið hjarta mitt innan gömlu múranna
til að geta dvalið við minningu þína í einrúmi.

Þú ert miklu fjarlægari en tunglið,
nú þegar dagurinn rís
og á strætinu glymja hófaskellir!

Ævaformi vetur

Ég þrái þínar björtu hendur
í flöktandi skuggum logans:
þær lyktuðu af eik og rósum;
af dauða. Ævaformi vetur.

Fuglarnir leituðu að æti
og urðu skyndilega að snjó
eins og þú komst að orði.
Örlítill sólarglæta, geislakrans engils
og síðan bara þokan og trén
og við orðin að lofti í morgunskímunni.

Kristján Eiríksson

Þýðingar íslenskra ljóða á Esperanto

Esperanto kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1887 þegar augnlæknirinn Lúðvík Lazarus Zamenhof í Bjalistok í Póllandi gaf út fyrstu kennslubók á málinu. Síðan hefur talsvert vatn runnið í heimshöfin, nokkrar kynslóðir esperantista safnast til feðra sinna og útbreiðsla málsins verið misjöfn eftir tímabilum og þjóðlöndum.

Mikill eldmóður einkenndi baráttu esperantista fyrir útbreiðslu málsins fram að fyrri heimstyrjöld en sá hildarleikur varð vitaskuld ekki til þess fallinn að gefa friðarhugsjónum þeirra byr undir vængi.

Esperantohreyfingar víða um lönd voru þó furðu fljótar að rétta úr kútnum eftir stríðið en þegar óveðursský þau, sem voru fyrirboðar seinni heimsstyrjaldarinnar, tóku að hrannast upp eftir 1930 sló aftur í bakseglin fyrir esperantistum og styrjöldin mikla og kaldastríðið eftir hana urðu þeim svo þung í skauti að það er fyrst nú á seinni árum með tilkomu internets og ódýrra fjarskipta við útlönd sem þeir sýnast aftur vera farnir að ná vopnum sínum.

Það er flestum kunnugt, sem kynnst hafa Esperanto og hugmyndum um hlutlaust alþjóðamál að einhverju marki, að einna ríkastur þáttur í hugsjónum esperantista er að skapa jafnræði í samskiptum manna óháð því hvaða tungu þeir hafa að móðurmáli. Einmitt vegna þessa hefur Esperantohreyfingin jafnframt verið friðarhreyfing sem berst gegn því að ein þjóð geti kúgað aðra í krafti yfirburðastöðu tungu sinnar í heiminum eða einstökum heimshlutum. Þessi barátta tengist því eðlilega baráttu smáþjóða fyrir því að halda menningu sinni sem ekki verður skilin frá þjóðtungunum í aldanna rás. Baráttan fyrir Esperanto er því í raun barátta gegn tungumáladaudanum og barátta fyrir því að allir jarðarbúar geti ræðst við á sömu tungu án þess að það sé ógn við móðurmál eins eða neins.

Það hefur löngum verið metnaður þjóða að geta orðað flestar eða allar hugsanir á sinni tungu og því hafa menn meðal annars kappkostað að þýða bókmenntir annarra þjóða á eigin tungu, bæði til að

auðga með því mál sitt og gefa löndum sínum kost á að kynnast helstu verkum útlendum í búningi eigin máls. Vitaskuld eiga tungur stórþjóðanna (kínverska, enska, spænska, franska, ítalska, þýska og svo framvegis) hvað mest úrval af slíkum þýddum bókmenntum, fyrir nú utan þau snilldarverk sem orðið hafa til á þeim tungum. Margar smærri þjóðir eiga líka fjöldann allan af góðum þýðingum og þar á meðal Íslendingar. Hygg ég að ýmsar stærri þjóðir þættust nokkuð góðar ef þær ættu viðlíka mikið þýtt af ljóðum og Íslendingar. – En það hlýtur einnig að vera flestum þjóðum, ekki síst smáþjóðum, keppikelfli að sem mest sé þýtt af bókmenntum þeirra á aðrar tungur.

Esperantistar gerðu sér vitaskuld frá upphafi ljóst að mikilvægt væri að þýða á málið ýmis bókmenntaverk af þjóðtungunum, bæði til að reyna á kosti og færni hins nýja miðils og til að auðga það að hugmyndum og menningu sem flestra þjóða jarðarkringlunnar.

Íslenskir esperantistar byrjuðu nokkuð snemma að þýða íslenskar bókmenntir á alþjóðamálið og urðu lausamálsverk að vonum fyrirferðarmest enda yfirleitt talin auðveldari viðfangs en ljóð. Einstaka þýðingar íslenskra ljóða birtust þó þegar í árdaga hreyfingarinnar á Íslandi og munu þýðingar Sigurðar Kristófers Péturssonar á „Bára blá“ eftir Magnús Grímsson, „Heyrið vella á heiðum hverri“ eftir Grím Thomsen og „Svanasöngur á heiði“, „Eg reið um sumaraftan einn“ eftir Steingrím Thorsteinsson vera fyrstar slíkra þýðinga sem birtust á prenti en þær eru allar í *Kennslubók í Esperanto* eftir Þorstein Þorsteinsson sem út kom 1909. Þá birtist þýðing Sigurðar Kristófers á „Bí, bí og blaka“ í *Íslandi Esperantisto* 1931.

Þar sem fyrstu þýðingar íslenskra ljóða á Esperanto eru nú því sem næst aldar gamlar þykir hæfa að rekja hér í stórum dráttum hvað áunnist hefur síðan á því sviði í tímariti sem helgað er óðfræði. – Fyrst verður í stuttu máli gerð grein fyrir helstu þýðingum íslenskra ljóða á Esperanto og meginéinkennum þýðinga á þá tungu og fjallað lítillega um gildi slíkra þýðinga fyrir þýðingar á önnur mál. Síðan verður birtur nokkuð nákvæmur listi yfir öll þau ljóð íslensk sem greinarhöfundur er kunnugt um að þýdd hafi verið á Esperanto.

Úr Eddukvæðum hafa eftirfarandi kvæði birst í heild á esperanto: Völuspá, Þrymskviða, Guðrúnarhvöt, Guðrúnarkviða hin fyrsta, Atla-kviða (öll í þýðingu Baldurs Ragnarssonar), Völuspá í *Íslandaj pravooĉoj*, sem út kom 1964, en hin í þýðingartímaritinu *La Tradukisto*. Þá hafa hlutar úr Hávamálum, bæði í þýðingu Erlings A. Haugen og Baldurs Ragnarssonar, verið prentaðir í tímaritinu *Norda Prismo* og einnig hluti af Helgakviðu Hundingsbana II í þýðingu Baldurs.

Af öðrum forníslenskum kveðskap er rétt að nefna fyrst Gróttasöng úr *Snorra Eddu* og Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar sem upphaflega birtust í þýðingu Baldurs Ragnarssonar í *La Tradukisto*. Áður hafði Sonatorrek Egils birst í þýðingu þeirra Baldurs Ragnarssonar og K. Kalocsay í *Vôco de Islando* 1960. Síðan hefur Baldur þýtt *Egils sögu* alla á Esperanto og þar með vitaskuld allan þann skáldskap sem þar er eignaður Agli bónda á Borg.

Lítið hefur enn sem komið er birst á prenti þýtt á Esperanto af öðrum kveðskap íslenskum fyrir siðskipti. Þó er þar rétt að nefna Hjálmarksviðu úr *Órvar-Odds sögu* sem birtist í *Norda Prismo* 1957 í þýðingu Baldurs Ragnarssonar og einnig þann kveðskap fornan sem finna má í *Njálu*, en þar ber hæst Darraðarljóð. *Njála* kom út í þýðingu Baldurs Ragnarssonar í Antwerpen 2003.

Ekki er um auðugan garð að gresja í þýðingum íslenskra ljóða á Esperanto frá þeim öldum sem kallaðar hafa verið lærdómsöld og upplýsingaröld í íslenskri bókmenntasögu eða tímabilinu frá 1550 til um það bil 1820.

Líklegt er talið að hinar þjóðsögulegu vísur Fiðlu-Bjarnar séu kveðnar rétt eftir siðskipti, á síðara hluta 16. aldar, þótt ekkert sé víst í því efni. Vísur þessar hefur Baldur Ragnarsson þýtt og birtust þær í *La Tradukisto* 1997.

Eitt þekktasta skáld í upphafi þessa tímabils var Einar Sigurðsson í Eydölum (1539–1626), höfuðskáld *Vísnaþókar Guðbrands* biskups Þorlákssonar sem út kom 1612. Heldur er nú skáldskapur hans farinn að fynast en þó kannast flestir líklega við Kvæði af stallinum Kristí sem gjarnan hljómar á jólum í ríkisútvarpinu. Úr því hefur Baldur Ragnarsson þýtt tvö fyrstu erindin á Esperanto. Þá hafa tveir heilir sálmar verið þýddir eftir Hallgrím Pétursson (1614–1674), höfuðskáld lærdómsaldar. Eru það sálmarnir Um dauðans óvissan tíma og 48. Passíusálmur. Báða sálmanna þýddi séra Stefán Jónsson (1860–1931) en hann þýddi einnig 9. og 13. erindi úr 27. Passíusálmi. ‚Allt eins og blómstrið eina‘, fyrsta erindi sálmsins Um dauðans óvissan tíma, er einnig til þýtt á Esperanto af Baldvin B. Skaftfell. Þá þýddi Stefán Sigurðsson 9. erindi úr 35. Passíusálmi og 19. og 21. erindi úr 44. Passíusálmi.

Fátt hefur verið þýtt eftir austfirsku skáldin, afkomendur Einars í Eydölum. Þó má nefna þýðingu Stefáns Sigurðssonar á Meyjarmissi, ‚Björt mey og hrein‘, eftir Stefán Ólafsson í Vallanesi (1619–1688) og Kvæði um samlíking sólarinnar eftir Bjarna Gissurarson (1621–1712) í þýðingu Baldurs Ragnarssonar.

Af skáldum 18. aldar má nefna að Hermann Lundholm hefur þýtt

sex erindi úr Þorabálki Snorra Björnssonar á Húsafelli (1710–1803) og eitt erindi, Vor, hefur Baldvin B. Skaftfell þýtt eftir séra Björn Halldórsson (1724–1794). Einnig hafa upphöf tveggja þekktustu kvæða Eggerts Ólafssonar (1726–1768) verið þýdd: Íslandsminni, 'Ísland ögrum skorðið', sem Baldvin B. Skaftfell þýddi, og Lysthúskvæði, 'Undir bláum sólar sali', sem Baldur Ragnarsson þýddi. Stefán Sigurðsson hefur og þýtt ljóðið Um dauðan kanaríufugl eftir Jón Þorláksson (1744–1819).

Pegar kemur að skáldum rómantísku stefnunnar og annarra nítjándu aldar skálda verður fljótt um auðugri garð að gresja í ljóðabýðingum á Esperanto. Þýðing séra Stefáns Jónssonar á Eldgamla Ísafold eftir Bjarna Thorarensen birtist í *Vöco de Islando* 1949, á fyrstu síðu, og Stefán Sigurðsson þýðir bæði Blástjarnan þó skarti skær og Veturinn en það síðarnefnda er einnig til í þýðingu Baldurs Ragnarssonar og sömuleiðis hefur Baldur þýtt Odd Hjaltalín en sú þýðing birtist í *Norda Prismo* 1964, og Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz hafa þýtt Samkvæmisvísur, 'Ekki er hollt að hafa ból / hefðar upp á jökultindi'.

Ljóð og einstök erindi hafa verið þýdd eftir Björn Gunnlaugsson (1788–1876), Sveinbjörn Egilsson (1791–1852), Vatnsenda-Rósu (1795–1855), Bólu-Hjálmar (1796–1875) og Sigurð Breiðfjörð (1798–1846). – Hvorki meira né minna en tíu heilum ljóðum hefur verið snúið á Esperanto eftir Jónas Hallgrímsson og þar á meðal er Gunnars-hólmi í þýðingu Baldurs Ragnarssonar og tvær þýðingar eru til af Hvað er svo glatt og Ísland farsælda frón.

Nokkur ljóð hafa verið þýdd eftir skáldin: Jón Thoroddsen (1818–1868), Grím Thomsen (1820–1896), Pál Ólafsson (1827–1905), Kristján Jónsson (1842–1869), Stephan G. Stephansson (1853–1927), Þorstein Erlingsson (1858–1914), Káinn (Kristján Níels Júlíus Jónsson) (1860–1936) og Hannes Hafstein (1861–1922). Fæst eru ljóðin eftir Pál, aðeins tvö, en flest eftir Hannes, níu ljóð og stökur. Þar með talið er kvæðið Sprettur, 'Ég berst á fáki fráum', sem bæði er til í samvinnuþýðingu Árna Böðvarssonar og F. V. Lorenz og þýðingu Baldurs Ragnarssonar.

Eftir skáld nýrómantísku stefnunnar hafa menn þýtt drjúgmikið á Esperanto. Fjórum ljóðum hefur verið snúið eftir Einar Benediktsson (1864–1940) og þar á meðal eru bæði Útsær og Dagurinn mikli þýdd af Baldri Ragnarssyni. Þá hefur Baldur einnig þýtt ljóðið Í dag eftir Sigurð Sigurðsson frá Arnarholti (1879–1939). Nokkur kvæði hafa og verið þýdd eftir Jóhann Sigurjónsson, Huldu, Jóhann Gunnar Sigurðsson, Stefán frá Hvítadal og Friðrik Hansen. Og eftir Davíð Stefánsson

finnast níu kvæði þýdd á Esperanto. Meðal þeirra eru: Mamma ætlar að sofna, Hamraborgin, Abba labba lá og Rokkarnir eru þagnaðir.

Af öðrum þekktum íslenskum skáldum, sem fædd eru undir aldamótin 1900 og fram um 1930, hafa þessi verið kynnt með þýðingum á Esperanto: Jóhann Jónsson (1896–1932), Jón Thoroddsen yngri (1898–1924), Jón Helgason (1899–1986), Jóhannes úr Kötlum (1899–1972), Tómas Guðmundsson (1901–1983), Halldór Laxness (1902–1998), Guðmundur Böðvarsson (1904–1974), Snorri Hjartarson (1906–1986), Guðmundur Ingi Kristjánsson (1907–2002), Steinn Steinarr (1908–1958), Kristinn Reyur Pétursson (1916–1999), Jón úr Vör (1917–2000), Einar Bragi Sigurðsson (1921–2005), Jón Óskar (1921–1998), Hannes Sigfússon (1922–1997), Kristján Karlsson (f. 1922), Sigfús Daðason (1928–1997) og Vilborg Dagbjartsdóttir (f. 1930).

Af yngri skáldum sem kynnt hafa verið á Esperanto með einni eða fleiri þýðingum á Esperanto má nefna: Hannes Pétursson (f. 1931), nokkur ljóð; Ingimar Erlend Sigurðsson (f. 1933), eitt ljóð; Jóhann Hjálmarsson (f. 1939), tvö ljóð; Ara Jósefsson (1939–1964), þrjú ljóð; Ingibjörgu Haraldsdóttur (f. 1942), sex ljóð; Þórð Helgason (f. 1947), eitt ljóð; Sigurð Pálsson (f. 1948), eitt ljóð, og Anton Helga Jónsson (f. 1955), fjögur ljóð.

Hér að framan hafa ekki verið talin tvö skáld sem þýddar hafa verið og gefnar út eftir heilar ljóðabækur á Esperanto en það eru þau Þorsteinn frá Hamri (f. 1933) og Gerður Kristný (f. 1970). Bækur Þorsteins, *Tannfê handa nýjum heimi* og *Lifandi manna land* komu báðar út í þýðingu Baldurs Ragnarssonar í bókinni *Sub Stelo rigida (Undir kalstjörnu)* hjá bókaforlaginu Stafeto í La Laguna á Tenerife 1963, og þrjár bækur Gerðar Kristnýjar, *Ísfrétt*, *Launkofi* og *Höggstaður*, ásamt átta óbirtum ljóðum skáldsins komu einnig út í þýðingu Baldurs Ragnarssonar undir nafninu *Vundebla loko (Höggstaður)* hjá Mondial í New York árið 2009.

Eins og sjá má á þessari upptalningu þá hafa menn á rúmlega aldar skeiði þýtt giska gott sýnishorn íslenskra ljóða á Esperanto og hygg ég jafnvel að telja megí á fingrum annarrar handar þær þjóðir sem eiga rækilegra og betra úrval íslenskra ljóða þýtt á sína tungu.

Eftir þessa samantekt er ekki úr vegi að velta lítillaga fyrir sér að hvaða leyti þýðingar á Esperanto eru frábrugðnar þýðingum úr einni þjóðtungu yfir á aðra.

Yfirleitt telja menn að ekki skipti síður máli að þýðandi hafi fullkomið vald á þeirri tungu sem hann þýðir á en þeirri sem hann þýðir

úr. Þessu er trúlega síður þannig farið með þýðingar á Esperanto en á önnur tungumál þar sem tiltölulega fáir hafa Esperanto að móðurmáli. Þó eru ýmsir esperantistar aldir upp við það sem heimilismál en þeir eru þá jafnframt einnig mæltir á mál umhverfisins og þá tví- eða þrí-tyngdir. Þá ber þess einnig að geta að þeir sem fást við þýðingar á Esperanto, einkum þó ljóðapýðingar, eru yfirleitt betur að sér í alþjóðamálinu en gengur og gerist og ekki má heldur gleyma því að minni hættu er á ónákvæmni í Esperanto en öðrum málum vegna rökfastrar byggingar þess en vitaskuld hefur þó sá sem þýðir á móðurmál sitt þarna nokkurt forskot. Á móti kemur svo að sá sem þýðir á Esperanto þýðir oftast úr móðurmáli sínu og nýtur þar yfirburða fram yfir þann sem þýðir úr erlendu máli. Hann er því líklegri til að reyna að draga fram sérleik frumtextans en sá sem þýðir úr erlendri þjóðtungu yfir á sitt mál og minni hættu ætti að vera á rangþýðingum þar sem hann gjörþekkir frummálið.

Af framansögðu má gera því skóna að heppilegra sé að nota Esperanto sem millimál í þýðingum en einhverja þjóðtunguna þurfi menn á annað borð á millimáli að halda en líklega er þó alltaf farsælast að þýða beint úr frummáli sé þýðandi gjörkunnugur því og skilji það því sem næst út í æsar.

Séu þýðingar íslenskra ljóða á Esperanto skoðaðar kemur í ljós að þýðendur halda yfirleitt hrynjandi og brag hefðbundinna ljóða og reyna einnig eftir föngum að fylgja formi óhefðbundinna ljóða. Ýmsar undantekningar eru þó frá þessu, einkum hvað varðar hefðbundinn íslenskan skáldskap. Fyrst ber þar að nefna að í honum er hefðbundinni stuðlasetningu sleppt eins og í þýðingum öðrum á erlend mál enda Íslendingar nú orðnir einir um að heyra hina tví- og þrískiptu stuðlanna grein. Fyrir kemur þó að þýðendur haldi sig við íslenskar stuðla-reglur sér til gamans og það gerir Stefán Sigurðsson til dæmis í þýðingu sinni á hinni þekktu vísu Sigurðar Breiðfjörðs:

Sólin klár á hveli heiða
hvarma gljár við baugunum.
Á sér hár hún er að greiða
upp úr bárulaugunum.

Stefán þýðir hana svo og heldur bæði innrími og stuðlum:

Sunon klare sub cielo
supre karan vidas mi.

En la mara banobelo
brilajn harojn kombas ŝi.

Þótt það heyri til undantekninga að esperantistar þýði hefðbundin ljóð á Esperanto með íslenskri stuðlasetningu halda þeir allajafnan bragliðaskipan og hrynjandi ljóðs. Einnig halda þeir yfirleitt rímmynstri í lok ljóðlína og reyndar einnig gjarnan innrími þar sem það kemur fyrir í frumtexta. Þannig þýðir Baldur Ragnarsson til dæmis þessa vísu úr Rammaslag Stephans G. Stephanssonar:

Grána kampar græði á,
gjálpir hampa skörum,
titra glampar til og frá,
tifur skvampa í fjörum.

Sur ondar' blankiðas barb',
flagras haroj torde,
brilojn faras luma garb',
plaðdas maro borde.

Baldur Ragnarsson hefur að mestu verið einn um þýðingar dróttkvæða á Esperanto og sleppir hann þar innrími eins og líka er eðlilegast þegar slíkum skáldskap er snúið á önnur mál. Hins vegar gætir hann þess jafnan að atkvæði séu álíka mörg og atkvæði eða bragstöður frumtexta og nær með því móti vissum einkennum þessa eldforna bragar. – Snilldarleg er þýðing Baldurs sums staðar á Höfuðlausn Egils, sem ort er undir runhendum hætti, en töfrar þess kvæðis hafa löngum þótt liggja fremur í gjallandi endarími háttarins en merkilegu innihaldi. Í frumtextanum er karlrím meira notað en kvenrím og er þá sem hlustandinn heyri „odda at / ok eggja gnat“ í bardögum Eiríks konungs. Í þýðingu Baldurs er hins vegar eingöngu kvenrím og hygg ég að það fari betur á Esperanto en ef hann hefði notað báðar rímgerðirnar. Vinnubrögð þýðandans sjást vel á þýðingu fjórtánda erindis sem reyndar er kvenrímað á íslensku:

Beit fleinn floginn,
þá vas friðr login,
vas almr dreginn,
varð ulfr feginn;

stózk folkhagi
við fjörlagi,
gall íbogi
at eggtoði.

Á Esperanto:

Lanco ĵetita,
paco finita,
arko streĉita,
lup' gajigita;
reĝo alspitis
kaj hakon evitis,
arko ŝrikis
dum ŝnur' efikis.

Þýðandi heldur efninu vel til haga og rímmunstrið er það sama og í frumtextanum.

Það er alkunna að þegar Jónas innleiðir hina ítölsku terzínu í íslenska ljóðagerð með Gunnarshólma þá lætur hann í kvæðinu skiptast á nokkuð fjálslega karlrím og kvenrím. Í *Gleðileiknum guðdómlega (La Divina Commedia)* Dantes, frægasta þríhenduverki heimsbókmenntanna, er kvenrím hins vegar nær einhaft. Guðmundur Böðvarsson, sem hefur gefið út fleiri kviður úr *Gleðileiknum* á bundnu máli íslensku en aðrir, heldur kvenrími í flestum kviðunum nema þeim seinustu þar sem hann notar bæði kven- og karlrím að dæmi Jónasar í Gunnarshólma. Það fer og betur á íslensku og gerir braginn fjálsari og ekki eins eintóna. Þannig þýðir og Baldur Gunnarshólma Jónasar.

Hér verður ekki fjallað um íslenskar þýðingar ljóða af Esperanto en þess skal þó getið að í tímaritinu *La Tradukisto* voru bæði birtar þýðingar íslenskra verka á Esperanto og íslenskar þýðingar úr Esperanto, þar á meðal fjölmörg ljóð. Voru það ýmist þýðingar ljóða sem frumsamin höfðu verið á Esperanto en einnig, og ekki síður, þeirra sem þýdd höfðu verið af þjóðtungum á Esperanto. – Eins má geta þess hér að ýmis ljóð íslensk hafa ratað á aðrar tungur þýdd úr Esperanto. Má þar til dæmis nefna ljóðið Í leit að fegurð eftir Jón Óskar sem bæði birtist á íslensku og ungversku í ungverska tímaritinu *Ung Berg* 2001 í þýðingu Tibors Szabadi. Einnig birtust í þýðingu Tibors Szabadi Gunnarshólmi Jónasar Hallgrímssonar í *Kanizsai antológia* 7, bls. 69–72, og ljóð Gerðar Kristnýjar, Harðfiskur, Ísland og Arfur í *Kanizsai antológia*

12, bls. 40–43. Og talsvert af íslenskum ljóðum hefur verið þýtt úr Esperanto á fleiri þjóðtungur þótt ekki verði gerð tilraun til að tíunda það hér.

Meðal esperantista hafa jafnan verið miklir bókmenntamenn sem fengist hafa við þýðingar, bæði á og úr Esperanto. Þær bókmenntir smáþjóða sem rata á alþjóðamálið eru því nokkuð líklegar til að rata á þjóðtungur ýmsar sem þær annars hefðu ekki verið þýddar á. Ég hygg því að þýðingarstarf íslenskra esperantista sé ekki einvörðungu gróði fyrir Esperanto heldur einnig góð kynning á íslenskum bókmenntum á aðrar tungur. Í því sambandi er rétt að geta þess að við Íslendingar höfum verið svo heppnir að eiga nokkra góða þýðendur á Esperanto þótt einn hafi þar verið langmikilvirkastur og á ég þar við Baldur Ragnarsson. Hann er að mestu einn um þýðingar ljóða fyrir síðaskipti og hann er líka sá eini sem þýtt hefur heilar ljóðabækur skálda. Eru þýðingar hans úr íslensku á Esperanto nú orðnar svo miklar að vöxtum og fjölbreyttar að þar verður helst til jafnað sem eru þýðingar Helga Hálfðanarsonar af erlendum málum á íslensku. – Þá á Stefán Sigurðsson einnig drjúgan hlut í ljóðabýðingum á Esperanto eins og sjá má á upptalningunni hér á eftir og fleiri mætti vissulega nefna.

Hér á eftir verða taldar þær þýðingar íslenskra ljóða á Esperanto sem mér eru kunnar, bæði þær sem birst hafa í bókum og tímaritum og þær sem enn eru óbirtar. Þess verður og getið hvar þýðingar þessar hafa birst og hver hefur snúið ljóðunum á Esperanto. Fylgt verður aldursröð frumtexta eftir því sem unnt er og elstu ljóðin talin fyrst. Þjóðkvæði eru þó talin sér með ljóðum 19. aldar skálda.

Úr Eddukvæðum:

Atlakviða (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 53a n-ro, 12a julio 2006).

Guðrúnarhvöt (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 49a n-ro, 12a marto 2005).

Guðrúnarkviða hin fyrsta (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 59a n-ro, 12a novembro 1997).

Prymskviða (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 26a n-ro, 12a julio 1997).

Völuspá (vísur 1–18) (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1959/2: 87–88 og (vísur 19–57) 1959/3: 136–138).

Völuspá (allt kvæðið) (Baldur Ragnarsson: *Islandaj pravocoj*. Malmö 1964).

Hávamál (77 erindi) (Erling A. Haugen: *Antologio* – óbirt).

Úr Hávamálum (22 erindi) (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1956/3:102–103).

Úr Helgakviðu Hundingsbana II (1.–28. erindi) (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1958/1: 45–48).

Þá ber þess að geta að Baldur Ragnarsson hefur þegar þýtt *Völsunga sögu* ásamt þeim tólf varðveittu Eddukvæðum sem hún eru talin styðjast við. Gert er ráð fyrir að hún komi út ásamt kvæðunum hjá Mondial í New York á árinu 2012. Kvæðin eru: Helgakviða Hundingsbana I, Grípisspá, Reginsmál, Fáfnismál, Sigurdrífumál, Sigurðarkviða in skamma, Brot af Sigurðarkviðu, Guðrúnarkviða in forna, Atlamál in grænlensku, Atlakviða, Guðrúnarhvöt og Hamðismál.

Þrjú önnur forn ljóð:

Gróttasöngur úr *Snorra-Eddu* (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 26a n-ro, 12a julio 1997).

Hjálmarskviða úr *Örvar-Odds sögu* (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1957/4: 218–219).

Darraðarljóð úr *Njáls sögu* (Baldur Ragnarsson: *Sagao de Njal* tradukita el la islanda lingvo de Baldur Ragnarsson. Flandra Esperanto-Ligo. Antverpeno 2003, bls. 332–335). Í þýðingu sinni á *Njáls sögu*, *Sagao de Njal*, hefur Baldur einnig þýtt allar þær lausavísur sem fyrir koma í sögunni.

Egill Skallagrímsson (um 910–990):

Sonatorrek (Baldur Ragnarsson og K. Kalocsay: *Norda Prismo*, 1957/1: 25–28, og *Voço de Islando*, 5-a jaro, decembro 1960, bls. 6).

Höfuðlausn (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 48a n-ro, 12. novembro 2004).

Síðan hefur allur kveðskapur Egils Skallagrímssonar birst í þýðingu Baldurs Ragnarssonar í þýðingu hans á *Egils sögu*, *Sagao de Egil* 2011.

Vísur **Fiölu Bjarnar** (frá síðara helmingi 16. aldar) (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 25a n-ro, 12a julio 1997).

Einar Sigurðsson í Eydölum (1539–1626):

Úr Kvæði af stallinum Kristí (tvö fyrstu erindin) (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Hallgrímur Pétursson (1614–1674):

Úr 35. Passíusálmi (9. erindi, ‚Gefðu að móðurmálið mitt‘) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 7).

Úr 27. Passíusálmi (9. og 13. erindi) (Stefán Jónsson: *Adoru*, Ekumena diserva libro. Eldonejo Ponto / Ponto-Verlag 2001, p. 773).

Úr 44. Passíusálmi (19. og 22. erindi) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 7).

48. Passíusálmur (Stefán Jónsson: *Antologio* – óbirt).

Úr Um dauðans óvissan tíma (1. erindi) (Baldvin Skaftfell: *Antologio* – óbirt).

Um dauðans óvissan tíma, ‚Allt eins og blómstrið eina‘ (Stefán Jónsson: *La Tradukisto*, 55a n-ro, 12a marto 2007).

Stefán Ólafsson í Vallanesi (1619–1688):

Meyjarmissir, ‚Björt mey og hrein‘ (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 8).

Bjarni Gissurarson (1621–1712):

Kvæði um samlíking sólarinnar (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 24a n-ro, 12a novembro 1997).

Snorri Björnsson á Húsafelli (1710–1803):

Úr Þorrabálki (sex erindi) (Hermann Lundholm: *La Tradukisto*, 36a n-ro, 12a novembro 2000).

Björn Halldórsson (1724–1794):

Vor (vísa) Baldvin B. Skaftfell: *Antlogio* – óbirt).

Eggert Ólafsson:

Íslandsminni, ‚Ísland ögrum skorið‘ (1. erindið) (Baldvin B. Skaftfell: *Antologio* – óbirt).

Lysthúskvæði, ‚Undir bláum sólarsali‘ (1. erindið) (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Tvenn er tíðin daga og náttu (Stefán Sigurðsson: *Antologio* – óbirt).

Jón Þorláksson (1744–1819):

Tittlingsminning (ort um ellidauðan kanarífugl) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 1–2).

Bjarni Thorarensen (1786–1841):

Íslands minni, ‚Eldgamla Ísafold‘ (1. erindi – Stefán Jónsson: *Vöðo de Íslando*, 1a jaro, 1a n-ro, apríl 1949, bls. 1).

Selskapsvísa, ‚Ekki er hollt að hafa ból‘ (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Stjörnuskoðarinn, ‚Blástjarnan þó skíni skær‘ (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 8).

Veturinn (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 9–11).

Veturinn (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Oddur Hjaltaín (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1964/4:121).

Björn Gunnlaugsson (1788–1876):

Úr Njólu, ‚Um lífið‘ (10 erindi) (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Sveinbjörn Egilsson (1791–1852):

Vita varia, ‚Ei glóir æ á grænum lauki‘ (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1956/3: 111).

Fljúga hvítu fiðrildin (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Bólu-Hjálmar (d. 1875):

Mínir vinir fara fjöld (F. V. Lorenz og Árni Böðvarsson: *Antologio* – óbirt).

Mér er orðið stirt um stef (F. V. Lorenz: *Norda Prismo* 1956/3: 128, og Óskar Ingimarsson: *Antologio* – óbirt).

Rósa Guðmundsdóttir (Vatnsenda-Rósa) (1795–1855) eða**Agnes Magnúsdóttir** (1795–1830):

Enginn lái öðrum frekt (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 13).

Sigurður Breiðfjörð (1798–1846):

Konur á Grænlandi, ‚Komir þú á Grænlandsgrund‘ (6 vísur) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 11–12).

Prestar hinum heimi frá (2 vísur) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 12).

Sólin klár á hveli heiða (ein vísa úr mansöng) Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 13). Í þessari vísu er íslenska hættinum (hringhendu) haldið og vísan einnig stuðluð að frónskum hætti.

Jónas Hallgrímsson (1807–1845):

Ferðalok (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Hvað er svo glatt (2 erindi) (Baldvin B. Skaftfell: *Antologio* – óbirt).

Hvað er svo glatt (2 erindi) (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Móðurást (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 5–6).

Ég bið að heilsa (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Úr Til Paul Gaimard (eitt erindi) (Kristófer Grímsson: *Paco*, nov. 1956, n-ro 36).

Ísland farsælda frón (Ingimar Óskarsson: *Antologio* – óbirt).

Ísland farsælda frón (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 3–4).

Nú er vetur úr bæ (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 6).

Gunnarshólmi (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 13a n-ro, 12a marto 1993).

Úr erfiljóði eftir séra Stefán Pálsson (3. og 4. erindi) (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Hættu að gráta hringaná (Gísli Halldórsson: *Bréf til greinarhöfundar* 8. nóvember 2011).

Magnús Grímsson (1825–1860):

Bára blá (Sigurður Kristófer Pétursson: *Kennslubók í Esperanto* eftir Þorstein Þorsteinsson. Reykjavík 1909, bls. 18, og *Alþjóðamál og málleysur*. Reykjavík 1933, bls. 164–165).

Jón Thoroddsen (1808–1868):

Vöggukvæði, ‚Litfríð og ljóshærð‘ (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 55a n-ro, 12a marto 2007 og *Songþoemo pri ponto* 1979).

Vísur um krumma, ‚Krummi svaf í klettagjá‘ (Stefán Sigurðsson: *Songþoemo pri ponto* 1979, og *Agorde* 1991, bls. 13–14).

Barmahlíð, ‚Hlíðin mín fríða‘ (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 14–15).

Í fögrum dal (Baldur Ragnarsson: *Songþoemo pri ponto* 1979).

Vorvísá, ‚Vorið er komið og grundirnar gróa‘ (Baldur Ragnarsson: *Norda prismo*, 4–5, 1956).

Grímur Thomsen (1820–1896):

Rúnaslagur, ‚Hemingur reið með hömrum fram‘ (Stefán Sigurðsson: *Vôco de Islando*, 4-a jaro, 2a n-ro, decembro 1959, bls. 7, og *Agorde* 1991, bls. 15–16).

Íslands er það lag, 'Heyrið vella á heiðum hverí' (Sigurður Kristófer Pétursson: *Kennslubók í Esperanto* eftir Þorsteinn Þorsteinsson. Reykjavík 1909, bls. 36; *Paco*, junio 1954, n-ro 6(8); Magnús Jónsson frá Skógi: *Kennslubók í Esperanto* 1957, bls. 64; *Kongresa Libro*, 62a UK, 1977.

Ríðum, ríðum og rekum yfir sandinn (Baldur Ragnarsson: *Songþoemo pri ponto* 1979).

Á Sólheimasandi (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 16–17).

Steingrímur Thorsteinsson (1831–1913):

Svanasöngur á heiði, 'Eg reið um sumaraftan einn' (Sigurður Kristófer Pétursson: *Kennslubók í Esperanto* eftir Þorsteinn Þorsteinsson. Reykjavík 1909, bls. 21).

Vorhvöt (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 18–19).

Þingvallasöngur, 'Óxar við ána' (1. erindi) (Baldur Ragnarsson: *Antologio – óbirt*).

Háfjöllin, 'Þú, bláfjallageimur! með heiðjökla hring' (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 45a n-ro, 12a novembro 2003).

Matthías Jochumsson (1835–1920):

Nýárssálmur, 'Hvað boðar nýárs blessuð sól?' (F. V. Lorenz: *Vôco de Islando*, II-a jaro, 4a n-ro, marto 1950, bls. 8).

Guð vors lands (Fyrsta erindið) (Baldvin B. Skaffell: *Faktoj pri Islando* 1971).

Minni kvenna, 'Fósturlandsins Freyja' (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio – óbirt*).

Leiðsla (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio – óbirt*).

Móðir mín (Óskar Ingimarsson: *Norda Prismo* 1956/3:122, og *La Tradukisto*, 40a n-ro, 12a marto 2002).

Látum af hárrí heiðarbrún (Úr Skugga-Sveini) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 21).

Páll Ólafsson (1827–1905):

Lífs er orðinn lekur knör (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 17).

Ég vildi eg fengi að vera strá (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 18).

Vilhjálmur Hölter (1815–1871):

Veröld fláa sýnir sig (lausavísa) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 47).

Kristján Jónsson (1842–1869):

Vofan, ‚Hvað er það undra / er eg úti sá‘ (Ingimar Óskarsson: *Vôco de Islando*, II-a jaro, 4a n-ro, decembro 1950, bls. 7).

Nú er frost á fróni (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Yfir kaldan eyðisand (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Dettifoss (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 53a n-ro, 12. julio 2006).

Þjóðvísur:

Ljósið kemur langt og mjótt (Stefán Sigurðsson: *Sonĝpoemo pri ponto* 1979).

Kvöldu tekur, sest er sól (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 48).

Göngum, göngum, göngum upp í gilið (Þórbergur Þórðarson: *Esperanto I*, Lestrarbók handa byrjendum, Reykjavík 1937, bls. 30).

Móðir mín í kví, kví (vísa úr Þjóðsögu) (Árni Böðvarsson: *Antologio* – óbirt).

Góða veislu gjöra skal (Þjóðkvæði) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 45).

Fagurt syngur svanurinn um sumarlanga tíð (Stefán Sigurðsson: *Antologio* – óbirt).

Gimbilsraun, ‚Gimbillinn mælti og grét við stekkin‘ (Stefán Sigurðsson: *Antologio* – óbirt).

Litlu börnin leika sér (Íslensk Þjóðvísa) (Stefán Sigurðsson: *Antologio* – óbirt).

Svíalín og hrafninn, ‚Hrafninn flýgur um aftaninn‘ (3 erindi af 34) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 46).

Fórnin / Sætröllu kvæði, ‚Kóngurinn og drottningin / á þann sunnudag‘ (Árni Böðvarsson: *Antologio* – óbirt).

Sofðu, blíðust barnkind mín (Þjóðvísa) (Stefán Sigurðsson: *Antologio* – óbirt).

Guð gaf mér eyra (Stefán Sigurðsson: *Antologio* – óbirt).

Gestur Pálsson (1852–1891):

Betlikerlingin (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 21–22).

Stephan G. Stephansson (1853–1927):

Rammislagur (8 vísur) (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1961/4: 102).

Þótt þú langförull legðir (miðvísan: ‚Yfir heim eða himin‘) (Óskar Ingimarsson, *Paco* febr. 1955).

Úr Vopnahléi, „Skothríðin um stundarbil var stytt upp“ (fyrsti hluti) (Óskar Ingimarsson, *Paco* í febrúar- og mars-heftum 1962).

Þorsteinn Erlingsson (1858–1914):

Nótt (Haraldur Jónsson: *Vôco de Islando*, II-a jaro, 1a n-ro, marto 1950, bls. 3).

Myndin (Baldur Ragnarsson: *Vôco de Islando*, 4-a jaro, 1a n-ro, julio 1959, bls. 10).

Arfurinn, „Þú átt kannski frækna og fengsæla þjóð“ (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Skilmálarnir, „Ef þér ei ægir allra djöfla upphlaup að sjá“ (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Úti, „Nú tjaldar foldin fríða“ (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Ólína Andrésdóttir (1858–1935):

Suðurnesjamenn (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 43a n-ro, 12a marto 2003).

Káinn (Kristján Níels Júlíus Jónsson) (1860–1936):

Æfintýri á gönguför, „Úr fimmtíu senta glasinu eg fengið gat ei nóg“ (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 52a n-ro, 12a marto 2006).

Ég hef ei auðinn elskað, „Mér líður ekki illa / og ekki heldur vel“ (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 53a n-ro, 12a julio 2006).

Af langri reynslu lært ég þetta hef (vísa) (Baldvin B. Skaftfell: *Antologio* – óbirt).

Farðu að sofa blessað barnið smáa (vísa) (Baldvin B. Skaftfell: *Antologio* – óbirt).

Hannes Hafstein (1861–1922):

Karl og kona, „Karlmannsprá er vitum vér“ (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Vôco de Islando*, 1a jaro, 2a n-ro, 12a julio 1949).

Stormur, „Ég elska þig stormur sem geisar um grund“ (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 20).

Blessuð sólin elskar allt (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Sprettur, „Ég berst á fáki fráum“ (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Sprettur, „Ég berst á fáki fráum“ (tvö fyrstu erindin) (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Áfram, 'Já, láttu gamminn geisa fram' (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Oft um ljúfar, ljósar sumarnætur (þýðing eftir Holger Drachmann) (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 54a n-ro, 12a novembro 2006).

Staka (lausþýdd), 'Taktu ekki niðróginn nærri þér' (Baldvin B. Skaftfell: *Antologio* – óbirt).

Lífið er dýrt, dauðinn þess borgun (lausavísa) (Baldvin Skaftfell (tvær þýðingar): *Antologio* – óbirt).

Strikum yfir stóru orðin (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Einar Benediktsson (1864–1940):

Hrím (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 22).

Útsær (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 23a n-ro, 12a julio 1996).

Dagurinn mikli (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1959/5:216–217).

Sjá, hin ungborna tíð (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Halla (Hallfríður) Eyjólfsdóttir (1866–1937):

Endurminning, 'Ég lít í anda liðna tíð' (Baldur Ragnarsson: *Sonǵpoemo pri ponto* 1979).

Guðmundur Guðmundsson skólaskáld (1874–1919):

Vorgyðjan kemur (fyrstu tvö erindin) (Baldur Ragnarsson: *Sonǵpoemo pri ponto* 1979).

Sævar að sölum (Gísli Halldórsson: *Bréf til greinarhöfundar*, 8. nóvember 2011).

Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti (1879–1939):

Í dag (Baldur Ragnarsson: *Sonǵpoemo pri ponto* 1979 og *La Tradukisto*, 46a n-ro, 12a marto 2004).

Jóhann Sigurjónsson (1880–1919):

Sofðu unga ástin mín (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 23, og önnur þýðing Stefáns í *Sonǵpoemo pri ponto* 1979).

Sofðu unga ástin mín (Árni Böðvarsson: *Antologio* – óbirt).

Sorg (Kristján Eiríksson: *La Tradukisto*, 4a n-ro, 12a marto 1990).

Bikarinn (Gísli Halldórsson: *La Tradukisto*, 55a n-ro, 12. marto 2007).

Heimþrá (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 45, og Gísli Halldórs-son: *La Tradukisto* 60a n-ro, 12a marto 2010).

Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind) (1881–1946):

Væri ég morgungyðjan (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 36a n-ro, 12a novembro 2000).

Skógarkyrrið (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 36a n-ro, 12a novembro 2000).

Jóhann Gunnar Sigurðsson (1882–1906):

Vorkveðja (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 23–24).

Kvöldbæn (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 24).

Ég elskaði (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 24).

Örn Arnarsson (1884–1942):

Pá var ég ungur (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 25–28).

Dýrt er landið, drottinn minn (lausavísa) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 47).

Sigling, „Hafið bláa hafið“ (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Ólína Jónasdóttir (1885–1956):

Krókárgerði, „Auðna og þróttur oft má sjá“ (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, 47–48).

Stefán frá Hvítadal (1887–1833):

Erla (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 28–29).

Guðsmóðir (Priðji hluti) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 30–31).

Vorsól (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 46a n-ro, 12a marto 2004).

Jakob Jóh. Smári (1889–1972):

Minning, „Manstu, er saman við sátum“ (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 60a n-ro, 12a marto 2010).

Friðrik Hansen (1891–1952):

Ætti ég hörpu hljóma þýða (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 20a n-ro, 12a julio 1995).

Vor, „Ljómar heimur logafagur“ (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 20a n-ro, 12a julio 1995).

Freysteinn Gunnarsson (1892–1974):

Áfram veginn (Gísli Halldórsson: *La Tradukisto*, 24a n-ro, 12a novembro 1996).

Davíð Stefánsson (1895–1964):

Rokkarnir eru þagnaðir (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 30–31).

Nú sefur jörðin (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 33).

Abba-labba-lá (Baldur Ragnarsson: *Antologio* – óbirt).

Abba-labba-lá (1. og 4. erindi) (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 32).

Höfðingi smiðjunnar (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1964/2:33).

Gekk ég aleinn (Gísli Halldórsson: *La Tradukisto*, 11a n-ro, 12a julio 1992).

Hamraborgin (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 51a n-ro, 12a novembro 2005).

Pig sem í fjarlægð fjöllin bakvið dvelur (Gísli Halldórsson: *La Tradukisto*, 60a n-ro, 12a marto 2010).

Mamma ætlar að sofna (Baldvin B. Skaftfell: *Antologio* – óbirt).

Brennið þið vitar (Árni Böðvarsson og F. V. Lorenz: *Antologio* – óbirt).

Jóhann Jónsson (1896–1932):

Söknuður (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1956/3:117, og *La Tradukisto*, 10a n-ro, 12a marto 1992).

Jón Thoroddsen yngri (1898–1924):

Perlan (Kristján Eiríksson: *La Tradukisto*, 1a n-ro, 12a marto 1989).

Jón Helgason (1899–1986):

Hálfvolgur (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 36–37).

Til höfundar Hungurvöku (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 37–38).

Á afmæli kattarins (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 38–39).

Að morgni (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 21a n-ro, 12a novembro 1995).

Jóhannes úr Kötlum (1899–1972):

Tveir bræður (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 33–35).

Jarðerni (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 27a n-ro, 12a novembro 1997).

Tómas Guðmundsson (1901–1983):

Þrjár sonnettur um lítinn fugl (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 40–41).

Hótel jörð (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 43a n-ro, 12a marto 2003).

Dagný (Gísli Halldórsson: *Bréf til greinarhöfundar* 8. nóvember 2011).

Halldór Laxness (1902–1998):

Únglingurinn í skóginum (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 27a n-ro, 12a novembro 1997).

Maístjarnan (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 28a n-ro, 12a julio 1998).

Guðmundur Böðvarsson (1904–1974):

Komdu litli ljúfur (Óskar Ingimarsson: *Songþoemo pri ponto* 1979).

Falið í grasi (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 27a n-ro, 12a novembro 1997).

Næturljóð (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 42a n-ro, 12a novembro 2002).

Snorri Hjartarson (1906–1986):

Porp í Sabínafjöllum (Baldur Ragnarsson: *Fonto*, 33a n-ro, junio 1983).

Mér dvaldist of lengi (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 27a n-ro, 12a novembro 1997).

Guðmundur Ingi Kristjánsson (1907–2002):

Ég get ekki sofið (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 21a n-ro, 12a novembro 1995).

Steinn Steinarr (1908–1958):

Til þín (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1956/3:129).

Vor, 'Tveir gulbrúnir fuglar' (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1956/3:129).

Það hjargast ekki neitt (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1956/3:129).

Verdun (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1956/3:129).

Passíusálmur númer 51 (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1956/3:129).

Þögn (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1956/3:129).

Utan hringsins (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1956/3:129).

Úr Timanum og vatninu (Baldur Ragnarsson: *Vöðo de Islando*, 5-a jaro, decembro 1959, bls. 22).

Vísur að vestan (Gísli Halldórsson: *La Tradukisto*, 24a n-ro, 12a novembro 1996).

Jón Jónsson frá Ljárskógum (1914–1945):

Káta Víkurmær, 'Ég vil stilla mína strengi' (Gísli Halldórsson: *La Tradukisto*, 36a numero, 12a novembro 2000).

Kristinn Reyrr Pétursson (1916–1999):

Athvarf (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 38a n-ro, 12a julio 2001).
Skóhljóð (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 38a n-ro, 12. julio 2001).

Kristján frá Djúpalæk (1916–1994):

Vorið kom (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 42–43).
Maður (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 43–44).
Á varinhellunni (Stefán Sigurðsson: *Agorde* 1991, bls. 44).

Jón úr Vör (1917–2000):

Vetrardagur (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 32a n-ro, 12a julio 1999).
Ég er svona stór (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 32a n-ro, 12a julio 1999).
Stíllt vakir ljósið (óbirt - í söngbók)

Ólafur Jóhann Sigurðsson (1918–1988):

Draumljóð um brú (Baldur Ragnarsson: *Sonĝpoemo pri ponto* 1979).

Bjarni Halldórsson (1918–2006):

Úr áfangastað (Gísli Halldórsson: *La Tradukisto*, 21a n-ro, 12a novembro 1995).
Haustdagur (Gísli Halldórsson: *La Tradukisto*, 21a n-ro, 12a novembro 1995).
Dagar (Gísli Halldórsson: *La Tradukisto*, 21a n-ro, 12a novembro 1995).

Stefán Hörður Grímsson (1919–2002):

Enþá sumar (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 43a n-ro, 12a marto 2003).
Vetrardagur (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 43a n-ro, 12a marto 2003).
Þá hefur Baldur Ragnarsson einnig þýtt í heild ljóðabókina *Farvegi* eftir Stefán Hörð en hún hefur ekki komið út.

Einar Bragi Sigurðsson (1921–2005):

- Hver er þessi maður? (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1956/3:112).
Óhreint ljóð um hreina drykki (Kristján Eiríksson og Hilmar Bragason: *La Tradukisto*, 24a n-ro, 12a novembro 1996).
Aflakló (Kristján Eiríksson og Hilmar Bragason: *La Tradukisto*, 24a n-ro, 12a novembro 1996).
Einmæli (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 51a n-ro, 12a novembro 2005).
Endurfundur (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 51a n-ro, 12a novembro 2005).
Sporglaðir hestar (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 51a n-ro, 12a novembro 2005).

Jón Óskar (1921–1998):

- Leitir (Baldur Ragnarsson: *Voêo de Islando*, 4-a jaro, 2a n-ro, decembro 1959, bls. 16).
Vorkvæði um Ísland (Baldur Ragnarsson: *Voêo de Islando*, 4-a jaro, 2a n-ro, decembro 1959, bls. 16).
Eins konar ástarljóð (Baldur Ragnarsson: *Voêo de Islando*, 5-a jaro, decembro 1959, bls. 24).
Leit að fegurð (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 33a n-ro, 12a novembro 1999).
Þú og veröldin (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 33a n-ro, 12a novembro 1999).

Hannes Sigfússon (1922–1997):

- Hinir framliðnu (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 28a n-ro, 12a marto 1998).

Kristján Karlsson (f. 1922):

- Júnídagur (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 34a n-ro, 12a marto 2000).

Auðunn Bragi Sveinsson (f. 1923):

- Til höfundar Esperantos (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 42a n-ro, 12a novembro 2002).

Sigurgeir Þorvaldsson (f. 1923):

- Óvelkominn gestur (Gísli Halldórsson: *La Tradukisto*, 37a n-ro, 12a marto 2001).

Sigfús Daðason (1928–1997):

Orð (Annað ljóð úr bókinni *Hendur og orð* (Baldur Ragnarsson: *Vôçô de Islando*, 5-a jaro, decembro 1959, bls. 23, og *La Tradukisto*, 47a n-ro, 12a julio 2004).

Andlit (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 28a n-ro, 12a marto 1998).

Rilke (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 28a n-ro, 12a marto 1998).

Erlendur Jónsson (f. 1929):

Goðafoss (Baldur Ragnarsson: *Norda Prismo* 1970/3:188).

Vilborg Dagbjartsdóttir (f. 1930):

Leyndarmál (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 39a n-ro, 12a novembro 2001).

Hannes Pétursson (f. 1931):

Pú spyrð mig um haustið (Gísli Halldórsson: *La Tradukisto*, 11a n-ro, 12a julio 1992).

Ódyseifur (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 40a n-ro, 12a marto 2002).

Stund einskis, stund alls (sjö ljóð) (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 40a n-ro, 12a marto 2002).

Ingimar Erlendur Sigurðsson (f. 1933):

Veggurinn auður (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 40a n-ro, 12a marto 2002).

Þorsteinn frá Hamri (f. 1938):

Tvö tré (Baldur Ragnarsson: *Vôçô de Islando*, 5-a jaro, decembro 1959, bls. 24).

Álengdar (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 48a n-ro, 12a novembro 2004).

Myndin (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 48a n-ro, 12a novembro 2004).

Sönn saga (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 48a n-ro, 12a novembro 2004).

Ljóðabækur Þorsteins, *Tannfé handa nýjum heimi* og *Lifandi manna land* komu báðar út í þýðingu Baldurs Ragnarssonar í bókinni *Sub Stelo rigida* (*Undir kalsjörmu*) hjá bókaforlaginu Stafeto í La Laguna á Tenerife 1963.

Jóhann Hjálmarsson (f. 1939):

Til fjólunnar (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 37a n-ro, 12a marto 2001).

Skáldið (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 37a n-ro, 12a marto 2001).

Ari Jósefsson (1939–1964):

Sól (Kristján Eiríksson: *La Tradukisto*, 55a n-ro, 12a marto 2007).

Leit (Kristján Eiríksson: *La Tradukisto*, 55a n-ro, 12a marto 2007).

Trúarjátning (Kristján Eiríksson: *La Tradukisto*, 55a n-ro, 12a marto 2007).

Ingibjörg Haraldsdóttir (f. 1942):

Míning (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 31a n-ro, 12a marto 1999).

Vonbrigði (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 31a n-ro, 12a marto 1999).

Kona (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 31a n-ro, 12a marto 1999).

Uppeldi (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 31a n-ro, 12a marto 1999).

Auglýsing (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 31a n-ro, 12a marto 1999).

Nú eru aðrir tímar (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 31a n-ro, 12a marto 1999).

Þórður Helgason (f. 1947):

Lok (Kristján Eiríksson: *La Tradukisto*, 4a n-ro, 12a marto 1990).

Sigurður Pálsson (f. 1948):

Ljóðtímaleit (Baldur Ragnarsson: *La Tradukisto*, 42a n-ro, 12a nóvember 2002).

Anton Helgi Jónsson (f. 1955):

Leyndarmál (Kristján Eiríksson: *La Tradukisto*, 60a n-ro, 12a marto 2010).

Nýir tímar (Kristján Eiríksson: *La Tradukisto*, 60a n-ro, 12a marto 2010).

Byggingarnefndin á fundi (Kristján Eiríksson: *La Tradukisto*, 60a n-ro, 12a marto 2010).

Samband óskast (Kristján Eiríksson: *La Tradukisto*, 60a n-ro, 12a marto 2010).

Pýðingar þessara fjögurra ljóða Antons Helga hafa einnig birst á heimasíðu hans: <http://www.anton.is/>

Gerður Kristný:

Ljóðabækurnar *Ísfrétt*, *Launkofi* og *Höggstaður*, ásamt átta óbirtum ljóðum skáldsins komu út í einni bók, *Vundebbla loko* hjá Mondial í Novjorko árið 2009 í þýðingu Baldurs Ragnarssonar. Baldur hefur einnig þýtt í heild *Blóðhófnu*, síðustu ljóðabók Gerðar Kristnýjar, en sú þýðing hefur ekki komið út.

Mörg þeirra ljóða sem talin hafa verið upp í þessari grein hafa aldrei birst en flestum þeirra hefur Eysteinn Sigurðsson haldið til haga í *Íslanda antologio*, hér stytt í *Antologio*. – Vafalaust vantar í þessa samantekt ýmsar þýðingar íslenskra ljóða á Esperanto en þó munu hér flestar þeirra vera nefndar.

HELSTU HEIMILDIR

- Adoru*, Ekumena diserva libro. Eldonejo Ponto / Ponto-Verlag 2001.
- Antologio: Íslanda antologio*. Kompilis Eysteinn Sigurðsson, novembro 2000.
- Ritið er 419 síður og einungis til í tölvutæku formi og tölvuútprenti.
- Faktoj pri Íslando*. (Aŭtoro: Ólafur Hansson. Traduko: Baldvin B. Skaftfell.) Reykjavík 1971.
- Fonto* (beletra revuo), 33a n-ro, junio 1983).
- Íslanda Esperantisto: Íslanda Esperantisto* 1931.
- Íslandaj pravooĉoj*. Baldur Ragnarsson tradukis. Malmö 1964.
- Kanizsai antológia* 7. Kulturális kiadvány. Nagykanizsa 2008.
- Kanizsai antológia* 12. Irodalmi, művészeti, kulturális kiadvány. Nagykanizsa 2011.
- Kongresa Libro*, 62a UK, 1977.
- Magnús Jónsson frá Skógi: *Kennslubók í Esperanto*. Reykjavík 1957.
- Norda prismo: Norda prismo*. Dumonata kultura revuo. Aperis de 1955 ĝis 1975.
- Paco*. Organo de Mondpaca Esperantista Movado.
- Sonĝpoemo pri ponto: Sonĝpoemo pri ponto kaj aliaj kantoj* (La koruso Hljómeyki), vinila disko, 33 t/m, 1979.
- Sagao de Egil*. Baldur Ragnarsson tradukis el la islanda lingvo. Mondial, Novjorko 2011.
- Sagao de Njal* tradukita el la islanda lingvo de Baldur Ragnarsson. Flandra Esperanto-Ligo. Antverpeno 2003.
- Stefán Sigurðsson: *Agorde*. Reykjavík 1991.

- Sub Stelo rigida (Undir kalstjörnu)* hjá bókaforlaginu La Laguna á Tenerife 1963.
- La Tradukisto: La Tradukisto*. Kvarmonata revuo. (60 numeroj), 12a marto 1989 – 12a marto 2010. Laugarvatn, Islando.
- Ung Berg*. Ungvár-Budapest 2001.
- Vôço de Islando: Vôço de Islando*. Unua numero 1949 ĝis dua numero desembro 1959.
- Vundebla loko*. Tradukita poezio. Gerður Kristný. Tradukis el la islanda lingvo Baldur Ragnarsson. Mondial, Novjorko 2009.
- Sagao de Njal* tradukita el la islanda lingvo de Baldur Ragnarsson. Flandra Esperanto-Ligo. Antverpeno 2003.
- Þorsteinn Þorsteinsson: *Kennslubók í Esperanto* eftir Þorstein Þorsteinsson. Reykjavík 1909.
- Þórbergur Þórðarson: *Alþjóðamál og málleysur*. Reykjavík 1933, bls. 164–165.
- Þórbergur Þórðarson: *Esperanto I*. Leskaflar handa byrjendum. Reykjavík 1937.

Helgi Skúli Kjartansson

Fjórliðir

Ill nauðsyn í íslenskri braggreiningu?

I

Friðrik Friðriksson æskulýðsleiðtogi orti vorsálminn „Dýrlegt kemur sumar“ sem hefur verið í sálmabókum Þjóðkirkjunnar frá 1945¹ og sómir sér þar þryðilega. Sálmurinn er fimm fjögurra lína vers, línur bundnar tvær og tvær af rími og stuðlum. Sálmurinn er ortur til söngs undir tilteknu lagi og atkvæðaskipan nákvæmlega hin sama í öllum línunum. Upphafshendingarnar eru t.d. þannig:

Dýrlegt kemur sumar **með** sól og blóm,
senn fer allt að vakna **með** lofsöngsróm

Þessar línur er nærtækt að greina sem rétta tvíliði, ráðandi formgerð í íslenskum brag. Þá eru fimm bragliðir í línu, hinn síðasti stýfður. Út af stendur sjöunda atkvæðið í hvorri línu, „með“ (feitletrað hér að ofan). Fyrir því virðist unnt að gera grein á tvennan hátt. Annaðhvort með því að greina „sumar með“ og „vakna með“ sem þríliði, og þá þrílið á sama stað í öllum hendingum sálmsins:

Dýrlegt | kemur | sumar með | sól og | blóm

Eða að línurnar séu samsettar, á eftir þremur tvíliðum („dýrlegt kemur sumar“, „senn fer allt að vakna“) komi braghvöld og tveir liðir í viðbót („sól og blóm“, „lofsöngsróm“) en á undan þeim fari forliður.

Dýrlegt | kemur | sumar || með | sól og | blóm

Þessi tvenns konar greining kemur um flest í sama stað niður. Áherslur falla á sömu fimm atkvæðin, ljóðstafir verða þeir sömu (sumar–sól–

¹ T.d. nr. 480 í *Sálmabók íslensku kirkjunnar 1972* (útg. Kirkjuráð, Reykjavík), bls. 463–4 (einnig á <<http://tru.is/salmabok>>), og er hér fylgt þeirri útgáfu.

senn), og eru þeir jafn rétt settir hvort sem fjórði bragliður („sól og“) greinist sem hákveða, eins og hún yrði á eftir braghvöldinni, eða lágkveða eins og hún yrði án braghvöldar. Lestur með braghvöld finnst mér reyndar nærtækari, líklega helst vegna þess að ég get ómögulega skynjað „sól og“ sem lágkveðu. Jafnvel í línunum eins og þessari:

Gróður|magnað | lífsafll|ið | leysist | skjótt

– má vel hugsa sér braghvöld inni í orði: „lífsafll|ið“, þó að hún samsvari þá auðvitað engri þögn eða hiki í framsögn. Hins vegar verður að benda á að samsettar línur eru ógjarna stuðlaðar saman tvær og tvær, algengara að ljóðstafir bindi saman fyrri hluta þeirra og seinni. Ein lína sálmsins er reyndar því lík:

Hærra' og hærra stígur á himinból

Hér bjóða ljóðstafirnir heim lestri með braghvöld. Og í næstu línu virðist braghvöldin beinlínis táknuð með þankastriki í sálmaþókinni:

hetja lífsins sterka – hin milda sól.

En nú eiga þessar línur saman sem par. Í þeirri seinni er ljóðstafurinn greinilega enginn nema h-ið í „hetja“ sem verður þá að vera höfuðstafur og kalla á tvo stuðla, ekki þrjá, í línunni á undan.

Hvað er hér á seyði? Er það bara guðsmaðurinn sem laumast til að ofstuðla í langri línu, og hefur það svosem ýmsan hent? Kannski sérstaklega af því að sama orðið, „hærra“, er tvítekið en skáldin leyfa sér oft að líta framhjá ljóðstöfum sem koma fram við tvítekingu orða.² Engu að

² Það gerir Matthías t.d. íðulega, og jafnvel Davíð: „Man ég, man ég tíma tvenna.“ Al-gengast mun í slíkum dæmum að orð eða bragliður sé endurtekið óbreytt og ótengt, og hefði Friðrik þá frekar átt að segja: „Hærra, hærra stígur“. Matthías á þó til að líta framhjá ljóðstöfum í endurtekningu sem bera má saman við „hærra og hærra“:

Hér er skáld með Drottins dýrðarljóð,

djúp – **svo djúp** sem líf í heilli þjóð,

blíð – **svo blíð** að heljarhúmið svart,

hvar sem stendur, verður engilbjart.

En hann var líka allt annað en viðkvæmur fyrir aukastuðlum, sbr. úr sama ljóði:

Sjáið skáld er söng um Kristí kvól.

Kynslóð sr. Friðriks var yfirleitt formfastari í þessu efni. Þó liggja eftir hann ljóðlínur eins og þessi:

allir þínir englar og öll þín hólpin hjörð

(Sálmaþóki 1972, bls. 6).

síður er stuðlasetningin gölluð, a.m.k. ef línan er án braghvíldar. Þá verður fjórði bragliður, „himin-“, lágkveða, en lágkveða má aðeins stuðla við næsta braglið á undan eða eftir. Sama annmarka er önnur hending sálmsins háð þar sem ekkert fer á milli mála um stuðlana:

Guði' sé lof er sumarið gefur blítt,

Hér verður of langt á milli stuðla, a.m.k. ef línan er ósamsett.

Nema reiknað sé með þriðja möguleikanum: að línan byrji á *fjórlið*. Þá greinist hún svona:

Guði' sé lof er | sumarið | gefur | blítt

Og á sama hátt:

Hærra' og hærra | stígur á | himin|ból
hetja lífsins | sterka – hin | milda | sól.

Þessi greining hefur a.m.k. þann kost að gera eðlilega grein fyrir stuðlasetningu sr. Friðriks. Hér verða fjórir bragliðir í línunni sem þýðir að þriðji bragliður (seinni hákveðan) verður alltaf að bera stuðul (og gerir það líka í þeim tíu dæmum sem sálmurinn geymir) en hinn stuðullinn má falla á hvern sem er af hinum bragliðunum: fyrsta (eins og í nýnefndum dæmum: „Guði“ og „Hærra“), annan (eins og í fyrri dæmunum: „sumar“, „lífsaflið“) eða fjórða (og dæmi um það líka: „Blessuð sumardýrðin um láð og lá“).

En nú tíðkast að lýsa íslenskum brag út frá tvíliðum og þríliðum (ásamt hugsanlegum forlið í byrjun línu og lokalið e.t.v. stýfðum),³ ekki fjórliðum.

II

Ekki er þó alveg dæmalaust að íslenskir bragfræðingar noti fjórliði (eða ferliði⁴) í greiningu sinni. Ég kann að nefna fjögur dæmi, og er þá næsta víst að einhvers staðar leynist fleiri.

Hið auðfundnasta er á íslensku Wikipedíu, í grein undir heitinu

³ Sjá t.d. kaflann „Gerð braglína“ í *Handbók óðfræðivefjarins Braga*, <<http://ordab30.lexis.hi.is/bragi/handbok2.php>>.

⁴ Fjórliður er eðlilegri hliðstæða við tvílið og þrílið, sbr. ferfalt sem samsvarar tvöföldu og þreföldu, ekki tví- eða þrí-.

„Bragfræði“, og segir þar m.a.: „Kveður kallast *tvíliður*, *þríliður* eða *fjórliður* eftir atkvæðafjölda.“⁵ Ekki er þar nánar um þessi hugtök fjallað.

Yngsta dæmið er í meistarařitgerð Gylfa Hafsteinssonar við Háskóla Íslands vorið 2011.⁶ Hann fjallar aðeins um einn bragarhátt, stakhendu Shakespeares, þar sem í eiginlegri bragfræðigreiningu koma einungis fyrir tvíliðir (ásamt léttum „baklið“ í línulok þar sem svo stendur á).⁷ En Gylfi sýnir einnig dæmi um greiningu eftir eðlilegum framburði þar sem ris bragarins fá ekki endilega áherslu. Þar geta þrjú atkvæði í röð orðið áherslulítill og nefnir Gylfi það fjórliði, t.d. „örlátust sem“ þar sem bragfræðilega risatkvæðið „-ust“ verður áherslulétt.⁸ Hann bendir auk þess á dæmi frá Helga Hálfðanarsyni:

af örlögunum, óttast ekki, en vonar,⁹

sem er í skemmtilegu samræmi við fjórliðagreininguna. Helgi fyllir fimm bragliði háttarins með tilskildum atkvæðafjölda. En raunveruleg áhersluorð línunnar eru aðeins þrjú (örlög-, óttast, vonar) og í samræmi við það setur Helgi stuðlana: örlög- – óttast. Hann lætur þá ekki skipta máli þótt þriðja bragfræðilega risið, ekki, hefjist líka á sérhljóði (og reyndar það fjórða, sem Gylfi auðkennir þó ekki, þ.e. (örlög)*umum*). Þannig má segja að línan sé stuðluð eftir fjórliðunum frekar en grunnmynstri háttarins. Þessari greiningu Gylfa hef ég ekkert á móti en hún er annars eðlis en sú sem ég reyndi að beita á sálm sr. Friðriks; þar þykist ég sjá fjórliði sem hluta af bragarhættinum sjálfum, ekki aðeins sem framburðarmynstur.

Það er líka allt annað fyrirbæri en mínir fjórliðir sem Helga Kress

⁵ „Bragfræði“, Wikipedía (á íslensku), <<http://is.wikipedia.org/wiki/Bragfræði>> (auðk. þar). Upphaflega sett inn 2007 af höfundum með notandanafnið „Vesteinn“, síðast breytt í júní 2011. Sama texta má finna á nokkrum vefsíðum öðrum, trúlega afritaðan af Wikipedíu.

⁶ Gylfi Hafsteinsson, *Stakhenda Shakespeares í meðförum þriggja þýðenda. Rannsókn á bragarhættinum í Lé konungi*, MA-ritgerð í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands 2011, <<http://hdl.handle.net/1946/8423>>.

⁷ Þ.e. ef reiknað er með jambískri hrynjandi. Gylfi sýnir greiningu sína á ljóðlínunum eins og hann reikni með réttum liðum, og hefst stakhendulínan þá annaðhvort á forlið eða þrílið, en ég skil skýringar Gylfa þannig (bls. 22) að þetta meini hann ekki. Í raun held ég að greining með réttum liðum ætti betur við einn af textunum sem hann athugar, þ.e. þýðingu Þórarins Eldjárn.

⁸ Sama stað.

⁹ Bls. 73 (auðk. þar). Gylfi tengir þetta reyndar ekki við bragliðagreiningu heldur er það hluti af greiningu hans á stuðlun sem er víðs fjarri mínum skilningi á því efni, en það er önnur saga.

sér í ljóði eftir Snorra Hjartarson og kallar „ferliði“.¹⁰ Þar á hún við línulok eins og „vitjaðu mín“. Mun þá vaka fyrir henni „*choriambus*“ klassísku bragfræðinnar með tveimur löngum atkvæðum og tveim stuttum á milli. En í íslenskri bragfræði tíðkast ekki að reikna með nema einu risatkvæði í braglið og væru þessi dæmi þá greind sem þríliður + stúfur. Fjórliðir í mínum skilningi þurfa að hafa *þrjú létt* atkvæði, ekki aðeins í eðlilegum framburði (eins og í dæmum Gylfa) heldur í bragarhættinum sjálfum.

Aðeins einn höfundur veit ég til að fjallað hafi um fjórliði í þeirri merkingu: Heimir Pálsson í kandiðatsritgerð sinni (1969) um þýðingu Einars Benediktssonar á Pétri Gaut.¹¹ Heimir lýsir bragarhætti frumtextans: ljóðlínum með fastri tölu bragliða þar sem „skiptast í sífellu á tvíliðir, þríliðir og jafnvel fjórliðir“.¹² Hann velur vissa kafla, alls 214 vísuorð, sem hann greinir nákvæmlega (í Viðauka I), frumtexta jafnframt þýðingu, og vekur m.a. athygli á „afbrigðilegum bragliðum (tvöföldum forlið eða fjórlið)“. Hvort tveggja er algengt hjá Ibsen, miklu síður hjá Einari. „Tvíkvæður forliður er notaður 54 sinnum í frumtexta, 11 sinnum í þýðingu.“ „Fjórliðir teljast koma fyrir 39 sinnum í frumtexta, e.t.v. einu sinni í þýðingunni.“ Niðurstaða: „Þannig er svo að sjá sem fjórliðurinn, eitt sérkennilegasta bragð Ibsens til að gera tal persónanna eðlilegt, eigi mjög örðugt uppdráttar í formfestu íslenska textans“.¹³ Dæmið, sem Heimir vísar til um fjórlið í þýðingu Einars, er í þessari ljóðlínu:

sem | *elding fyrir* | auga! | Er það | rétt?¹⁴

Eins og Heimir bendir á orkar atkvæðafjöldi víða tvímælis í þýðingunni þar sem Einar kann að reikna með brottfalli lokasérhljóða. En hann myndi tæplega skrifa „fyrir“ fullum stöfum nema hann ætlist til að bæði atkvæðin séu heyrnleg, og er þetta þá raunverulegur fjórliður. Mjög hlýtur sú hrynjandi þó að vera Einari ótöm úr því svo nærri lætur að hann útrými henni úr texta þar sem hún er svo áberandi á frummálinu.

¹⁰ Helga Kress, „Mannsbarn á myrkri heiði. Um samband listar og þjóðfélags í kvæði eftir Snorra Hjartarson“. *Tímarit Máls og menningar* 42, 2 (1981), bls. 142–152; þetta bls. 146.

¹¹ Heimir Pálsson, „*Peer Gynt*“ *Henriks Ibsens og „Pétur Gautur“ Einars Benediktssonar*, óbirt cand.mag.-ritgerð í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands 1969.

¹² Bls. 68.

¹³ Bls. 94.

¹⁴ Henrik Ibsen, *Pjetur Gautur. Leikrit í ljóðum* (þýð. Einar Benediktsson), Reykjavík, Sigurður Kristjánsson, 1922, bls. 188.

III

Í rannsóknarsögunni finn ég sem sagt fjórliðum aðeins bregða fyrir, en þá sem afbrigði eða undantekningu, alls ekki sem hluta af reglubundnu bragmynstri líkt og ég þóttist sjá hjá sr. Friðriki. Og vissulega þarf meira til en annarlega stuðlasetningu á tveimur stöðum í einum kirkjusálmi til að ryðja til rúms nýrri gerð bragliða í íslenski bragfræði. En tilefnin eru fleiri.

Ég hef síðan í bernsku kunnað (eða haldið ég kynni) vísu sem rifjast upp fyrir mér á þessa leið:

Komir þú á bæ þar sem kaffi er ekki á borðum
og kunnirðu ekki við að biðja um það með orðum,
stattu þá hjá húsfreyjunni um stund án þess að tala
og strjúktu henni um bakið – og þá fer hún að mala.

Vísan er reyndar til í ýmsum tilbrigðum og reynist, þegar að er gáð, vera eftir Vestur-Íslendinginn Guttorm J. Guttormsson, heita hvorki meira né minna en *Trú á sigur hins góða* og hljóða svo:¹⁵

Komir þú í hús þar sem kaffi er ekki á borðum,
kunnirðu' ekki vel við að biðja um það með orðum,
stattu þá hjá frúnni um stund án þess að tala,
strjúktu á henni bakið og þá fer hún að mala.

Hér getum við byrjað á tvíliðagreiningu:

Komir | þú í | hús þar ...

Nú er óhjákvæmilegt að reikna með samsettri línu; annars verður hún bæði of löng – sex bragliðir – og of langt á milli stuðlanna.

Komir | þú í | hús þar || sem | kaff' er | ekk' á | borðum

Þetta getur gengið, kallar að vísu á einhvers konar afbrigðareglur um stuðlasetningu þar sem tvær samsettar línur stuðla saman. Svona hef

¹⁵ *Vestan um haf. Ljóð, leikrit, sögur og ritgerðir eftir Íslendinga í Vesturheimi* (útg. Einar H. Kvaran og Guðmundur Finnbogason), Reykjavík, Menningarsjóður, 1930, bls. 152.

ég samt ekki skynjað vísuna þegar ég lærði hana úr því ég gat ímyndað mér „há húsfreyjunni“ í stað „há frúnni“; það myndi raska hrynjandi samsettu línunnar. Ég hef fremur skynjað hana einhvern veginn svona:

Komir þú í | *hús þar sem* | **kaff' er ekk' á** | borðum,
kunnir' ð' ekki | *vel við að* | **biðj' um það með** | orðum,
stattu þá hjá | *frúnni um* | **stund án þess að** | tala,
strjúkt' á henni | *bakið og* | **þá fer hún að** | mala.

Hér eru fjórliðir feitletraðir, þríliðir skáletraðir, og reynist hrynjandin nákvæmlega sú sama í hverri línu. Frávik í munnlegu geymdinni, bæði í minni gerð og ýmsum sem finna má á netinu, varða einkum forliði, en þeir eru engir í frumgerðinni, og svo þríliðina í lágkveðu sem ýmist lengjast („húsfreyjunn' um“) eða styttest („við að“). Alveg eins og í sálmi sr. Friðriks hefur fjórliðagreiningin þann kost að gera einfalda grein fyrir stuðlasetningunni. Hún er þá rétt eins og í hverri annarri fjögurra bragliða línu.¹⁶

Og ef ekki eru fjórliðir, hvernig byrjar þá braglína eins og þessi:

Fýkur yfir hæðir og frostkaldan mel

–? Hér er það Jónas sem kveður,¹⁷ hann sem jafnan beitir bragforminu af svo hnitmiðaðri smekkvísi að fordæmum hans má jafna til goðsvara í bragfræðinni. Hættir Jónasar eru ýmist með bundnum atkvæðafjölda (og þá jafnan sniðnir eftir erlendum háttum) eða sveigjanlegum, og sveigjunni þá beitt af sem mestri fjölbreytni. Til dæmis yrkir Jónas kaflann úr *Hulduljóðum*, „Smávinir fagrir“, með hrynjandi tvíliða en þó þrenns konar frávikum. Algengasta tilbrigðið er þríliður í fyrsta sæti („Smávinir fagrir, foldarskart“) og má það kallast grunngerð ljóðlínunnar, líka koma fyrir forliðir („því allt um lífið vitni ber“) og þríliðir í öðru sæti („brekkusóley, við mættum margt“). Öll tilbrigðin felast í

¹⁶ Þessi greining bitur ekki á allar línur sem fljótt á litið eru of langar til að stuðla saman tvær og tvær. Þegar Guðmundur Friðjónsson byrjar kvæði sitt, *Ekkjan við ána*, á línunni: „Hví skyldi eg ekki reyna að byrja Braga full,“ þá dugir ekki að greina „byrja Braga“ sem fjórlið og láta hann bera báða stuðlana. Fremur mætti líta á „skyldi eg ekki“ sem fjórlið; það myndi hvergi í ljóðinu rekast á stuðlasetningu. Jafngilt væri að reikna sex bragliði í línu, tölusetja þá: 1 – 0 – 2 – 3 – 4 – 5 og setja svo stuðlana eins og núll-liðurinn sé ekki til.

¹⁷ Til hægri verka eru ljóðlínur Jónasar hér afritaðar af vef Netútgáfunnar: <http://www.snerpa.is/net/kvaedi/jonas.htm>.

því að bæta einu léttu atkvæði við tvíliðataktinn.¹⁸ Í hverri einustu línu kemur eitthvert þeirra fyrir, stundum tvö (seinni þríliðurinn þá á einum stað í þriðja sæti: „finn ég yður öll í haganum enn“) og á einum stað öll þrjú („sem lifandi guð hefur fundið stað“), alls átta afbrigði af hrynjandi línunnar.

Kvæðið *Móðurást* yrkir Jónas með þríliðum aðallega. Línurnar eru af tveimur gerðum, fjórir og þrír bragliðir, og hljóma svona án tilbrigða:

Auganu | hverfur um | heldimma | nótt
vegur á | klakanum | kalda

Einnig hér er hrynjandinn sveigjanleg þótt ekki gæti þess í hverri línu. Þrívegis er bætt við forlið:

Hún | orkar ei | áfram að | halda

Jafnoft er bætt léttu atkvæði við fyrsta bragliðinn:

Fýkur yfir | hæðir og | frostkaldan | mel
Sofa vil ég | líka þá | skelfingar|nótt
Fýkur yfir | hæðir og | frostkalda | leið

– sem þar með er *óhjávæmilega fjórliður*. Tvíliðagreining: „Fýkur | yfir ...“ – myndi fjölga bragliðum og rjúfa samsvörun þessara lína við aðrar í kvæðinu, auk þess sem of langt yrði milli stuðla.

Hér var hrynjandi Jónasar býsna föst: 40 línur þar sem aðeins sex eru lengdar og þá um eitt létt atkvæði hver. Áþekk eru hlutföllin í erfi-ljóði hans eftir Bjarna Thorarensen. Fyrstu línurnar sýna háttinn án tilbrigða, en hann er órímaður og sérkennilega fjaðurmagnaður, byggður á þríliðum og með forlið í b-línunni:

Skjótt hefur | sól brugðið | sumri,
því | séð hef ég | fljúga
fannhvíta | svaninn úr | sveitum
til | sóllanda | fegri

¹⁸ Þetta er eins og hrynjandi Passíusálmanna flestra, hins vegar þveröfugt við aðferð Einars Benediktssonar sem oft yrkir með löngum þríliðalínunum en kallar fram tilbrigði með því að stytta einstaka þríliði niður í tvílið, einkum í seinni hluta línunnar.

Einnig hér á skáldið til að rjúfa hina föstu forskrift með því að auka við léttum atkvæðum. Einu sinni sem forlið, og þá með því að tvöfalda hinn reglulega forlið:

hrafnaþing kolsvart í holti
fyrir | haukþing á | bergi

Hins vegar þrisvar með því að bæta atkvæði í fyrsta liðinn, gera þrílið að fjórlið:

Sofinn er nú | söngurinn | ljúfi
Glaðir skulum | allir að | öllu
Floginn ertu | sáll til | sóla

Í síðasta dæminu er tvíliður („sáll til“) á eftir fjórliðnum, líkt og næsti liður styttist til mótvægis við lengingu þess fyrsta.

Í þessu kvæði eru 40 línur og aðeins þessar fjórar með frávikum í bragliðagerð. Þau tilbrigði eru sem sagt síst meiri en í *Móðurást*. Hún er hins vegar miklu taktfastara kvæði á þann mælikvarða hve þétt þríliðirnir fylgja áherslum málsins, auk þess sem rímið undirstrikar hin háttföstu hendingaskil. Í erfiljóðinu verður hrynjandinn hægari og óræðari, svífandi frekar en hraðstreym, ekki vegna þess að svo víða sé breytt út af atkvæðafjölda heldur vegna þess hvernig þríliðirnir gefa kost á aukaáherslu. Oft á mið-atkvæðið: „sól *brugðið*“, „fann*hvíta*“, „sól-*landa*“, „hauk*þing* á“. En einnig lokaatkvæðið: „hrafna*þing*“ – og þó allra helst í línu sem hér var ekki vitnað til: „og hryggð á *þjóð*-brautum“. ¹⁹

Fáir af háttum Jónasar leyfa þvílíka sveigju í atkvæðafjölda og sá sem hann tekur eftir Heine og notar sérstaklega í ljóðaflokknum *Annes og eyjar*, tólf ljóð með tólf línur hvert. Með reglulegum línur er hátturinn svona:

Tíbrá frá | Tinda|stóli
titrar um | rastir | þrjár.

¹⁹ Þessi síðasta lína ber svip af fornum kveðskap, sýnir hrynmynstur sem vel er þekkt úr dróttkvæðum hætti, og hefur Jónas vafalaust hugsað þetta sem eins konar hrynræna tilvísun til fornskáldanna. Hitt held ég sé aftur á móti tilviljun að fjórliðirnir þrír hafa allir áhersluatkvæði sem hjá fornskáldunum hefði verið stutt („*sofinn*“, „*gladri*“, „*floginn*“) og þess vegna kallað á aukaatkvæði.

Margt sér á | miðjum | firði
Mælifells|hnjúkur | blár.

Sem sagt þrír bragliðir í línu, lokaliðurinn á víxl eitt og tvö atkvæði, þríliður fremst og tvíliður í milli. Lokaliðirnir breytast aldrei en hinir eru afar sveigjanlegir. Mið-liðurinn er iðulega lengdur í þrílið. Þá ber alloft við að fyrsti liðurinn styttest á móti; sú línugerð er einhöfð í heilu erindi:

Veit ég | áður hér | áði
einka|vinurinn | minn.
Aldrei | ríður hann | oftar
upp í | fjallhagann | sinn.

Þetta er þó engin regla. Línan getur hæglega byrjað á tveimur þríliðum. Auk þess er nokkuð um að hún byrji á forlið, hvort sem honum fylgir þríliður + tvíliður („í hamarinn svartan inn“), tvíliður + þríliður („og þoka sígur um sjóinn“), tveir tvíliðir („þar verpir hvítur örn“) eða jafnvel, þó sjaldgæft sé, tveir þríliðir („og egginn velta öll oní grjótið“ – les „velt öll oní“).

Hér er þó ekki öll sagan sögð. Fyrir kemur að línan byrjar á tvöföldum forlið:

fyrir | Ólafs|víkur|enni

Einnig í eftirfarandi línupari eins og sjá má af ljóðstöfunum (undirstrikuðum):

mér er | sem ég | sjái hann | Gísla
og hann | séra | Ólaf | minn

Hér er það eðlilegt mótvægi að á eftir tvöföldum forlið fylgja tvíliðir, ekki þríliðir. Og svo kemur það líka fyrir í þessum ljóðum að fyrsti liðurinn sé lengdur upp í fjórlið:

dapur situr | daga | langa
Austast fyrir | öllu | landi
Úti fyrir | Fáskrúðs|firði

Sé litið á þessar línur einar sér geta þær sýnst byrja á tveimur tvíliðum en í samhengi ljóðanna hljóta þær að vera þrír bragliðir eins

og allar hinar.²⁰ Auk þess væri hin síðasta ofstuðluð ef „fyrir“ væri bragliður.

Um Jónas er þá niðurstaðan sú að hann yrki að vísu hvergi með bundnum eða reglubundnum fjórliðum; hins vegar sé fjórliður ein þeirra aðferða²¹ sem honum eru tiltækar þar sem hann kýs að yrkja með sveigjanlegri hrynjandi.

IV

Hér hefur verið rætt um rétta fjórliði eingöngu, eða rétta þríliði aukna einu léttu atkvæði. Þegar ég var að byrja að punkta hjá mér þessar athuganir og nefndi þar við samkennara minn, Þórð Helgason, spurði hann af bragði hvort mig vantaði ekki líka dæmi um öfugan fjórlið.²² Sem hann hafði á reiðum höndum:

Það var um kvöld | eitt að Köt|u ég mætt|i,
hún var að kom|a af eng|unum heim

Hér er það sérstaklega höfuðstafurinn, „koma“, sem gerir ljóst að línan verður að byrja á þremur léttum atkvæðum, sem sagt á *þreföldum forlið* eða *öfugum fjórlið*. Hvorugt er nú neinn heimagangur í íslenskum brag, en hér yrkir skáldið (Sigurður Ágústsson frá Birtingaholti) undir sönglagi og lætur lagið ráða hættinum. Það sama gerir sr. Friðrik í sálminum sem rætt var um hér í upphafi. Kannski hefði hvorugum dottið í hug að nota svona bragliði í ljóði sem þeir hefðu ort til lestrar. En þegar þeir yrkja til söngs og stuðla eftir áherslum sönglagsins,²³ þá láta þeir sig a.m.k. hafa það að beita fjórliðum.

²⁰ Í þessum hætti Jónasar er enginn vafi að fjölbreytnin felst í tilbrigðum frá grunnmynstri þar sem bragliðafjöldinn er óhagganlegur. Þegar hrynjandi er enn sveigjanlegri verður álitamál hvort hægt er að skipta ljóðlínunum í bragliði, hvað þá fastan fjölda bragliða. *Jólasveinavísur* Jóhannesar úr Kötlum eru dæmi um hrynjandi sem er svo frjálst að varla er rétt að tala um bragliði, aðeins tvö til þrjú misjafnlega skýrt aðgreind áhersluatkvæði í hverri línu (oftar þrjú í a-línunni en jafnvel það er engin föst regla).

²¹ Þær eru fjórar. Tvær þeirra, (a) víxl tví- og þríliða og (b) óreglubundinn forliður, mega kallast hefðbundnar, tíðkast t.d. í rímnaháttum; hinar tvær, (c) tvöfaldan forlið og (d) fjórlið fyrir þrílið, er nær að kalla, eins og Heimir Pálsson gerir, óreglulega bragliði.

²² Þórður vissi hvað mér kom, hafði stundum rætt við mig um bragarhætti og vissi að ég hneigist til að greina öfuga liði þar sem hann sér fremur forlið eða forliði.

²³ Það er oft álitamál hvernig söngtexti á að þjóna tveimur herrum, bragarhætti og sönglagi, t.d. hvort á að reikna það hákveður sem þyngsta áherslu fá eftir takti

V

Niðurstaða mín er þá þessi:

Tilbrigðin í hrynjandi Jónasar fela óhjákvæmilega í sér fjórliði þar sem hann lengir reglulegan þrílið um eitt atkvæði. Þeir er ekki algengir í kveðskap hans, en nógu tíðir þó til þess að vera örugglega hluti af hans meðvituðu braglist, sambærilegir við það hvernig hann notar í vissum bragarháttum tvöfalda forliði.

Úr því ekki er hægt annað en nota fjórliði við greiningu á tilbrigðum í brag, þá er rétt að gera líka ráð fyrir reglubundnum fjórliðum í dæmum eins og bent var á frá sr. Friðriki og Sigurði í Birtingaholti. Þeir yrkja undir sönglögum, og þar sem lagið kallar á þrjú létt atkvæði í röð virðast þau öll tilheyra sama braglið, fjórlið (réttum eða öfugum). Prófsteinn á þá greiningu er einkum stuðlasetningin:²⁴ hvort hún lýtur þá venjulegum reglum, m.a. þeim sem takmarka stuðlun á lágkveður.

Vísa Guttorms J. Guttormssonar er enginn söngtexti. Hún er hins vegar dæmi um það, sem færðist í vöxt þegar kom fram á 20. öld, að braglínur stuðli saman tvær og tvær þó þær séu of langar til að skiptast í allt að fimm tví- eða þríliði. Sé aðeins liðið á þessa einu vísu er einfaldast, úr því hvort eð er þarf að reikna með fjórliðum sem bragfræðilegum möguleika, að beita þeim og skipta hverri ljóðlínu þá aðeins í fjóra bragliði. Ég geri hins vegar alls ekki ráð fyrir að sú lausn sé einhlít til greiningar á þessum löngu línun; þar er rannsóknarefni sem bíður spennt eftir lausn.

lagsins. Davíð Stefánsson orti eftir pöntun undir sönglagi: „Þú komst í hlaðið á hvítum hesti, / þú komst með vor í augum þér.“ Höfuðstafurinn sýnir að stuðlarnir verða að vera „komst“ og „[kv]ítum“. Aukastuðlunum „hlaðið – hesti“ tekur skáldið ekki mark á því þeir standa í lágkveðum, gilda ekki sem stuðlar. Í söng fellur samt þyngri áhersla á „hlaðið“ en „komst“.

Eða athugum þá tíðsönglu ljóðlínu: „Höfuð, herðar, hné og tær.“ Hún er reyndar ofstuðluð hvernig sem á er liðið. En hvort væri réttara að bæta úr því með: „Höfuð, herðar, kálfar, tær“ eða „Höfuð, axlir, hné og tær“? Ég teldi fyrri kostinn a.m.k. jafngildan því að í söng er þetta „hööööfuð“ svo langt að mér finnst hálfpartinn að það teygist bæði yfir há- og lágkveðu; þá verður „herðar“ hákveða en „hné og“ lágkveða. En þetta hefði Davíð víst metið á hinn veginn.

²⁴ Ekki hef ég hugmynd um hvernig hægt er að rannsaka bragliðaskipan í útlendum kveðskap þar sem ekki er við neinar stuðlunarreglur að styðjast.

Leiðréttingar við 7. og 8. hefti Sónar

7. hefti

Leiðréttingar við greinina Ástir Hjálmars hugumstóra og Ingibjargar, bls. 65–131:

Á bls 68, 9. línu segir að Bólu-Hjálmar hafi búið „alla sína tíð í Skagafirði.“ Þar á að standa „lengst af í Skagafirði.“

Á bls. 69, 13. línu segir að Magnús Hj. Magnússon hafi búið „víða við Ísafjarðardjúp.“ Þar á að standa „víða á norðanverðum Vestfjörðum.“

Á bls. 69 og 125 er Símon Dalaskáld sagður Björnsson. Sjálfur nefndi Símon sig alltaf Bjarnarson og svo munu samtíðarmenn hans hafa gert og þykir rétt að halda því hér til haga.

Á bls. 89, 11. línu hefur misritast nafn Ólafs Ásgeirssonar og hann þar nefndur Ásgrímsson þótt í næstu línu fyrir neðan sé nafnið rétt.

Á bls. 111, 2. og 3. línu stendur „Þóreyjarnúpi á Vatnsnesi“. Rétt er „Þóreyjarnúpi í Línakradal“.

Á bls. 112, 21.–22. línu stendur „dróttkvæðum hætti“ en á að vera „hrynhendum hætti“.

Í Eftirmælum eftir Hjálmar Hugumstóra eftir Guðrúnu Þórðardóttur, bls. 133–137, stendur á bls. 135, í 2. línu 19. vísu „fögrum beitr skjóma“ og í 4. línu 20. vísu „grunda sörva öllum“. eru þeir leshættir samkvæmt aðalhandriti, Lbs 2402 8vo, en ljóst má vera að leshættir í Lbs 1881 8vo og Lbs 2129 4to eru réttari en þau handrit hafa bæði „fögrum beitti skjóma“ og „grundum sörva öllum“.

8. hefti

Nokkrar villur hafa slæðst inn í greinina Thekla leggur land undir fót, í 8. hefti, bls. 71–89.

Á bls. 72, 4. línu stendur: „Und singt“ í stað „Und sie singt“ og í lokalínu síðara erindis á sömu síðu stendur „und geliebt“ í stað „und geliebet“.

Á bls. 76, 3. línu stendur einnig „und geliebt“ í stað „und geliebet“ og í 9. línu á sömu síðu stendur „Lass rinnet“ í stað „Lass rinnen“.

Á bls. **78**, 19. línu stendur „nicht beschossen“ í stað „nicht beschlossen“ og í 20. línu á sömu síðu stendur „nicht geliebt“ í stað „nicht geliebet“.

Á bls. **84**, 16. línu stendur „állvalt“ en er í Ljóðmælum Jóns á Víðimýri ritað „ávalt“.

Greinin, „Smíður bæði á orð og verk“ þáttur af Gísla Gíslasyni Wium beyki og skáldi, er í 8. hefti, bls. **95–101**. Þar segir á bls. **99** að Kristján Kristjánsson frá Illugastöðum hafi gegnt „sýslumansstarfa í Skaftafellssýslu (1845–1852)“. Rétt er að hann mun hafa gengt embætti þar frá 1845–1848.

Ritstjórn þakkar Hannesi Péturssyni fyrir vökulan yfirlestur og ábendingar um villur.